


skoðun 12

## Sigurjón og Cage saman á ný

*Sigurjón Sighvatsson er á góðri leið með að landa Nicolas Cage í sína næstu mynd.*

fólk 38



## 2 SÉRBLÖÐ

í Fréttablaðinu

Allt

Vorverkefni





# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

ÞRIÐJUDAGUR

4. maí 2010 — 103. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


### Eigum enn langt í land



*Félag heyrnarlausra er 50 ára.*

tímamót 14

### Ísbjörn raunhæfur möguleiki



*Forstöðumaður Húsdýragarðsins segir vel raunhæft að ísbjörn geti þrifist þar.*

fólk 31



### Afturelding í efstu deild

*Afturelding tryggði sér í gær sæti í N1-deild karla í handbolta eftir sigur á Gróttu.*

íþróttir 34

### veðrið í dag




**LÉTTIR TIL SUÐAUSTANLANDS**

Í dag verður hæglætisveður víðast hvar. Vestan- og norðvestantil verður skýjað og súld á stöku stað en suðaustan- og austanlands léttir heldur til. Ágætlega hlýtt í veðri.

veður 4

# Ráðherra og dómarar segja nýtt millidómstig aðkallandi

**Dómskerfið er að springa, segir formaður rannsóknarnefndar Alþingis. Hann kveður á ábyrgð hins opinbera að stofna millidómstól. Dómsmálaráðherra lagði sjálfur til millidómstig árið 2008 og vill skoða málið.**

**DÓMSMÁL** Brýnt er að stofna sérstakan millidómstól, meðal annars til að takast á við málaferli tengd bankahruninu, segja lögspekingar. Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra tekur undir þetta og segir tímabært að huga að málinu.

Páll Hreinsson, hæstaréttardómari og formaður rannsóknarnefndar Alþingis, sagði á málstofu lögmanna á föstudag að flest uppgjörsmál eftir bankahrunið myndu enda hjá dómstólum landsins. „Í líkingamáli má kannski orða þetta svo að eftir eldgos bankahrunsins í jöklum mammons sé því að rísa risaflóðbylgja dómsmála,“ sagði Páll og benti á að eini „viðlagaundirbúningur“ hins opinbera til að mæta flóðbylgjunni sé sá að bæta við fimm héraðsdómurum. Þeir verða skipaðir á næstu dögum.

Páll vísaði til þess að Ingibjörg Benediktsdóttir, forseti Hæstaréttar, sagði í febrúar að besta lausnin væri að stofna millidómstól. Helgi I. Jónsson, dómstjóri í Héraðsdómi Reykjavíkur, lagði einnig áherslu á millidómstól á málstofunni. Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari og Eiríkur Tómasson lagaprófessor sögðust báðir styðja millidómstig.

Páll sagði að vegna málafjölda gæti Hæstiréttur ekki beitt heimild til að fá til sín vitni í sakamálum. Sum mál enduðu því eins og borðtennisleikur milli Hæstaréttar og héraðsdóms. „Við þessu verður að bregðast í tíma á ábyrgan hátt. Samkvæmt stjórnskipun okkar liggur ábyrgðin og frumkvæðið í reynd hjá hæstvirtum dóms- og mannréttindamálaráðherra og Alþingi að bregðast við í tíma á þeim vanda sem við okkur blasir,“ sagði Páll.

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra var formaður nefndar sem haustið 2008 lagði til við þáverandi dómsmálaráðherra að tekið yrði upp millidómstig með að lágmarki sex dómara. Ráðuneytið sendi í byrjun síðustu viku Hæstarétti og dómstólaráði erindi og spurði hvort þar væri talin þörf á því að huga að álagi á dómsvaldið. Ragna segir svör ekki hafa borist.

„En þessi umræða kallar á að við tökum þessa tillögu og hugum að því hvort það sé gerlegt að koma á millidómstigi. Ekki bara vegna þess að það séu mörg mál á leiðinni heldur líka með tilliti til mannréttinda upp á milliliðalausa sönnunarfærslu,“ segir dómsmálaráðherra. - gar



**HINGAÐ Í SÆLUNNAR REIT** Svo orti Jónas Hallgrímsson um Þingvelli. Tæpum tveimur árum síðar eru Íslendingar enn minntir á þau sannindi að allt er í heiminum hverfult og spyrja hvort við höfum gengið götuna til góðs. En landið er þó enn fagurt og frítt, eins og þessir gestir við Þingvallavatn sannreyndu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ragna Lóa Stefánsdóttir:

## Boðið í raunveruleikaþátt

**FÓLK** Rögnu Lóu Stefánsdóttur hefur verið boðið að taka þátt í breskum raunveruleikaþætti. Ragna Lóa segist hins vegar ekki vera búin að gera það upp við sig hvort hún ætli að hleypa sjónvarpsmönnum inn í líf sitt og fjölskyldu sinnar.



RAGNA LÓA STEFÁNSDÓTTIR

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst eiga þættirnir að vera umfangsmiklir og er hugmyndin sú að fylgjast með daglegu lífi hennar. Ragna Lóa var um árabil ein fremsta knattspyrnukona landsins en hún býr nú í Portsmouth ásamt eiginmanni sínum, landsliðsfyrirliðanum Hermanni Hreiðarssyni. - fgg / sjá síðu 38

Heitt vatn rann undan Gígjökli í gær undan hrauninu og aska berst til Írlands:

# Írar banna flug í dag vegna öskuskýs

**ELDGOS** Yfirvöld á Írlandi ákváðu í gær að banna flugumferð nú í morgun í að minnsta kosti sex klukkustundir vegna þess að fyrirsjáanlegt væri að aska bærist þangað frá Eyjafjallajökli.

Að sögn Óla Þórs Árnasonar, veðurfræðings á Veðurstofu Íslands, hefur verið stöðugur gangur í gosinu í Eyjafjallajökli undanfarna daga. Í gær rann heitt vatn niður úr Gígjökli og urðu tveir starfsmenn Jarðvísindastofnunar fyrir vægri eitrun vegna gasáhrifa.

Óli Þór sagði í gærkvöldi að þótt Írar hefðu ákveðið að loka á flugumferð vegna þess að vindar bæri ösku frá Íslandi þangað yfir væri magnið miklu minna en á upphafsdögum gossins. Bæði kæmi miklu minni aska úr gosstöðinni og eins næði gosmökkurinn aðeins um sextán þúsund feta hæð miðað við þrjátíu þúsund fet áður og askan bærist því ekki viðlíka langt og áður. „Þótt þetta berist suður með vesturströnd Írlands ættu til dæmis Færeyjar að sleppa,“ sagði Óli Þór.

Eydís Eiríksdóttir, sérfræðingur hjá Jarðvísindastofnun, lýsti því í fréttum Stöðvar 2 og á Vísi að nærri hefði liðið yfir hana þegar hún fór með Þorsteini Jónssyni, tæknimanni stofnunarinnar, til að taka sýni við lónið í Gígjökli í gær. Þau vöruðu í kjölfarið fréttamenn og kvikmyndatökumenn á svæðinu við hættunni af varasömum eiturgufum. Talið er að nú berist um 50 tonn af hrauni á sekúndu úr eldstöðinni. - gar







**SPURNING DAGSINS**



*Valdís, þurftirðu að toga í marga spotta?*

„Já, ég togaði í marga spotta og kom einum hrafni fyrir í tónlistarhúsinu.“

Valdís Viðarsdóttir, forstöðumaður Menningarmiðstöðvarinnar í Listagili, hefur hannað hrafna sem blaka vængjunum þegar togað er í spotta.

Dómsmálaráðherra segir dómara hafa ríkar heimildir til að stýra réttarhöldum:

# Mun skoða handtökurnar í dómsal

**DÓMSMÁL** Uppákoman í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir helgi, þar sem tveir voru handteknir í dómsal eftir að hafa neitað að yfirgefa hann að kröfu dómara, verður skoðuð í dómsmálaráðuneytinu. Þetta segir Ragna Árnadóttir, dómsmála- og mannréttindamálaráðherra.

Ragnar Aðalsteinsson, verjandi eins þeirra nímenninga sem verið var að rétta yfir fyrir árás á Alþingi, hefur sagt að mannréttindi hafi verið brotin á þeim sem lögregla bar út úr dómsalnum enda skuli réttarhöld vera opin öllum. Ragnar sendi í kjölfarið bréf á dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur og ráðherra þar sem hann krefst þess að svona nokkuð komi aldrei fyrir aftur.



**SKOÐAR MÁLIÐ** Ragna Árnadóttir segir að þeir sem telja að lögreglan hafi brotið á sér eiga að kæra það. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ragna áréttar að dómari stýri þinghaldi og hafi til þess ríkar heimildir. „En ráðuneytið mun skoða málið eins og lagaheimildir leyfa,“ segir hún. „Til að afla gagna í málinu mun dómsmálaráðuneytið senda erindi lögmannsins til embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til umsagnar. Auk þess munum við óska eftir því að vera upplýst um viðbrögð dómstjóra héraðsdóms við erindinu.“

Ragna bendir að lokum á það að þeir sem telji að lögreglan hafi brotið gegn sér eigi að beina kærum sínum til ríkissaksóknara. - sh

Samningur undirritaður:

# Nýtt hjúkrunarheimili rís

**FÉLAGSMÁL, AP** Þeir Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, og Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, hafa undirritað samning um að nýtt hjúkrunarheimili verði reist á Völlunum í Hafnarfirði.

Stefnt er að því að heimilið verði tilbúið til notkunar árið 2012 og þar verði 60 hjúkrunarrými. Bærinn mun leggja heimilinu til lóð og annast hönnun og byggingu þess, en ráðuneytið mun greiða Hafnarfirði hlutdeild í húsaleigu í fjörutíu ár, og verður það metið sem ígildi stofnkostnaðar. - gb



**SKIPTI UM SKYRTU** Lögregla vill ná tali af manni, sem mynd náðist af. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Árásin á Times-torgi:

# Yfirlýsingu talibana ekki trúað

**BANDARÍKIN, AP Lögreglan í Bandaríkjunum leggur engan sérstakan trúnað á yfirlýsingu frá pakistanskri talibanahreyfingu, sem sagðist bera ábyrgð á sprengjuárás á Times-torgi í New York.**

**Sprengjan hefði getað valdið miklu tjóni ef sprengibúnaður hennar hefði ekki klikkað, þegar henni hafði verið komið fyrir á torginu á laugardagskvöld.**

**Lögregluyfirvöld vilja ná tali af manni, sem sást í öryggismyndavélum skipta um skyrtu skammt frá árásarstaðnum. Einnig var eigandi sendibifreiðar yfirheyrður.** - gb

**GRINDAVÍK**

### Hundrað störf skapast

Grindavíkurbær og Carbon Recycling International skrifuðu í gær undir samning um byggingu á sambyggðri jarðvarma- og eldsneytisverksmiðju að Eldvörpum við Grindavík. Í tilkynningu kemur fram að verksmiðjan muni framleiða allt að hundrað milljón lítra af eldsneyti og að hundrað störf muni skapast.

# Mávar átu skarfahræ ætluð örnum í Flóa

**Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks í Árborg segir það ógna lífríki í fuglafriðlandi í Flóa að leggja þar út skarfahræ fyrir erni. Hann gagnrýnir einnig fulltrúa Vinstri grænna fyrir að sitja beggja vegna borðs í samningum við sveitarfélagið.**

**UMHVERFISMÁL** Eyþór Arnalds, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Árborg, gagnrýnir uppbygginguí fuglafriðlandi við Ölfusá og að sett skuli hafa verið út hræ af skörfum til að fóðra erni.

„Það er furðulegt að raska ró fuglafriðlandsins með því annars vegar að dreifa þar fuglshræjum til að lokka erni í varplandið og hins vegar með því að reisa þar kaffihús og leggja út í malbikunarframkvæmdir,“ segir Eyþór.

Nýlega gerði Árborg nýjan samning við Fuglavernd um umsjón með friðlandinu í Flóa og uppbyggingu þar. Jóhann Óli Hilmarsson, formaður félagsins, hafnar algerlega fullyrðingum Eyþórs um að framkvæmdirnar eða það að leggja út æti fyrir erni raski lífríkinu í friðlandinu. Þær séu aðeins „pólitískt moldviðri“ í aðdraganda kosninga.

„Ég held að hann ætti að einbeita sér að sellóinu bara og láta það í friði sem hann hefur ekki hundsvit á og veit ekkert um og er að blaðra um eins og vitleysingur úti um allar jarðir,“ segir Jóhann Óli sem kveður alvanalegt að ernir séu fóðraðir. Það sé víða gert þegar harðindi séu mest á vetrum.

> Ég held að hann ætti að einbeita sé að sellóinu bara og láta það í friði sem hann hefur ekki hundsvit á og veit ekkert um og er að blaðra um eins og vitleysingur út um allar jarðir.
>
> **JÓHANN ÓLI HILMARSSON** FORMAÐUR FUGLAVERNDAR OG VARAMAÐUR Í UMHVERFISNEFND ÁRBORGAR.

Jóhann segist sjálfur hafa lagt út skarfahræin með félögum sínum og hann hafi oft gert það áður. Það hafi þó ekki borið tilætlaðan árangur í þetta skipti heldur eingöngu laðað að sér hrafna og máva. Hætt sé að bera æti í ernina áður en varp annarra fugla hefst. Hann hafi ætlað að vera búinn að fjarlægja skarfahræin fyrir vígslu nýs fuglaskoðunarhúss. „En það kom þarna eitthvert fólk degi of snemma og sá þetta – annars hefði aldrei neinn vitað af þessu,“ segir hann.

Eyþór gagnrýnir einnig að Jóhann Óli, sem fulltrúi Vinstri grænna í umhverfisnefnd Árborgar, hafi setið beggja vegna borðsins í samningum sveitarfélagsins og Fuglaverndar, þar sem Jóhann er formaður eins og fyrr segir. Jóhann sat fund umhverfisnefndar þegar samningur Árborgar við Fuglavernd var samþykktur. „Mér finnst alltaf heppilegra að menn víki sæti þegar fjallað er um mál sem eru þeim tengd,“ segir Eyþór.

Jóhann segir það aðeins hafa verið hugsunarleysi hjá sér að sitja fundinn þegar samningurinn var samþykktur. „Ég var kallaður þarna inn sem varamaður á einn fund. Þessi samningur er búinn að vera tilbúinn í þrjú ár og hann var ekkert ræddur efnislega á þessum fundi,“ ítrekar Jóhann.

gar@frettabladid.is



**HAFÖRN** Þó að ernir verpi ekki á flatlendinu í fuglafriðlandinu í Flóanum lögðu velunnarar þeirra í Fuglavernd út æti fyrir þá síðla vetrar.



**YVO DE BOER** Fráfarandi loftslagsstjóri Sameinuðu þjóðanna. NORDICPHOTOS/AFP

Yvo de Boer ekki bjartsýnn:

# Enginn samningur á árinu

**ÞÝSKALAND, AP Yvo de Boer, fráfarandi loftslagsstjóri Sameinuðu þjóðanna, segir enga von til þess að nýr alþjóðasamningur um loftslagsmál verði að veruleika á þessu ári.**

**Á fyrirhugaðri ráðstefnu í Mexíkó í desember verði einungis hægt að leggja línurnar um takmörkun á útblæstri gróðurhúsalofttegunda.**

**„Eftir það getum við farið að taka ákvörðun um samning,“ sagði hann á fundi loftslagsfræðinga í Þýskalandi í gær.**

**Á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í desember síðastliðnum tókst ekki að ná samkomulagi.** - gb

Fíkniefnastríðið í Mexíkó:

# Fimm myrtir á knattspyrnuleik

**MEXÍKÓ, AP** Vopnaðir menn óku upp að fótboltavelli í borginni Acapulco í Mexíkó fyrrinótt og skutu fimm manns sem voru þar að leik. Mennirnir fimm létu lífið samstundis, en talið er að árásin tengist átökum fíkniefnagengja sem staðið hafa yfir þar í landi misserum saman.

Ekki er vitað hvers vegna mennirnir voru að spila fótbolta svo seint um kvöld, en á þessum slóðum er hiti oft það mikill að fólk bíður fram á nótt til að æfa íþróttir eða sinna störfum. - gb


IFÖ INNRÉTTING

TENGI

EINFALDAR Í UPPSETNINGU - KOMA SAMSETTAR!



Tilboðsverð 29.900.-

Gæði, þjónusta og ábyrgð - það er TENGI

www.tengi.is


Olíufélagið BP viðurkennir að hluta ábyrgð á olíulekanum við Mexíkóflóa:

# BP greiðir kostnað við hreinsun

**BANDARÍKIN, AP** Tony Hayward, framkvæmdastjóri olíufélagsins BP, segir að fyrirtækið muni greiða kostnaðinn við að hreinsa upp olíu frá olíuborpallinum Deepwater Horizon, sem sökk í Mexíkóflóa.

„Við berum ábyrgð, ekki á slysinu, heldur á olíunni,“ sagði Hayward. Hann segir að tækjabúnaður í olíuborpallinum hafi bilað og þess vegna hafi olían lekið út. Olían er byrjuð að berast á strandir Mexíkóflóa, en með flotgirðingum og öðrum aðgerðum er reynt að draga úr tjóninu.

Líklegt þykir að olía haldi áfram að streyma úr olíulindinni í að minnsta kosti viku.

Unnið er að því að smíða 74 tonna stál- og steypukassa sem reyna á að láta síga niður á hafsbotninn, en þar eiga þeir að taka við olíunni sem síðan verður leidd úr þeim upp í olíuflutningapramma á yfirborði sjávar.

Þangað til má búast við að nærri fjórar milljónir lítra streymi út í hafið til viðbótar við þær tíu milljónir lítra sem þegar hafa lekið út. - gb



**VEIÐAR BANNAÐAR** Ostruveiðimenn við Mexíkóflóa taka saman búnað sinn. NORDICPHOTOS/AFP

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

# Tyrkland og gríska Eyjahafið

## 10–11 nátta ferðir í allt sumar



TYRKLAND

# Bodrum

Vinsælasti sólarstaðurinn á Tyrklandi

Bodrum er einn allra vinsælasti sólarstaðurinn á vesturströnd Tyrklands við Eyjahaf þar sem sólin skín nánast allt árið um kring. Freistandi baðstrendur, fyrsta flokks þjónusta og gnægð veitingastaða og verslana.

## Tyrkland ódýrast!

Hvergi ódýrara að lifa á sólarstöðum sumarið 2010

**Möguleiki á léttgreiðslum**




### Eken ★★★

Eken er einkar vinalegt hótel með rúmgóðum og snyrtilegum herbergjum sem öll eru loftkæld og með svölum. Í garðinum eru sundlaugar þar sem börnin geta leikið sér í barnalaug.

**Verð frá 137.491 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2–12) í 11 nætur 29. júní. ALLT INNIFALIÐ, líka loftkæling. Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli 155.866 og 15.000 Vildarpuntar.

*Verð án Vildarpunkta 147.491 kr.

GRIKKLAND

# Kos

Eyja hinna ánægðu

Grísk paradísareyja, skammt frá vesturströnd Tyrklands, í gríska Eyjahafinu. Friður, fjör, veðursæld, heillandi þorp og stórfenglegar minjar frá gullöldum grískrar menningar.




### Sun Palace ★★★★

Frábært hótel sem var algjörlega endurnýjað árið 2008 og byggt upp samkvæmt nýjustu straumum og stefnum. Útkoman er virkilega huggulegt og nýtískulegt hótel þar sem allt er innifalið.

**Verð frá 173.950 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2–12 ára) í tvíbýli í 9 nætur á Kos og 1 nótt í Bodrum 10. júlí. Allt innifalið, líka loftkæling.

* Verð án Vildarpunkta 183.950 kr.

Þökkum frábærar viðtökur!

## Flugáætlun

| | |
|---|---|
| 29. maí | Uppselt |
| 08. júlí | Örfá sæti laus |
| 19. júní | Nokkur sæti laus |
| 29. júní | Nokkur sæti laus |
| 10. júlí | Laust |
| 20. júlí | Laust |
| 31. júlí | Uppselt |
| 10. ágúst | Uppselt |
| 21. ágúst | Nokkur sæti laus |
| 11. september | Laust |
| 18. september | Örfá sæti laus |
| 29. september | Örfá sæti laus |
| 06. október | Nokkur sæti laus |

Ótal fleiri gistimöguleikar á VITA.is

Upplifðu tvo menningarheima í sömu ferðinni | Í boði eru samsettir pakkar þar sem hægt er að dvelja hluta tímans í Tyrklandi og hluta á Kos.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 50184 04/10

## GENGIÐ 03.05.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,14 | 128,76 |
| Sterlingspund | 195,45 | 196,41 |
| Evra | 169,52 | 170,46 |
| Dönsk króna | 22,773 | 22,907 |
| Norsk króna | 21,572 | 21,700 |
| Sænsk króna | 17,643 | 17,747 |
| Japanskt jen | 1,3612 | 1,3692 |
| SDR | 193,11 | 194,27 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

226,6555

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Svipaður stuðningur við Ármann Kr. Ólafsson og Gunnar I. Birgisson í Kópavogi:

# Flestir vilja Guðríði sem næsta bæjarstjóra

**KÖNNUN** Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi, nýtur mests stuðnings í embætti bæjarstjóra, samkvæmt könnun Fortuna sem gerð var fyrir Samfylkinguna í Kópavogi. Alls sögðust 27,5 prósent þeirra sem þátt tóku í könnuninni styðja Guðríði.

Ármann Kr. Ólafsson, oddviti sjálfstæðismanna, nýtur samkvæmt könnuninni stuðnings 20,9 prósenta Kópavogsbúa. Litlu færri vilja Gunnar I. Birgisson sem næsta bæjarstjóra í Kópavogi. Gunnar, sem er þriðji maður á lista Sjálfstæðisflokksins, nýtur stuðnings sautján prósenta. Ármann og Gunnar háðu harðvítuga baráttu um fyrsta sætið á lista Sjálfstæðisflokksins fyrir kosningarnar.

Um níu prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni nefndu Ólaf Þór Gunnarsson, oddvita Vinstri grænna í Kópavogi, og 4,3 prósent nefndu Ómar Stefánsson, oddvita Framsóknarflokksins.

Rúmlega 17 prósent nefndu aðra og tæplega fjögur prósent vildu ópólitískan bæjarstjóra.

Um var að ræða netkönnun sem stóð yfir dagana 16. til 21. apríl. Úrtak könnunarinnar voru 800 manns á kosningaaldri, valdir úr þjóðskrá. Spurt var: Hver telur þú farsælast að verði næsti bæjarstjóri í Kópavogi? Svarhlutfall í könnuninni var 61,8 prósent. **- bj**



GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON



GUNNAR I. BIRGISSON

15 þúsund öryrkjar 2009:

## Geðraskanir helsta orsökin

**HEILBRIGÐISMÁL** Geðraskanir eru algengasta orsök örorku á Íslandi. Af um fimmtán þúsund einstaklingum sem metnir eru með yfir 75 prósenta örorku voru 37 prósent haldnir geðröskunum í fyrra. Þar á eftir fylgja stoðkerfissjúkdómar.

Mun fleiri konur en karlar eru öryrkjar, en um níu þúsund konur eru með yfir 75 prósent örorku en sex þúsund karlar. Algengasta orsökin á meðal kvenna eru stoðkerfissjúkdómar, árið 2009 voru rúmlega 3.100 konur öryrkjar af þeim völdum, en tæplega 3.100 voru með geðraskanir.

Hjá körlum eru geðraskanir langalgengasta orsök örorku, rúmlega 2.600 voru öryrkjar af þeirra völdum í fyrra. Næst fylgja stoðkerfissjúkdómar, sem voru orsök örorku rúmlega 1.000 manns. **- sbt**

## SKÁK

### Anand enn með forystu

Jafntefli varð í gær í sjöundu skákinni í heimsmeistaraeinvíginu milli Viswanathans Anand og Veselins Topalov. Tefld var Katalónsk byrjun. Topalov var með svart og fórnaði skiptamun í byrjuninni og úr varð æsileg barátta sem endaði með jafntefli. Anand er því enn með vinning í forskot.

## LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær var rangt farið með nafn stigahæsta ræðumanns í mælsku- og rökræðukeppni grunnskóla Reykjavíkur og nágrennis, MORGRON. Stigahæsti ræðumaðurinn var Ásdís Kristjánsdóttir. Þá voru ummæli Ásdísar í viðtalinu eignuð rangri manneskju: „Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt og margt sem maður hefur lært, ekki bara að halda ræður og koma fram heldur er keppnin góð æfing í rökhugsun þar sem maður þarf að kryfja allt til mergjar.“

# Samið við Má um að launin lækkuðu ekki

**Gert var samkomulag við Má Guðmundsson um að hann myndi njóta sömu kjara og forveri hans í embætti seðlabankastjóra. Tillaga þar um liggur fyrir bankaráði. Formaður kjararáðs telur tillöguna byggða á glufu í lögum.**

**STJÓRNSÝSLA** Má Guðmundssyni var heitið því að hann myndi njóta sömu kjara og forveri hans þegar hann sótti um embætti seðlabankastjóra síðastliðið vor.

Áður en hann var skipaður í embætti lá fyrir að lögum um Seðlabankann yrði breytt og kjararáði falið að ákveða laun og starfskjör seðlabankastjóra í stað bankaráðs.

> Það var um það rætt að svona hefði verið gengið frá málum við hann og ég er ekki að gera annað en að fylgja því eftir.
>
> LÁRA V. JÚLÍUSDÓTTIR FORMAÐUR BANKARÁÐS SÍ

Morgunblaðið upplýsti í gær að Lára V. Júlíusdóttir, formaður bankaráðs Seðlabankans, hefði lagt til að Má yrði bætt upp kjararýrnun í kjölfar ákvörðunar kjararáðs frá í febrúar. Samkvæmt tillögunni hækka laun hans um 400 þúsund krónur á mánuði, úr þeim tæpu 1.270 þúsund krónum sem kjararáð ákvað í tæpar 1.670 þúsund krónur.

„Það er verið að efna samkomulag sem gert var við Má Guðmundsson þegar hann kom til starfa,“ segir Lára V. Júlíusdóttir. Hún vildi ekki upplýsa hver gerði samkomulagið af hálfu stjórnvalda en vísaði á forsætisráðuneytið. „Það var um það rætt að svona hefði verið gengið frá málum við hann og ég er ekki að gera annað en að fylgja því eftir.“



**MÁR GUÐMUNDSSON SEÐLABANKASTJÓRI** Kjararáð ákvað í febrúar að seðlabankastjóri ætti að fá 862 þúsund á mánuði auk 404 þúsund króna fyrir yfirvinnu og álag. Um leið voru bílahlunnindi hans færð inn í launin en áður hafði Seðlabankinn lagt bankastjóranum til bíl og greitt allan kostnað af rekstri hans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra vildi ekki ræða málið við Fréttablaðið í gær en sendi frá sér orðsendingu þar sem hún segir að engin loforð eða fyrirheit hafa gefið um væntanleg launakjör seðlabankastjóra. Í orðsendingunni kom líka fram að Jóhanna leggist gegn launahækkuninni.

Seðlabankinn heyrði undir forsætisráðuneytið þar til í haust þegar hann færðist undir efnahags- og viðskiptaráðuneytið.

Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, tók í sama streng og Jóhanna í samtali við Fréttablaðið. Kvaðst hann vonast til að tillagan yrði dregin til baka.

Tillaga Láru um launahækkun er sett fram í krafti lagaákvæðis um að bankaráðið ákveði bið- og eftirlaunarétt seðlabankastjóra „og önnur atriði sem varða fjárhagslega hagsmuni hans“.

Að mati Guðrúnar Zoëga, formanns kjararáðs, er með þessu verið að „notfæra sér glufu í lögunum“ eins og hún orðaði það. Vildi líka lagaákvæði sé ekki að finna í lögum um aðrar stofnanir.

Bankaráð Seðlabankans fundar undir lok mánaðarins. Lára V. Júlíusdóttir sagði aðspurð að svo kunni að fara að tillagan um launahækkun verði dregin til baka áður en til fundarins kemur. **bjorn@frettabladid.is**



**HU JINTAO OG VLADIMÍR PÚTÍN** Báðir á listanum. NORDICPHOTOS/AFP

Fréttamenn án landamæra:

## Fjörutíu óvinir fréttafrelsis

**FRAKKLAND, AP** Alþjóðlegu samtökin Fréttamenn án landamæra hafa sett Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, og Hu Jintao Kínaforseta á lista sinn yfir helstu óvini fjölmiðlafrelsis.

Á listanum eru 40 stjórnmálamenn, embættismenn, trúarleiðtogar, herflokkar og glæpasamtök sem „geta ekki þolað fjölmiðla, líta á þá sem óvini sína og ráðast beint á fréttamenn“.

Af öðrum á listanum í ár má einnig nefna Mahmoud Ahmadinejad Íransforseta og Robert Mugabe, forseta Simbabve. **- gb**

Fundið að drætti á ákæru:

## Hótaði lögreglumönnum lífláti

**DÓMSMÁL Karlmaður sem hótaði fimm lögreglumönnum ítrekað lífláti í ágúst 2008 hefur verið dæmdur í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi. Maðurinn, sem er á þrítugsaldri, hótaði lögreglumönnunum í lögreglubifreið á leið frá veitingastað við Tryggvagötu að lögreglustöðinni við Hverfisgötu og í fangamóttöku lögreglustöðvarinnar. Hann játaði brot sitt.**

**Rannsókn málsins og útgáfa ákæru dróst og taldi héraðsdómur það aðfinnsluvert. Með vísan til þess taldi dómurinn að eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi væri hæfileg refsing. - jss**






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**HÆGVIÐRI** Hæðasvæði suður af landinu sér okkur fyrir hægum vindi og mildu veðri næstu daga. Í fyrramálið má búast við vætu V-lands en úrkomusvæðið færir sig norðaustur á bóginn er líður á daginn. Á fimmtudag er útlit fyrir bjart og milt veður víðast hvar.





**Á MORGUN** 3-8 m/s, S-læg eða breytileg átt.

**FIMMTUDAGUR** Hægviðri en 6-13 m/s, NV-til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 14° |
| Berlín | 16° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 11° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 28° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 8° |
| París | 12° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is

# BIKINÍ-ÁSKORUN
# Í 28 DAGA



## Taktu áskorun og vertu í þínu allra besta formi í sumar. Vertu léttari á þér, léttari í lund, sterkari og flottari!

**Innifalið:**

- Þjálfun og mataræði tekið í gegn
- Sérhannað æfingakerfi sem miðar að því að komast úr stöðnun og tryggja að þú komist í þitt allra besta form
- Auka æfingaáætlun til að tryggja þátttakendum hámarksárangur
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Dagleg hvatning, fróðleikur og aðgangur að uppskriftum frá Ágústu Johnson á lokuðu heimasvæði inni á www.hreyfing.is
- Sérstakt mataræði sem er byggt upp á sama hátt og vinsælt er hjá Hollywood stjörnum sem þurfa að koma sér í toppform fyrir rauða dregilinn –við tryggjum að það er heilsusamlegt og skynsamlegt!
- Mælingar – vigtun og fitumælingar – fyrir og eftir
- Kvöldstund í Blue Lagoon spa

**HEFST 10. MAÍ**

Mánudaga og miðvikudaga kl. 20.15
og laugardaga kl. 11.00
Verð 22.900 kr.

Leiðbeinendur:
Guðbjörg Finnsdóttir og Ágústa Johnson



**Mótaðu líkama þinn á mettíma fyrir sumarið með Strive 1,2,3.**

4-vikur – 2x í viku.
Aðeins 40 mín í senn.
**Fyrir konur og karla.**



## Árangur / 20+

**Komdu út úr vítahringnum – 8 vikna námskeið**

Nýttu þér áratuga reynslu okkar og losnaðu við aukakílóin fyrir fullt og allt. Námskeið fyrir konur sem vilja losna við 20kg+. Námskeiðið samanstendur af gönguferðum, léttri leikfimi, fyrirlestrum, fræðslu, stuðnings- og aðhaldsfundum, vigtun og fitumælingum. Tölvupóstur með stuðningi og fræðslu 5x í viku og aðgangur að lokuðu heimasvæði á www.hreyfing.is með uppskriftum frá Ágústu Johnson. Þú eykur orku þína, þrek og vellíðan til frambúðar. Nánari lýsingu á námskeiðinu finnur þú á www.hreyfing.is.

Forgangsraðaðu, settu þig í fyrsta sæti.

Hefst 10. maí.
Verð 29.900 kr.

Mánudaga og miðvikudaga kl. 18.30 og laugardaga kl. 9.15.
Umsjón: Ásrún Ólafsdóttir

## Árangur / HRAÐFERÐ

Styrktarþjálfun í Strive 1,2,3 er tækni sem kemur þér í toppform á mettíma.
Hámark 16 manns í hóp – mikið aðhald og eftirfylgni.
Ein áhrifaríkasta og virkasta styrktarþjálfunarleið í heimi sem er notuð af bandaríska hernum sökum þess hve hægt er að ná góðum árangri á skömmum tíma.
Festu þér pláss strax í dag.
Skráning á www.hreyfing.is og í síma 414-4000

Hefst 10. maí
Verð 14.900 kr.

Tímar: 07.25 mán .og mið.
17.30 mán. og mið.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

KJÖRKASSINN



*Spilar þú póker?*

| | |
|---|---|
| Já | 16,6% |
| Nei | 83,4% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Þekkir þú til tryggingasvika?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga kaus sér nýkjörinn stjórnarmann sem formann:

# Sitja áfram þrátt fyrir ályktun um vantraust

**LÍFEYRISSJÓÐIR** Stjórnarmenn í Lífeyrissjóði verkfræðinga ætla ekki að verða við áskorun aðalfundar sjóðsins sem lýsti vantrausti á sex af sjö stjórnarmönnum og skoraði á þá að segja af sér.

Á aðalfundi fyrir tveimur vikum var samþykkt ályktun um að lýsa vantrausti á stjórn sjóðsins síðastliðin starfsár. Skorað var á stjórnarmenn að segja af sér og boða til nýs aðalfundar til að kjósa nýja stjórn.

Stjórnarmenn sjóðsins eru kosnir til þriggja ára í senn. Á aðalfundinum í ár var einn maður kosinn í sjö manna stjórn til þriggja ára. Sá heitir Bjarki Á. Brynjarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar hjá Askar Capital, og var hann kosinn formaður á fyrsta fundi eftir aðalfund.

Ingólfur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðsins, sagði að enginn stjórnarmaður hefði orðið við áskorun aðalfundar um að segja af sér.

Hins vegar hefur nýja stjórnin boðað til sjóðfélagafundar 21. maí þar sem fjallað verður um afskriftir og og eignasafn sjóðsins og aðgerðir sem gripið var til í tengslum við hrunið. Gerð verður grein fyrir „tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins, endurskoðuðum eigna- og áhættustýringarreglum og framtíðarstefnu nýrrar stjórnar,“ segir á vef sjóðsins. - pg



**SKERÐING** Aðalfundur lífeyrissjóðs verkfræðinga samþykkti nýlega að skerða greiðslur til lífeyrisþega. Einnig var samþykkt með eins atkvæðis mun vantraust á stjórnarmenn og áskorun til þeirra um að segja af sér.



**MAHMOUD AHMADINEJAD** Íransforseti í ræðustól hjá Sameinuðu þjóðunum. NORDICPHOTOS/AFP

Íransforseti á kjarnorkufundi:

## Engar sannanir komið fram

**BANDARÍKIN, AP** Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti segir Bandaríkin ekki hafa fært neinar sönnur á ásakanir um að Íranir hafi í hyggju að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

Ahmadinejad sagði þetta í ræðustól hjá Sameinuðu þjóðunum í New York, þar sem í gær hófst mánaðarlöng ráðstefna 189 aðildarríkja alþjóðasamnings um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna.

Ahmadinejad er eini þjóðarleiðtoginn sem mætir á ráðstefnuna, sem haldin er á fimm ára fresti til að fara yfir efnisatriði samningsins. - gb

ALÞINGI

### Fundað um skýrsluna

Þingmannanefndin sem fer yfir skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur saman í dag til þess að fara yfir hana. Á fundinn mæta einnig nefndarmenn sem forsætisráðherra skipaði til að fara yfir stjórnsýsluna. Þá verður fundað með lögspekingum.

# Gísli Marteinn og Illugi auglýstu mest

**Illugi Gunnarsson auglýsti mest allra í dagblöðum fyrir prófkjörin í Reykjavík í aðdraganda þingkosninganna 2007. Gísli Marteinn Baldursson er efstur á blaði ef skoðaðar eru auglýsingar vegna borgarstjórnarkosninganna árið áður.**

**STJÓRNMÁL** Illugi Gunnarsson og Gísli Marteinn Baldursson auglýstu mest allra í prófkjörunum tveimur sem fram fóru í Reykjavík árin 2006 og 2007. Þetta má sjá af samantekt Creditinfo á blaðaauglýsingum frambjóðenda Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar fyrir þessar kosningar.



ILLUGI GUNNARSSON



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON

Þar er reiknað út hversu margir dálksentimetrar af auglýsingum birtust, og það umreiknað í heilsíðuígildi.

Samantektin fyrir þingkosningarnar nær aðeins til prófkjöra frambjóðenda í Reykjavík. Sjálfstæðismenn raða sér þar í níu efstu sætin, en efsti Samfylkingarmaðurinn er Kristrún Heimisdóttir, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

Fyrir borgarstjórnarkosningarnar birti Gísli Marteinn Baldursson samtals 12,7 heilar síður af auglýsingum í dagblöðum. Næstur honum kom Steinunn Valdís Óskarsdóttir með 10,1. Áréttað skal að tölurnar taka einungis til frambjóðenda Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar.

Þær segja heldur ekki alla söguna. Auglýsingar eru misdýrar eftir stærð þeirra, í hvaða blöðum þær birtast og staðsetningu í blöðunum, auk þess sem auglýst var víðar, til dæmis í ljósvaka og á skiltum.

Þeir birtingarstjórar sem Fréttablaðið ræddi við í gær áttu erfitt með að slá á meðalverð á dagblaðaauglýsingum á þessum tíma og vildu ekki gefa upp tölur sem þeir þekktu úr starfinu vegna viðskiptahagsmuna. stigur@frettabladid.is

**Alþingiskosningarnar 2007**

| Frambjóðandi | Heilsíðuígildi | Uppgefnir styrkir |
|---|---|---|
| Illugi Gunnarsson | 11,8 | 14,5 milljónir |
| Birgir Ármannsson | 11,3 | 4,3 milljónir |
| Guðlaugur Þór Þórðarson | 11,3 | 24,8 milljónir |
| Guðfinna S. Bjarnadóttir | 9,5 | ekki uppgefið |
| Sigríður Á. Andersen | 9 | ekki uppgefið |
| Sigurður Kári Kristjánsson | 9 | 4,7 milljónir |
| Björn Bjarnason | 7,4 | ekki uppgefið |
| Ásta Möller | 7,3 | ekki uppgefið |
| Dögg Pálsdóttir | 7,2 | ekki uppgefið |
| Kristrún Heimisdóttir | 6,8 | 2 milljónir |
| Steinunn Valdís Óskarsdóttir | 6,2 | 4,7 milljónir |
| Ágúst Ólafur Ágústsson | 5,5 | ekki uppgefið |
| Helgi Hjörvar | 5,3 | 5,6 milljónir |
| Pétur H. Blöndal | 3,8 | ekki uppgefið |
| Össur Skarphéðinsson | 3,1 | 3,6 milljónir |

**Borgarstjórnarkosningarnar 2006**

| Frambjóðandi | Heilsíðuígildi | Uppgefnir styrkir |
|---|---|---|
| Gísli Marteinn Baldursson | 12,7 | 10,4 milljónir |
| Steinunn Valdís Óskarsdóttir | 10,1 | 8,1 milljón |
| Vilhálmur Þ. Vilhjálmsson | 9 | ekki uppgefið |
| Stefán Jón Hafstein | 8,9 | ekki uppgefið |
| Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir | 8,4 | 3,7 milljónir (2,5 úr eigin vasa) |
| Dagur B. Eggertsson | 8,1 | 5,6 milljónir |
| Hanna Birna Kristjánsdóttir | 6,2 | 3,9 milljónir |
| Kjartan Magnússon | 5,3 | 4,4 milljónir |
| Júlíus Vífill Ingvarsson | 5 | nálægt fjórum milljónum |
| Sigrún Elsa Smáradóttir | 4,4 | 1,1 milljón |
| Kjartan Valgarðsson | 4 | 1,4 milljónir |
| Björk Vilhelmsdóttir | 3 | 853 þúsund |
| Bolli Thoroddsen | 2,2 | ekki uppgefið |
| Oddný Sturludóttir | 2,1 | 1,9 milljónir |
| Jórunn Frímannsdóttir | 2 | 4,2 milljónir (2,2 úr eigin vasa) |



**ABHISIT VEJJAJIVA** Mótmælendur tóku sér frest til að skoða boðið. NORDICPHOTOS/AFP

Nýtt tilboð frá Vejjajiva:

## Leggur til kosningar í haust

**TAÍLAND, AP Abhisit Vejjajiva, forsætisráðherra Taílands, hefur komið með sáttatilboð til mótmælenda og leggur til að þingkosningar verði haldnar 14. nóvember fallist mótmælendur á tilboðið.**

**Átta vikna stanslaus mótmæli dag og nótt hafa kostað 27 manns lífið, en mótmælendurnir krefjast þess að forsætisráðherrann segi af sér ásamt ríkisstjórn sinni, þing verði leyst upp innan mánaðar og kosningar boðaðar innan tveggja mánaða. Mótmælendur tóku sér frest til að skoða tilboðið.** - gb

Ákvörðun refsingar frestað:

## Verslunarstjóri dró sér fjármuni

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítug kona hefur verið dæmd fyrir fjárdrátt. Hún dró sér rúmlega 160 þúsund krónur meðan hún starfaði sem verslunarstjóri hjá Dominos. Héraðsdómur ákvað að fresta ákvörðun refsingar í tvö ár enda haldi konan almennt skilorð.

Samkvæmt sakavottorði konunnar hefur hún ekki áður gerst sek um refsiverða háttsemi. Hún hefur skýlaust játað brot sitt og fram hefur komið að fjármunirnir komust til skila. Að öllu þessu virtu og vegna dráttar á rannsókn málsins þótti rétt að fresta ákvörðun refsingar. - jss


Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa

*Góður ávöxtunarkostur – einnig í áskrift*




10,2%

ÁRLEG MEÐALÁVÖXTUN*

100% RÍKISTRYGGING

*Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á www.iv.is*

ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri | Sigtún 42 105 Reykjavík
Sími: 460 4700 | www.iv.is | iv@iv.is

*Árleg meðalávöxtun frá 15.01.2001 til 30.04.2010. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu www.iv.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.




SVEFNSÓFAR
GAFLAR
OG BOTNAR
– íslensk framleiðsla



SAGA, ÞÓR
OG VALHÖLL

Heilsudýnur
á frábæru verði.

Queen rúm með botni
frá kr. **99.900**



MARGIR LITIR






FALLEG
SÆNGURVERASETT
Í GJAFAÖSKJU

Chiropractic®

**Amerísku heilsudýnurnar**

Stærstu
Kírópraktorasamtök
heims mæla með
CHIROPRACTIC

STILLANLEG RÚM



IQ-CARE

HEILSUDÝNUR
OG
HEILSUKODDAR

Queen rúm með botni
kr. **179.900**




Svefn & heilsa
★★★★★




**6 mán.
vaxtalausar greiðslur**

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

www.svefn.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hvað heitir snókerspilarinn sem er sakaður um mútuþægni?

2 Hvað heitir olíuborpallurinn sem sökk á Mexíkóflóa 22. apríl?

3 Hvar er heimssýningin EXPO 2010 haldin?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

200 fleiri vilja í skóla á höfuðborgarsvæðinu en rúm er fyrir:

# Flestir tíundu bekkingar vilja í Versló

**NÁM** Verzlunarskóli Íslands er eftirsóttur hjá tíundu bekkingum ef marka má forkönnun menntamálaráðuneytisins. Alls setti 451 nemi skólann í fyrsta sæti en 184 í annað sæti, samanlagt 635 nemendur. Verzlunarskólinn hefur 308 pláss fyrir fyrsta árs nema. Ef lagt er saman fyrsta val nema í framhaldsskólana á höfuðborgarsvæðinu og borið saman við fjölda plássa kemur í ljós að 2.834 setja skóla á höfuðborgarsvæðinu í fyrsta sæti, en plássin þar eru 2.621 og munar þar rúmlega 200. Sigurbjörg Jóhannesdóttir, sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu, segir skýringuna meðal annars vera umsóknir nema utan af landi. Verið sé að leita leiða til að koma til móts við óskir tíundu bekkinga, hugsanlega verði fjármagn flutt á milli skóla. Á landsvísu eru nægilega mörg pláss í framhaldsskólum fyrir tíundu bekkinga.

Nemendur máttu velja tvo skóla en umsóknirnar eru ekki bindandi enda fylgdu ekki einkunnir með, tilgangurinn var að kanna dreifingu umsókna í skóla. Tíundu bekkingar geta svo breytt umsókninni í júní eða látið hana standa.

Á höfuðborgarsvæðinu eru fæstar umsóknir í Framhaldsskólann í Mosfellsbæ, 18 velja hann í fyrsta sæti, 24 í annað en rúm er fyrir 100 nemendur þar. 39 settu Fjölbrautaskólann við Ármúla sem fyrsta val en 140 sem annað en hann tekur við 180 nemendum. Þeir eru einu skólarnir á höfuðborgarsvæðinu sem færri nemendur velja en pláss er fyrir. - sbt

**Vinsælastir**

Þegar skoðaður er fjöldi umsókna í framhaldsskólana samanborið við fjölda plássa munar mestu í MH, 623 sóttu um hann í val eitt og tvö en skólinn hefur 220 pláss. Næstur í röðinni er Kvennaskólinn í Reykjavík, þar sækja 387 fleiri um en pláss er fyrir, svo kemur Menntaskólinn við Sund, þar munar 384 plássum, svo Verzlunarskóli Íslands, þar munar 327 plássum. Fimmti í röðinni er Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, þar munar 297 plássum.


# Húsmæðraorlof
## Gullbringu- og Kjósarsýslu

**Álftanes, Garðabær, Garður, Grindavík, Kjósarhreppur, Mosfellsbær, Reykjanesbær, Sandgerði, Seltjarnarnes, Vogar.**

Rétt til þess að sækja um eftirfarandi ferðir, hefur sérhver kona sem veitir, eða hefur veitt heimili forstöðu, án launagreiðslu fyrir það starf.

Ísafjörður og nágrenni, m.a. Hesteyri....................20. til 22. ágúst.
Tíról.......................................................................9. til 15. september
Aðventuferð til Würzburg......................................3. til 6. desember.

Eftirtaldar konur veita nánari upplýsingar og taka á móti pöntunum í síma á milli kl. 17:00 og 19:00 á virkum dögum frá 4. til 14. maí.

Svanhvít Jónsdóttir.................565 3708
Ína Jónsdóttir.........................421 2876
Guðrún Eyvindsdóttir.............422 7174
Valdís Ólafsdóttir....................566 6635
Sigrún Jörundsdóttir...............565 6551

Orlofsnefndin



Auglýsingasími
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...


Lögregla hitti „góðkunningja":

## Kastaði amfetamíni í gólfið

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumenn á Akranesi áttu erindi við einn af „góðkunningjunum" um helgina og voru staddir í anddyri íbúðar sem hann býr í er þeir veittu athygli tveimur litlum pakkningum sem hann hafði kastað á gólfið. Reyndist vera amfetamín í báðum og við húsleit sem gerð var í framhaldinu fannst þriðja pakkningin. Maðurinn var færður til yfirheyrslu og viðurkenndi hann að eiga efnin og sagði þau hafa verið ætluð til eigin neyslu. Annar maður var svo handtekinn aðfaranótt sunnudags með lítilræði af amfetamíni í fórum sínum. - jss

Tveir slösuðust:

## Bifhjólaslys varð við Múla

**LÖGREGLUMÁL Bifhjólaslys varð á Biskupstungnabraut við Múla um klukkan tíu í fyrrakvöld.**

**Ökumaður bifhjólsins missti stjórn á því með þeim afleiðingum að það fór út fyrir veg þar sem það hafnaði á hliðinni. Farþegi var á hjólinu og var hann ásamt ökumanni fluttur með sjúkrabifreið á slysadeild Landspítala. Ekki er ljóst með meiðsli en þau munu þó ekki alvarleg, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Selfossi.** - jss



**RAFORKA** Landsvirkjun er tilbúin til að greiða kostnað við vatnsveitu í Flóahreppi, og telur það hluta af mótvægisaðgerðum vegna fyrirhugaðrar Urriðafossvirkjunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Eðlilegra væri að fá að kjósa um virkjun

**Flóahreppur þarf að greiða allt að 300 milljónir króna fyrir vatnsveitu samþykki sveitarstjórn ekki Urriðafossvirkjun. Ekki lýðræðislegt að semja svona mánuði fyrir kosningar, segir frambjóðandi.**

**FLÓAHREPPUR** Sveitarstjórn Flóahrepps hefur skuldbundið hreppinn til að greiða vel á þriðja hundrað milljóna króna fyrir vatnsveitu verði Urriðafossvirkjun ekki sett á aðalskipulag hreppsins.

„Okkur finnst þetta hreinlega ekki lýðræðislegt," segir Svanhvít Hermannsdóttir. Hún skipar fyrsta sætið á lista T-framboðsins, sem er andvígt Urriðafossvirkjun. „Það sem vekur fyrst og fremst undrun okkar er að þetta skuli vera keyrt í gegn mánuði fyrir kosningar, og án allrar umræðu."

Urriðafossvirkjun er eitt af stóru kosningamálunum í hreppnum, og segir Svanhvít að eðlilegt hefði verið að leyfa íbúum að kjósa um stefnu sveitarfélagsins í þeim málum.

Forsvarsmenn Flóahrepps og Árborgar undirrituðu samning um vatnveitu 26. apríl síðastliðinn. Í samningnum, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, kemur fram að hann er óuppsegjanlegur. Komist andstæðingar virkjunarinnar til valda eftir kosningar verða þeir annaðhvort að samþykkja Urriðafossvirkjun eða greiða kostnaðinn við vatnsveituna að fullu.

Vatnsveitan verður hluti af mótvægisaðgerðum Landsvirkjunar vegna Urriðafossvirkjunar. Komist virkjunin á aðalskipulag mun Landsvirkjun því greiða allan kostnað við vatnsveituna. Vatnið mun koma frá Árborg, en vatnsskortur hefur verið í Flóahreppi á þurrkaköflum síðustu sumur.

Þar kemur fram að framkvæmdir verði á þessu ári og því næsta. Kostnaður við vatnsveituna verður 117 milljónir króna á þessu ári. Aðalsteinn Sveinsson, oddviti Flóahrepps, segir að kostnaður á næsta ári verði svipaður, og heildarkostnaður því á bilinu 200 til 300 milljónir króna.

Þetta eru háar fjárhæðir fyrir 600 manna sveitarfélag, segir Svanhvít. Hún vill að rannsakað verði til hlítar hvort hægt sé að bora eftir köldu vatni í sveitarfélaginu og spara með því mikið fé.

Aðalsteinn segist ekki viss um að hægt hefði verið að afla sveitarfélaginu vatns með ódýrari hætti, í það minnsta ekki með jafn góðum og öruggum hætti.

Spurður hvers vegna svo umdeild ákvörðun sé tekin aðeins mánuði fyrir kosningar segir Aðalsteinn að örlögin hafi einfaldlega hagað málum þannig. Til hafi staðið að ljúka málinu fyrr, en það hafi ekki tekist.

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur enn ekki staðfest samninginn, en hann verður tekinn fyrir á fundi annað kvöld. brjann@frettabladid.is




# INNRÉTTINGAR OG HREINLÆTISTÆKI VORTILBOÐ!

## STURTUhorn
Hert öryggisgler Sturtubotn og vatnslás fylgja




STÆRÐIR: 80x80 og 90x90

til afgreiðslu af lager




**HNOTA**, baðinnrétting með vaski* 140 x 48 cm **105.000** stgr*







Svört baðinnrétting með vaski* 145 x 48 cm **110.500** stgr*

Svört baðinnrétting með vaski* 92 x 48 cm **63.000** stgr*




**WC**, upphengt, sjálfberandi innbyggingarkassi með öllu hvítur sturtuhnappi og mjúklokun **35.900** stgr




**WC**, stútur í gólf, 14 cm í mitt gat mjúklokandi seta **21.000** stgr




**WC**, stútur í vegg, mjúklokandi seta **19.900** stgr



### BOGA HVÍTIR

| | |
|---|---|
| 700 x 450 mm | 7.500.- STGR |
| 700 x 500 mm | 8.450.- STGR |
| 800 x 450 mm | 9.250.- STGR |
| 800 x 500 mm | 10.350.- STGR |
| 970 x 450 mm | 11.200.- STGR |
| 970 x 500 mm | 11.900.- STGR |
| 1120 x 550 mm | 12.700.- STGR |
| 1200 x 500 mm | 13.500.- STGR |
| 1200 x 550 mm | 14.300.- STGR |
| 1320 x 500 mm | 14.900.- STGR |
| 1450 x 500 mm | 15.900.- STGR |
| 1500 x 550 mm | 16.700.- STGR |
| 1600 x 500 mm | 17.500.- STGR |
| 1760 X 500 mm | 22.900.- STGR |

### BOGA KRÓM

| | |
|---|---|
| 700 x 450 mm | 12.700.- STGR |
| 760 x 550 mm | 15.900.- STGR |
| 800 x 500 mm | 16.700.- STGR |
| 800 x 550 mm | 17.500.- STGR |
| 1000 x 500 mm | 19.900.- STGR |
| 1120 x 550 mm | 21.500.- STGR |
| 1200 x 550 mm | 22.900.- STGR |
| 1320 x 500 mm | 23.900.- STGR |
| 1450 x 500 mm | 26.300.- STGR |
| 1500 x 550 mm | 27.900.- STGR |
| 1600 x 500 mm | 30.900.- STGR |

## HANDKLÆÐAOFNAR







Svört baðinnrétting með vaski* 145 x 48 cm **93.150** stgr*

**Eik**, baðinnrétting með vaski* 100 x 48 cm **74.940** stgr*

*SPEGLAR OG BLÖNDUNARTÆKI SELT SÉR

* Verð með 40% afslætti

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR — KRÝSUVÍK - hjálp til heilbrigðis

**INNRÉTTINGAR & TÆKI** - fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



**HUNDUR MEÐ HATT** Á gæludýrasýningu í Makuhari í Japan um helgina var þessum hundi stillt upp fyrir myndatöku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bretar búa sig undir meirihlutalaust þing eftir kosningarnar á fimmtudag:

# Atkvæðaveiðar í hámarki

**BRETLAND, AP** Flokksleiðtogarnir David Cameron, Nick Clegg og Gordon Brown þeyttust um Bretland í gær til að afla flokkum sínum atkvæða. Þingkosningar verða á fimmtudag.

Þeir notuðu hvert tækifæri til að skjóta hver á annan. Þannig sagði Clegg að Cameron hefði sýnt af sér ólýsanlegan hroka þegar hann sagðist sigurviss um helgina, en Cameron svaraði í gær og sagðist ekki taka neitt gefið í þeim efnum.

Gordon Brown forsætisráðherra viðurkenndi að hann væri að berjast fyrir pólitísku lífi sínu í þessum kosningum sem færu fram í skugga efnahagshruns.

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun, sem dagblaðið Guardian birti í gær, er Íhaldsflokki Camerons spáð 33 prósent atkvæða, en Verkamannaflokkur Browns og Frjálslyndir demókratar Nicks Cleggs eru jafnir með 28 prósent atkvæða.

Verkamannaflokkurinn hefur verið með 345 þingsæti á kjörtímabilinu sem er að ljúka, en til þess að fá meirihluta á þingi þarf 326 þingsæti af 650.

Allt stefnir í að enginn flokkanna þriggja nái hreinum meirihluta á þingi, sem þýðir að Clegg kemst í lykilstöðu. Hann getur sett skilyrði fyrir stjórnarsamstarfi og tekið boði þess flokks sem fellst á fleiri af stefnumálum frjálslyndra. - gb



**CAMERON HLEYPUR** David Cameron, leiðtogi breska Íhaldsflokksins, var ekkert að fela sig fyrir ljósmyndurum þegar hann brá sér út að skokka í gær. NORDICPHOTOS/AFP




Hver veit?

Við vitum aldrei hvað dregur á daga OKKAR. Því er gott að vita að það séu traustar undirstöður til staðar þegar við þurfum á þeim að halda.

4% barna fötluð eða langveik

Á Íslandi eru um 4% barna fötluð eða langveik. Þessir einstaklingar gætu þurft að lifa við lágmarksbætur frá Tryggingarstofnun ríkisins frá 18 ára aldri s… 100% örorku tæpum 1… króna á mánuði (nóvemb… það fé er ungu fólki ætla… þaki yfir höfuðið og lifa… það sem eftir er ævinna… vegna …ndum …. Fyrir …ma sér …u lífi …ur því augaleið að fjárhagsleg staða þeirra sem ekki geta fullnýtt tækifæri sín til menntunar eða þátttöku á vinnumarkaði er afar bág. Möguleikar til að standa á eigin fótum í fjárhagslegu tilliti eru í raun engir. Við áfall sem leiðir til örorku blasir ávallt við nýr raunveruleiki. Eigi barn eða ungmenni í hlut, stendur fjölskyldan öll frammi fyrir nýjum verkefnum og álagi. Fjármál heimilisins eru þar engin undantekning.

Hvað ef...

okkar

fyrir "efin" í lífinu

Ef þú ættir gæs sem verpir gulleggjum, hvort væri skynsamlegra að tryggja eggin eða gæsina? Gæsina að sjálfsögðu, þar sem hún verpir gulleggjunum og … teknanna. Ísle… tryggja gulleg… bílinn en all… …tta að …ið, að tryggja uppsprettu teknanna, þá sjálfa.

Líf og ábyrgð einstaklinga breytist og það er mikilvægt að tryggingarvernd þín taki mið af því.

Hafir þú gengið í hjónaband, keypt stærra húsnæði eða orðið foreldri, þarf að huga að tryggingaverndinni. Sýndu ábyrgð og kannaðu hvort hlutirnir eru í lagi hjá þér.





**ÁLFTANES** Sveitarfélaginu Álftanesi hefur verið skipuð fjárhaldsstjórn, einu sveitarfélaga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Álftanes hefur eitt sveitarfélaga tilkynnt um fjárþröng:

# Viðvörun send til níu sveitarfélaga

**SVEITARFÉLÖG** Alls hafa níu sveitarfélög fengið viðvörun frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga á síðustu tólf mánuðum. Þetta kemur fram í svari Kristjáns Möller, ráðherra sveitarstjórnarmála, við fyrirspurn Þórs Saari. Eitt sveitarfélag til hefur verið varað við eftir sömu reglum.

Sveitarfélagið Álftanes er það eina sem hefur tilkynnt um fjárþröng á þessum tíma, en áður hafði Bolungarvíkurkaupstaður gert það. Samningur var gerður um fjárhagslegar aðgerðir við Bolungarvík, en staðan á Álftanesi var svo alvarleg að þar var skipuð fjárhaldsstjórn.

Nefndin hefur sent sjö sveitarfélögum bréf og gert athugasemdir við skuldsetningu þeirra og óskað eftir að fá ársfjórðungslegar upplýsingar úr bókhaldi þeirra. Þá fékk Sandgerðisbær athugasemd frá nefndinni, en ákveðið var að aðhafast ekki frekar að sinni. - kóp




**VEIFAR DÓMNUM** Ujjwal Nikam saksóknari sýnir fjölmiðlum dóminn. NORDICPHOTOS/AFP

Dómur felldur á Indlandi:

# Árásarmaður dæmdur sekur

**INDLAND, AP** Mohammed Ajmal Kasab, eini árásarmaðurinn af tíu sem lifði af, var í gær dæmdur sekur um aðild að hryðjuverkaárásum á Mumbai á Indlandi árið 2008.

Tveir Indverjar, sem ákærðir höfðu verið fyrir að veita árásarmönnunum aðstoð, voru hins vegar sýknaðir.

Kasab gerði ásamt félaga sínum árás á aðallestarstöðina í Múmbaí, þar sem þeir hófu skotárás á fólk.

Alls kostuðu árásirnar á nokkrar helstu byggingar borgarinnar 166 manns lífið. - gb

Verkefnaskortur fyrir vestan:

## HG verður lokað í fjórar vikur

**ATVINNUMÁL** Hraðfrystihúsinu – Gunnvör hf., í Hnífsdal og á Ísafirði, verður lokað í fjórar vikur í sumar. Ástæðan er verkefnaskortur og sumarleyfi. Þetta kemur fram á vefsíðu Bæjarins besta.

Lokunin verður frá 11. júlí til 8. ágúst, en hingað til hefur fyrirtækinu aðeins verið lokað í tvær vikur yfir sumartímann. Einar Valur Kristjánsson framkvæmdastjóri segir í samtali við BB að skortur á aflaheimildum sé frumforsenda lokunarinnar. **- kóp**

Fjármálaráðherra Frakklands gagnrýnir framgöngu matsfyrirtækja í málefnum Grikkja:

## Telur matsfyrirtæki kynda undir skuldavanda

**GRIKKLAND, AP** Christine Lagarde, fjármálaráðherra Frakklands, segir matsfyrirtæki fjármálaheimsins kynda undir skuldavanda Grikkja og ætlar að láta franska eftirlitið fylgjast grannt með þeim.

Í viðtali við franska dagblaðið Le Monde sagði hún að lækkun Standard & Poor's á lánshæfismati gríska ríkisins fimmtán mínútum fyrir lokun markaða jafngildi hvatningu til afbrota, því með þessu eru allir sem eiga grísk ríkisskuldabréf hvattir til að losa sig við þau án umhugsunar áður en markaðir loka.

Í útvarpsviðtali sagði hún nauðsynlegt að setja matsfyrirtækjunum strangar reglur til að koma í veg fyrir að þau valdi ríkjum skaða með skyndiákvörðunum.

Hún varði hins vegar 110 milljarða evra fjárhagsaðstoð til Grikkja, sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og fimmtán Evrópuríki komu sér saman um á sunnudag. Sú fjárhæð jafngildir nærri 19.000 milljörðum íslenskra króna.

Að undanskildum AGS greiða Þjóðverjar stærsta hluta aðstoðarinnar, eða rúmlega 22 milljarða evra. Þýska stjórnin á erfitt með að sannfæra almenning í Þýskalandi um nauðsyn þessa, en á móti þarf gríska stjórnin að kljást við almenning heima fyrir um sársaukafullan niðurskurð á fjárlögum. **- gb**



**LINNULAUS MÓTMÆLI** Í gær voru það sorphirðufólk og borgarstarfsmenn í Aþenu sem mótmæltu launalækkunum og niðurskurði grísku stjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samgöngumiðstöð:

## 100 daga kynningarferli fram undan

**BORGARMÁL „Mál standa þannig að það er beðið eftir borginni og að 100 daga kynning á málinu fari fram," segir Arnar Sigurmundsson, formaður Landssambands lífeyrissjóða, um byggingu samgöngumiðstöðvar í Reykjavík.**

**Framkvæmdir verða fjármagnaðar með lánsfé frá lífeyrissjóðunum. Arnar segir að vonir standi til að kynningarferli fyrir borgarbúa ljúki í sumar. Framkvæmdir geti þá hafist í haust.**

**Ákjósanlegt hefði verið að nýta sumarið til framkvæmda en menn séu að falla á tíma með að hefja framkvæmdir fyrir haustið. Hann segist ekki vilja segja um hvort væntanlegar sveitarstjórnarkosningar tefji málið. - pg**

Færri erlend mál kennd:

## Finnskukennslu við HÍ hætt

**MENNTUN** Finnskukennslu við Háskóla Íslands verður hætt í sumar. Þá lýkur 44 ára samstarfi Háskóla Íslands og CIMO, Alþjóðlegrar miðstöðvar um hreyfanleika og samvinnu.

Finnska stofnunin CIMO hefur stutt við finnskukennslu á Íslandi frá árinu 1966 með því að senda lektor í finnsku til HÍ. Í febrúar 2009 tilkynnti CIMO að sendikennari á þeirra vegum myndi kenna árið 2009–2010, en að því loknu gæti samstarfið haldið áfram að því tilskildu að HÍ stæði straum af auknum hluta kostnaðarins, eða sem næmi launum sendikennara að upphæð þúsund evrur á mánuði, um 170 þúsund krónur íslenskar. Að sögn Óskars Einarssonar, rekstrarstjóra hugvísindasviðs, hefur ekki reynst unnt að afla þess fjár. **- sbt**

# Jarðskjálftamælanet verið byggt upp á tuttugu árum

**Víðtækt samstarf innlendra sem erlendra stofnana tryggir að íslenskir jarðvísindamenn hafa aðgang að öllum bestu gögnum við rannsóknir sínar. Undanfarið hefur mikið magn ganga verið sent hingað frá útlöndum.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hafa íslenskir jarðvísindamenn öll bestu gögn til að sinna rannsóknum og eftirliti?

Samstarf við erlendar stofnanir tryggir að íslenskir vísindamenn hafa aðgang að öllum bestu gögnum til rannsókna vegna jarðhræringa eins og eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi.

Ingibjörg Jónsdóttir, landfræðingur við jarðvísindadeild Háskóla Íslands, segir að jafnan sé keypt töluvert magn gagna, enda annast jarðvísindadeildin vöktun á fjölmörgum náttúrufyrirbærum á Íslandi. Á það við um skorpu og möttul jarðar, eldstöðvar, jarðhitasvæði, jökla og straumvötn auk rannsókna á setlögum á landi og í sjó, gróðurfari og jarðvegseyðingu.

Jarðvísindastofnun er alþjóðleg rannsóknastofnun á sviði jarðvísinda og í góðum tengslum við norrænar systurstofnanir. Sífellt er unnið að eflingu annarra alþjóðlegra tengsla.

Á tímum eldsumbrota segir Ingibjörg að alþjóðleg tengsl séu sérstaklega mikilvæg. „Þegar eitthvað svona kemur upp á njótum við góðs af tengingum okkar við útlönd og til okkar er miðlað mikið af upplýsingum. Það á ekki síst við um fjarkönnunargögn. Þessi gögn eru fjölbreytt og geta sagt ólíka sögu. Það verður því sífellt að bera saman gögn og reyna að nýta það besta úr þeim öllum."

Auk fjarkönnunargagna, eins og til dæmis ljós-, hita- og ratsjármyndir, eru nýttar upplýsingar frá staðsetningartækjum (GPS-kerfi), þenslu- og jarðskjálftamælum. Þar stendur íslenska vísindasamfélagið mjög vel en eins og þekkt er hefur Veðurstofan komið upp neti jarðskjálftamæla á undanförnum árum.

Steinunn Jakobsdóttir, jarðeðlisfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, segir að jarðskjálftamælanet stofnunarinnar hafi verið byggt markvisst upp frá árinu 1989 og GPS-kerfið frá 1999. Einnig er kerfi þenslumæla frá árinu 1979. Alls losa mælarnir hundraðið og



**UM BORÐ Í TF-SIF** Jarðvísindamenn segja að tæknibúnaður um borð í nýrri flugvél Gæslunnar sé bylting. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Veðurstofan hefur verið í samstarfi við erlendar systurstofnanir og sjálfstæðar rannsóknastofnanir við uppsetningu þeirra.

Steinunn tekur fram að auðvitað mætti bæta kerfin enn. Jarðskjálftamæla mætti að ósekju setja upp á annesjum til að kerfið nái til landsins í heild. „Eins væri gott að fá fleiri þenslumæla því þeir hafa til dæmis gefið okkur upplýsingar sem gerðu það kleift að spá Heklugosi með hálftíma fyrirvara. Við hefðum þegið að hafa slíka mæla við jöklana á Suðurlandi núna." svavar@frettabladid.is



**JARÐSKJÁLFTAMÆLINGAR** Þessi skýringarmynd Veðurstofunnar sýnir jarðskjálftavirkni hérlendis vel. Mælakerfið gefur mikilvægar upplýsingar um hreyfingar jarðskorpunnar. MYND/VEÐURSTOFAN

• Hvaða lærdóm getur viðskiptalífið dregið af rannsóknarskýrslu Alþingis?

• Fjárfestingarfélagið Gnúpur – fyrsta fórnarlamb kreppunnar

Markaðurinn

Fylgir Fréttablaðinu einu sinni í mánuði

Næsta blað kemur út á morgun




FRÉTTABLAÐIÐ

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvernig öðlast flokkarnir traust á ný?

# Samstaða um siðbót?

Stjórnmálaflokkarnir eru í kreppu eftir að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis kom út. Það sýna skoðanakannanir, sem birtar voru fyrir síðustu helgi. Í Þjóðarpúlsi Gallup, þar sem fylgi flokkanna á landsvísu var kannað, kom fram að Sjálfstæðisflokkurinn, sem hafði sótt í sig veðrið í skoðanakönnunum, tekur skarpa dýfu. Vinstri græn eru orðin sá flokkur sem nýtur mests fylgis, ásamt Sjálfstæðisflokknum. Samfylkingin og Framsóknarflokkurinn eru á svipuðu róli og í síðustu könnun þar á undan, en Samfylkingin talsvert minni en samstarfsflokkurinn í ríkisstjórn og mikið undir kjörfylginu í síðustu kosningum. Fylgi Hreyfingarinnar, Frjálslyndra og Borgarahreyfingarinnar mælist sáralítið.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Í könnunum Gallup og Fréttablaðsins á fylgi flokka, sem bjóða fram til borgarstjórnar í Reykjavík, kom fram að Bezti flokkurinn er orðinn næststærstur í borgarstjórn og gæti náð inn fjórum fulltrúum.

Allt hlýtur þetta að vera mikið umhugsunarefni fyrir flokkana. Á landsvísu liggur straumurinn til VG, sem er sá stjórnmálaflokkanna sem er sízt tengdur við umfjöllun rannsóknarnefndarinnar um spillingu, vanhæfni og klúður, enda hafði hann ekki setið í ríkisstjórn fyrir hrun. Í borginni er hins vegar annar kostur í boði, grínframboð sem fær nærri fjórðung atkvæða. Þar fær VG tíu prósentustigum minna fylgi en á landsvísu, sem gefur vísbendingu um að óánægja kjósenda beinist ekki aðeins að flokkunum, sem hafa setið í ríkisstjórn undanfarin ár, heldur flokkakerfinu eins og það leggur sig. Ekki er víst að Jón Gnarr og félagar fái endilega fjórðungsfylgi í kosningunum, en hitt er víst að með því að nefna þá senda kjósendur gömlu flokkunum tóninn.

Nú er flokkakerfið sem slíkt ekki endilega úrelt og ónýtt. Gömlu fjórflokkarnir endurspegla ennþá hið pólitíska litróf, frá vinstri til hægri. Það eru vinnubrögðin, sem hafa fengið áfellisdóm. Forystumenn flokkanna hljóta að spyrja hvernig þeir geti öðlazt traust kjósenda á ný.

Þær afsagnir og afsökunarbeiðnir, sem þegar hafa komið fram í kjölfar rannsóknarskýrslunnar, virðast duga skammt. Hugsanlega myndi það hjálpa ef fleiri stjórnmálamenn sem hafa þegið styrki frá stórfyrirtækjum eða verið tengdir við umdeilda viðskiptagerninga, tækju pokann sinn eða færu í frí. Og sjálfsagt myndi það líka hjálpa að embættismenn, sem tengjast flokkunum nánum böndum, gerðu hreint fyrir sínum dyrum.

Aðalatriðið er þó að flokkarnir, allir í sameiningu, ráðist í siðvæðingarátak í íslenzkri pólitík. Grunnur hefur þegar verið lagður að gegnsæi í fjármálum flokkanna. Nú er eftir að taka til endurskoðunar vinnubrögðin í pólitíkinni og stjórnkerfinu í heild sinni. Flokkarnir þurfa að verða sammála um að fækka ráðuneytum og ráðherrum, efla fagmennsku í ráðuneytunum og afnema pólitískar ráðningar. Þeir þurfa að breyta vinnubrögðunum og umræðuvenjunum á Alþingi og styrkja stöðu þess gagnvart framkvæmdarvaldinu. Þeir eiga sömuleiðis að styrkja stöðu og sjálfstæði dómstólanna.

Í þessu stóra verkefni má enginn flokkanna við því að skerast úr leik. Nú er ekki tíminn til að velta af gömlum vana ofan í pólitíska skotgröf.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ritstjórinn fyrrverandi

Í viðtali við Fréttablaðið í gær sagði Guðlaugur Þór Þórðarson að valdamiklir aðilar innan Sjálfstæðisflokksins hefðu hótað að vinna gegn honum ef hann tæki slaginn gegn Birni Bjarnasyni. „Það var fyrrverandi ritstjóri sem gerði það,“ sagði Guðlaugur. „Hann útskýrði fyrir mér að Sjálfstæðisflokkurinn samanstæði af nokkrum fjölskyldum og ég væri ekki inni í neinni þeirra.“ Spurður hvort ritstjórinn hafi verið Styrmir Gunnarsson segir Guðlaugur hvern og einn verða að ráða í það.

### Út með sprokið!

Í sama viðtali segir Guðlaugur Þór það lífsnauðsynlegt fyrir þjóðina að horfa fram á veginn og að stjórnmálamenn verði að endurheimta traust kjósenda. Gott og vel. En væri þá ekki ágætt ef stjórnmálamenn færu að venja sig á að tala hreint út?



### En ekki hvenær?

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands stendur fyrir hádegisfyrirlestraröð undir yfirskriftinni Bankarán um hábjartan dag. Vísar það til athæfis þeirra kaupahéðna sem mergsugu íslensku bankana á undanförnum árum; bankarnir hafi í raun réttri verið rændir. Og það um hábjartan dag, sem gerir ósvífnina væntanlega hálfu meiri. Í þessu er þó fólgin rökvilla. Langflest bankarán eru jú einmitt framin um hábjartan dag – þegar bankarnir eru opnir.

bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Alþingi eignist þjóðhagsstofnun

Þjóðhagsstofnun



Svavar Gestsson

Fyrrverandi viðskiptaráðherra.

Ekki hafa komið fram sannfærandi rök fyrir því að hafa enga þjóðhagsstofnun. Margt bendir reyndar til þess að það hafi verið mistök að leggja stofnunina niður.

Þjóðhagsstofnun varð til upp úr efnahagsstofnun fyrir margt löngu og sú stofnun var eitt af flaggskipum viðreisnarstjórnarinnar. Þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður var verkefnum hennar dreift á margar aðrar stofnanir. Það hefur ekki gefist vel.

Þegar Þjóðhagsstofnun var starfrækt þá var hún undir forsætisráðuneytinu. Það fyrirkomulag byggðist á því að þá voru öll efnahagsmálin undir forsætisráðuneytinu fyrir utan það sem tilheyrði fjármálaráðuneytinu og svo lengi viðskiptaráðuneytinu. Þetta fyrirkomulag gafst stundum vel, stundum miður. Þjóðhagsstofnun naut þess reyndar að hafa jafnan öfluga forstöðumenn eins og Jón Sigurðsson, Ólaf Davíðsson og Þórð Friðjónsson. Allir þeir sem sinnt hafa stjórnmálum kannast við að hafa verið óánægðir með niðurstöður stofnunarinnar og afskipti af málum. Engum datt þó í hug að leggja stofnunina niður; margir vildu hins vegar bæta hana.

Oft var reynt að nota stofnunina í pólitískum þrætum til dæmis við stjórnarmyndanir. Og oft lét stofnunin nota sig að mínu mati. En allir voru sammála um nauðsyn þess að hafa stofnunina.

> Oft var reynt að nota stofnunina í pólitískum þrætum til dæmis við stjórnarmyndanir.

Fyrir margt löngu var Ríkisendurskoðun undir fjármálaráðuneytinu. Samstaða náðist um að breyta því og setja stofnunina undir Alþingi. Það hefur gefist vel að öðru leyti en því að Alþingi hefur ekki lengur neina þingkjörna yfirskoðunarmenn ríkisreikninga; það er slæmt.

En fordæmið með Ríkisendurskoðun sýnir að það er og getur verið skynsamlegt að slík stofnun sé beint undir Alþingi. Þess vegna er það mín skoðun að Þjóðhagsstofnun eigi að endurreisa og hana eigi að leggja undir Alþingi. Þjóðhagsstofnun yrði þá óháð ríkisstjórninni. Slík stofnun þarf að verða til og það fyrr en seinna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Bastían bæjarfógeti

Í DAG
Sverrir Jakobsson
sagnfræðingur



Allir sem séð hafa leikrit eftir Dario Fo vita líka að mikill broddur getur fólgist í pólitískum farsa. Vel heppnaður pólitískur listagjörningur opnar nýjar víddir í hugsuninni og vinnur gegn þrengingu á möguleikum stjórnmálanna. Dæmi um það eru víðar en við höldum og ekki úr vegi að nefna til dæmis rammpólitísk barnaleikrit Egners um Dýrin í Hálsaskógi og Kardimommubæinn. Hver myndi ekki vilja kjósa ljúfmennið Bastían bæjarfógeta ef hann væri í framboði í Reykjavík? Og af hverju eru stjórnmálamennirnir okkar ekki eins og Bastían? Hin útópíska borgarmynd í leikritinu um Kardimommubæinn vekur þannig gagnrýnar spurningar um stjórnmál sem snúast ekki lengur um einföld gildi. Íslensk stjórnmál eru hins vegar ekkert til að spauga með. Það er einn margra lærdóma sem draga má af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið. En svo má kannski taka hinn pólinn í hæðina; að grínið hafi ekki gengið nógu langt. Að minnsta kosti stefnir allt í að grínframboð Besta flokksins vinni stórsigur í borgarstjórnarkosningum í Reykjavík. Stefnumál Besta flokksins eru þess eðlis að um þau er erfitt að fjalla með gagnrýnu hugarfari þar sem þau eru frekar þokukennd og þar að auki meira eða minna sett fram í hálfkæringi. Hér er því á ferð pólitískur gjörningur sem allt stefnir í að verði einstaklega vel heppnaður. Spurningin er hins vegar hverjir hlaupa apríl á endanum; hvort það verði ekki bara fyrst og fremst kjósendur flokksins.

Hitt er ljóst að valfrelsi þarf að auka í íslenskri pólitík og er það ágætis tilbreyting frá þeim árum þegar kjósendum í Reykjavík var sagt að atkvæði þeirra væri ónýtt nema þeir veldu aðra af tveimur risablokkum þar sem áherslumunurinn varð æ minni. En þar sem pólitík Besta flokksins hentar ekki gagnrýninni greiningu má spyrja sig hvernig gjörningurinn gangi upp sem slíkur.

Í samanburði við Kardimommubæinn þá er veruleikinn sem Besti flokkurinn býður upp á afar dystopískur. Flokkurinn lofar öllu fögru og þar á meðal hlutum sem ekki er hægt að standa við því að allir vita jú að aldrei er neitt að marka loforð stjórnmálamanna. Listi yfir stefnumál flokksins er ágæt paródía á stórorðar alhæfingar stjórnmálaflokka sem tengjast ekki neinum raunverulegum aðgerðum nema í mesta lagi að stofna hugmyndabanka. Á heimasíðu flokksins er einhvers konar lofgjörð um leiðtoga flokksins, Jón Gnarr, þar sem honum er hallmælt en jafnframt bent á að aðrir stjórnmálamenn séu miklu verri. Besti flokkurinn boðar ekki annars konar pólitíska siði heldur ríkjandi siði í enn þá ýktara formi. Á bak við þennan hálfkæring finna stuðningsmenn flokksins haldreipi í því að þessir stjórnmálamenn séu öðruvísi en hinir þar sem þeir segi okkur þó að minnsta kosti satt. En útópían er víðsfjarri, það sem flokksmenn kalla innantóman vaðal stjórnmálamanna er mætt með afskræmdri spegilmynd, enn þá meiri froðu. Besti flokkurinn vill stöðva spillingu með því að stunda hana fyrir opnum tjöldum. Kannski er þetta það besta sem langþreyttir Íslendingar geta gert sér vonir um.

Torbjørn Egner vildi hins vegar meira og leikritið um Kardimommubæinn ber merki þess. Í því felst sá einfaldi pólitíski boðskapur að allir geti orðið góðir samfélagsborgarar ef þeir fá tækifæri til þess. Í Kardimommubænum eru engir útrásarvíkingar og engin athafnaskáld. Þar væru innflytjendur frá stríðshrjáðum löndum ekki reknir heim og ekki tvöfaldar biðraðir innan velferðarþjónustunnar. Allir fá þar störf við hæfi og meira að segja ljón geta orðið gildir og gegnir samfélagsborgarar. Þessi sýn á gott samfélag er ögrandi en jafnframt erfið því að hún virðist svo fjarri þeim veruleika sem við búum við núna. En í henni felst einnig róttæk krafa um breytt og betra samfélag sem ekki þótti fráleitt að setja fram um miðja 20. öld. Spurningin er hvers vegna slíkar kröfur vakna ekki við núverandi aðstæður. Kapítalisminn er hruninn og við biðjum um hvað: Siðareglur? Að einhver varaþingmaður segi af sér? Meira grín og léttleika í borgarstjórn? Stjórnmálamenn sem viðurkenna strax í kosningabaráttunni að þeir séu falskir og óáreiðanlegir? Við ættum að leyfa okkur að biðja um aðeins meira en kaldhæðni, uppgjöf og vonleysi. Við ættum að biðja um Bastían bæjarfógeta.

Kapítalisminn er hruninn og við biðjum um hvað: Siðareglur? Að einhver varaþingmaður segi af sér? Meira grín og léttleika í borgarstjórn? Stjórnmálamenn sem viðurkenna strax í kosningabaráttunni að þeir séu falskir og óáreiðanlegir? Við ættum að leyfa okkur að biðja um aðeins meira en kaldhæðni, uppgjöf og vonleysi.




Sameinum krafta -byggjum upp

Bjarni Benediktsson á fundum um land allt



Undanfarnar vikur hefur Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, rætt við landsmenn og svarað fyrirspurnum um rannsóknarskýrslu Alþingis á opnum fundum.

| | |
|---|---|
| 4. maí | **Seltjarnarnes** kl. 20:00 – Félagsheimili sjálfstæðisfélaganna að Austurströnd 3 |
| 5. maí | **Hafnarfjörður** kl. 12:00 – Félagsheimili sjálfstæðisfélaganna að Norðurbakka 1a |
| 6. maí | **Akranes** kl. 20:00 – Dalbraut 1 |
| 7. maí | **Höfn í Hornafirði** kl. 12:00 – Kaffihorninu |
| 13. maí | **Þorlákshöfn** kl. 15:00 – Kosningaskrifstofa Sjálfstæðisflokksins að Selvogsbraut 4 |

Allir velkomnir

Nánari upplýsingar: www.xd.is
xD





Sumartilboð :30
Tilboðið gildir frá 1.5.10 til 15.8.10 Verð 12.500 kr
HEILSURÆKT FYRIR KONUR
Curves
Opnunartímar:
mán - fim 06.00 - 19.00
föst 06.00 - 18.30
laug 08.00 - 13.00
Þarabakki 3 | 109 Reykjavík | sími 566 6161 | www.cfk.is
ÞAÐ EINA SEM ÞÚ ÞARFT ERU 30 MÍNÚTUR!
Brennsla, þol- og styrktarþjálfun sérsniðin fyrir konur.
Reglulegar mælingar, persónuleg og góð þjónusta.
Komdu og æfðu í þægilegu og heimilislegu umhverfi.



# 60 ára

## Sæmundur Valtýsson

**er sextugur í dag 4. maí**

Í tilefni dagsins býður hann í kaffi laugardaginn 8. maí næstkomandi í sal Sjálfsbjargarheimilisins, Hátúni 12 milli klukkan 14 og 16.

**GESTUR EINAR JÓNASSON FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1950.**

*„Ég veit ekki neitt skemmtilegra en flugið.“*

***Gestur Einar Jónasson er leikari og flugmaður og hefur starfað við fjölmiðla í fjöldamörg ár.***



**ÞETTA GERÐIST:** 4. MAÍ 1948

## Hvalstöðin hóf starfsemi



Hvalstöðin í Hvalfirði er hvalskurðar- og vinnslustöð í Hvalfirði, sem var reist á þessum degi árið 1948 en þá var engin hvalstöð fyrir í landinu.

Hvalur hf. lét reisa hvalstöðina undir Þyrilsklifi og var meðal annars notast við bryggju og bragga sem bandamenn höfðu reist þar á stríðsárunum. Hvalir voru skornir á hvalstöðinni á hverju sumri og störfuðu þar um hundrað manns þegar mest var að gera. Fyrstu áratugina var hvalurinn helst unninn í lýsi, mjöl og hundafóður en farið var að frysta kjöt til manneldis þegar viðskipti við Japana hófust. Hvalveiðar lögðust svo af um tíma en hvalstöðinni var engu síður haldið við og sumarið 2009 hófst þar aftur hvalskurður.

*Heimild: www.wikipedia.org.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is



*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og hlutteckningu við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Þórs Jóhannessonar.**

Sérstakar þakkir viljum við tjá starfsfólki Beykihlíðar, Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri.

**Árni V. Þórsson** — **Ragna Eysteinsdóttir**
**Nanna B. Þórsdóttir**
**Hjörvar Þórsson** — **Andrea Thorsson**
**Ásdís Þórsdóttir** — **Guðmundur Ólafsson**
**Gunnur Petra Þórsdóttir** — **Ólafur Þórarinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurbjörg Hjálmarsdóttir**
Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð
áður Gullsmára 8, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi, laugardaginn 1. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Hjálmar Viggósson** — **Ragnheiður Hermannsdóttir**
**Magnea Viggósdóttir** — **Kenneth Morgan**
**Erna Margrét Viggósdóttir** — **Kristján Þ. Guðmundsson**
**Helen Viggósdóttir** — **Þórarinn Þórarinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu*

**Láru Loftsdóttur.**

Þökkum starfsfólki Hrafnistu Reykjavík góða umönnun og hlýju.

**Pálfríður Benjamínsdóttir** — **Hákon Örn Halldórsson**
**Sóley B. Frederiksen** — **Lindy Ottosen**
**Jörgen Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Anna Sigurkarlsdóttir**

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 26. apríl. Útför hennar fer fram frá Eyrarbakkakirkju laugardaginn 8. maí kl. 14.00. Bílferð verður frá Digraneskirkju kl. 12.40.

**Magnús Guðjónsson**
**Sigríður Magnúsdóttir** — **Stefán Niclas Stefánsson**
**Sigurkarl Magnússon** — **Agnes Eydal**
**Guðjón Magnússon** — **Gillian Haworth**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæra dóttir, systir, mágkona og barnabarn,*

**Unnur Lilja Stefánsdóttir,**

sem lést af slysförum þann 25. apríl 2010 verður jarðsett í Útskálakirkju þriðjudaginn 4. maí nk. kl. 14.00.

**Súsanna Poulsen** — **Stefán Snæbjörnsson**
**Ingibjörg Þorvaldsdóttir** — **Einir Heiðarsson**
**Heiðrún Tara Stefánsdóttir** — **Ástþór Sigurðsson**
**Absalon Poulsen**
**Álfheiður Jónasdóttir** — **Absalon Poulsen**
**Unnur Stefánsdóttir**
**og frændsystkini.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gestur Mosdal Kristjánsson**
Forsæti II Flóahreppi,

andaðist á Ljósheimum Selfossi fimmtudaginn 29. apríl.

Jarðarförin fer fram frá Villingaholtskirkju föstudaginn 7. maí kl. 14.00.

Þeir sem vildu minnast hins látna, vinsamlegast láti Vinafélag Ljósheima og Fossheima njóta þess.

**Helga Kristín Þórarinsdóttir**
**Guðbjörg Þ. Gestsdóttir** — **Þráinn Elíasson**
**Kristján Gestsson** — **Anna Guðbergsdóttir**
**María Gestsdóttir** — **Böðvar Sverrisson**
**Valgerður Gestsdóttir** — **Bjarki Reynisson**
**Lárus Gestsson** — **Elísabet Pálsdóttir**
**og fjölskyldur.**



*Elskuleg móðir mín, amma, langamma, systir og mágkona,*

**Sigríður Kristín Jakobsdóttir,**
Hlíðarhúsum 3,

áður til heimilis að Hjallabraut 33, Hafnarfirði, andaðist á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt 28. apríl sl. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 7. maí kl. 13.00.

Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir. Þeir sem vilja minnast hennar vinsamlega láti Krabbameinsfélag Íslands njóta þess.

**Ólafur Björnsson**
**Þorbergur Björn Ólafsson**
**Ólafur Friðrik Ólafsson**
**Jóhann Helgi Ólafsson**
**Vilhjálmur Snær Ólafsson**
**Sigríður Erla Ólafsdóttir**
**Diljá Ösp Þorbergsdóttir**
**Þóra Jakobsdóttir** — **Bjarni Ellert Bjarnason**
**Sigrún Jakobsdóttir**
**Þórdís Jakobsdóttir** — **Stefán Gylfi Valdimarsson**
**Gunnlaug Jakobsdóttir** — **Gunnlaugur Sigurðsson**



**MARGT Á DÖFINNI** Heiðdís tók við formennsku Félags heyrnarlausra í júní á síðasta ári og sat þar áður í stjórn félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

FÉLAG HEYRNARLAUSRA Á ÍSLANDI:
HEFUR STARFAÐ Í HÁLFA ÖLD

# Viljum jafnfræði í samfélaginu

Félag heyrnarlausra var stofnað árið 1960 og á því hálfrar aldar starfsafmæli. Formaður félagsins, Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, segir margt hafa áunnist í réttindabaráttu heyrnarlausra á Íslandi en þó megi betur gera ef duga skal.

„Eitt helsta baráttumál heyrnarlausra er að tryggja betur aðgengi okkar að samfélaginu. Við höfum til dæmis lítið sem ekkert aðgengi að sjónvarpsefni og förum því oft á mis við mikilvægar upplýsingar. Það eru til dæmis miklar umræður um rannsóknarskýrsluna og eldgosið núna, en allt er þetta okkur lokað. Helst að við fáum fréttirnar hraðsoðnar á fimm mínútum á dag. Bæta þarf úr þessu og viðurkenna okkur og málið. Eða eins og einn heyrnarlaus sagði þá er málið lykillinn að menningu heyrnarlausra í samfélaginu,“ segir hún.

Beðin um að útskýra þetta nánar segir Heiðdís mikilvægt að táknmál sé viðurkennt sem móðurmál á Íslandi. „Um það voru flestir sammála á sérstöku málþingi sem efnt var til fyrr á árinu í tilefni af afmælinu. Táknmál heyrnarlausra á Íslandi og íslenska eru nefnilega mjög ólík tungumál og það væri mikil viðurkenning fyrir heyrnarlausa ef það yrði viðurkennt sem móðurmál á Íslandi.“ Heiðdís segir að mikið hafi verið barist fyrir þessari samþykkt en málið hafi því miður af einhverjum ástæðum alltaf strandað inni á þingi.

Margt hefur þó áunnist í réttindabaráttu heyrnarlausra á Íslandi að hennar sögn. Hún tekur túlkaþjónustuna sem dæmi. „Ótrúlegt en satt þá útskrifuðust fyrstu lærðu túlkarnir á Íslandi ekki fyrr en árið 1997. Fyrir þann tíma var fólk ekki formlega menntað sem túlkar þótt margir hafi reynt að aðstoða okkur. Dyr voru því víða lokaðar og allt harðlæst hvað menntun viðvíkur. Nám og kennsla heyrnarlausra var heldur ekki byggð upp til jafns við almennt nám og því höfðu margir ekki tök á því að fara í framhaldsnám. Því hefur mjög mikið breyst með tilkomu túlka.“

Annasamt verður hjá Félagi heyrnarlausra á næstunni, sem er meðal annars að flytja í nýtt og betra húsnæði að Grensásvegi 50 í maí. Þá eru mennta-, heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytin að kortleggja þjónustu við heyrnarlausa á Íslandi og félagið hefur fengið það hlutverk að koma með tillögur að úrbótum. „Niðurstöðurnar koma í júní og þá er bara vonandi að menn bretti upp ermar og taki á þessum málum í eitt skipti fyrir öll,“ segir Heiðdís, vongóð um framhaldið.

**roald@frettabladid.is**


FÖRUM ÚT Í SUMAR!
SUMAR 2010
Alicante / Álaborg / Barcelona / Basel / Berlín / Billund / Birmingham / Bologna / Frankfurt Hahn / Friedrichshafen / Gautaborg
Gdansk / Genf / Kaupmannahöfn / Kraká / London / Lúxemborg / Mílanó / New York / Ósló / París / Rotterdam / Varsjá / Winnipeg
Iceland Express
Sumargjöf
10.000 kr.
AFSLÁTTUR
Eurovision-leikur
Eurovison-leikur
Iceland Express
Taktu þátt í stórskemmtilegum ferða-leik fyrir Júrófróða ferðalanga. Þú svarar spurningum sem er að finna í blaðinu, skellir þér inn á vefinn okkar og klárar dæmið þar.
Koma svo, vera með!
www.icelandexpress.is | sími: 5 500 600



## Rödd skynseminnar

# 10.0
# sun

**Svona nýtir þú sumargjöfina:**

**1.** Ferð inn á www.icelandexpress.is og finnur þitt flug.
**2.** Færð uppgefið verð á fluginu þínu, án afsláttar.
**3.** Slærð inn afsláttarkóðann (sjá hér að neðan).
**4.** Þá færðu nýtt verð með 10.000 kr. afslætti.
**5.** Lýkur við bókunina á hefðbundinn hátt.

**Flugtímabil:** 4. maí – 20. júní 2010
**Bókunartímabil:** 4. – 11. maí 2010

**Áfangastaðir:**
Þú getur nýtt afsláttinn við kaup á flugi til allra áfangastaða okkar, nema Alicante og Bologna.

Gildir þegar bókað er flug fram og til baka

**AFSLÁTTARKÓÐI:**
IEX0501

www.icelandexpress.is

# 000 kr.

# nargjöf!




Nú er um að gera að sýna skynsemi í verki og taka vel eftir. Við bjóðum handhöfum þessa blaðs **10.000 kr.** afslátt af flugsætum þegar bókað er flug fram og til baka.





## Ertu stórborgari, góðborgari, heimsborgari eða jafnvel heiðursborgari?

# Heimsborgir



Heimsborgarinn er víðförull, ákaflega kröfuharður, kann vel við sig í fjölmenni og á marga vini. Heimsborgarinn elskar góðan mat og þekkir sitt eðalvín. Hann er vel að sér í heimsmálunum og nýtur þess að hitta fólk hvaðanæva að. Hann vill hitta þig í sumar.

Þú finnur heimsborgara á hverju götuhorni í París, London, Berlín, Mílanó og Barcelona.

**Beint flug!**
**Akureyri London**
Fyrsta flug 7. júní í 12 vikur

Iceland Express

Evrópa frá:

**14.900 kr.**

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.




London
París
Berlín
Mílanó
Barcelona



**Löng helgi í London**
13.–16. maí
**79.600 kr.** á mann í tvíbýli

**Besta borgin Berlín**
3.–6. júní
**78.900 kr.** á mann í tvíbýli

**Eurodisney í París**
9.–16. júní
**87.800 kr.** á mann í tvíbýli

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express
Sími: 5 900 100 | www.expressferdir.is

www.icelandexpress.is



Sumargjöf
**10.000 kr.**
AFSLÁTTUR

## Frí fyrir alla fjölskylduna

# Norðurlönd



Norðurlandabúinn er ákaflega meðvitaður um þarfir sínar og væntingar. Hann vill hafa það huggulegt, er ekki mikið fyrir vesen og elskar síld. Fjölskyldan er honum afar kær og gestrisinn er hann með eindæmum. Svo er hann friðelskandi, nærgætinn og vill hafa gott fólk í kringum sig.

Gott fólk! Við ætlum að hafa það náðugt á Norðurlöndum í sumar – og við viljum hafa þig með. Bókaðu flug til Gautaborgar, Óslóar, Álaborgar, Billund eða Kaupmannahafnar í sumar.

**Norðurlönd frá:**

**14.900 kr.**

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

**Iceland Express**

Álaborg
Billund
Kaupmannahöfn
Gautaborg
Ósló




**Beint flug!**
**Akureyri Køben**
Fyrsta flug 5. júní í 12 vikur



**Þrjár sumarnætur í Køben**
28.–31. maí
**72.900 kr.** á mann í tvíbýli

*Express ferðir*
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Sími: 5 900 100 | www.expressferdir.is



## Iceland Express gerir víðreist í sumar

# Flakkað u



Flakkarinn elskar að ferðast, er afar ratvís og vill helst fara sem víðast. Flakkarinn er útsjónarsamur og kann að spara. Hann smyr sitt eigið nesti, kann að meta fallega dali og firði Evrópu og á það til að bresta í söng þegar náttúrufegurðin ber hann ofurliði.

Flakkaðu með okkur um Evrópu í sumar. Við bjóðum flug til líklegustu og ólíklegustu áfangastaða, vítt og breitt um Evrópu í sumar.



## Láttu okkur halda utan um hópinn!

Hópadeild Iceland Express gerir hópum, 11 manns og fleiri, tilboð í allar gerðir hópferða til áfangastaða okkar. Tilvalið fyrir vinahópa, kóra, íþróttafélög og fyrirtæki.

**Iceland Express**

Evrópa frá:

# 14.900 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

## Besti bíltúr í heimi

Á vefnum okkar finnurðu mikið og gott úrval bílaleigubíla frá Budget. Nánar á www.icelandexpress.is/bilaleiga



www.icelandexpress.is



**ÝMISLEGT** sem viðkemur mismunandi prjóni, svo sem bútaprjón (entrelac), tvöfalt prjón, myndaprjón (intarsia), að prjóna með perlum til skrauts og margt fleira er að finna á vefsíðunni http://knitting.about.com/cs/specialtechniques/index.htm.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447












Karl hlakkar til að taka þátt í keppninni í Svíþjóð en með í för verða tveir aðrir Íslendingar, þær Ellen Margrét Bæhrenz og Sigrún Ósk Stefánsdóttir, sem einnig eru nemendur við Listdansskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Keppir í klassískum ballett

**Karl Fridrik Hjaltason heldur til Svíþjóðar um miðjan maí þar sem hann mun taka þátt í keppni í klassískum ballett. Hann segist taka öllu með ró en viðurkennir að sigur gæti breytt framtíðarfyrirætlunum.**

„Þetta er flott keppni, sem getur opnað ýmsar dyr,“ segir Karl Fridrik Hjaltason, nemi í klassískum ballett við Listdansskóla Íslands. Hann heldur utan til Svíþjóðar um miðjan mánuðinn til að taka þátt í Storadal-dansen, klassískri sólódanskeppni, sem er þekkt á Norðurlöndunum og er mikil viðurkenning fyrir alla sem taka þátt í henni.

„Það er náttúrlega frábært tækifæri að fá að fara þarna út, ég átti alls ekki von á því þar sem einhverjir 32 sóttust eftir því,“ segir Karl. Hann sigraði í einstaklingskeppni í klassískum ballett hérlendis í febrúar og öðlaðist þar með rétt á þátttöku í keppninni í Svíþjóð.

Óhætt er að segja að Karl hafi náð langt á skömmum tíma því ekki eru nema tvö og hálft ár síðan hann hóf nám í klassískum ballett. „Ferillinn minn byrjaði í samkvæmisdansi hjá Dansskóla Jón Péturs og Köru og svo skipti ég yfir í Dansskóla Auðar Haralds. Þetta var mjög skemmtilegur tími, ég starfaði með mörgum af stærstu nöfnunum í bransanum og vann til gullverðlauna. Samkvæmisdansinnn er hins vegar dýrt sport og meðal annars þess vegna ákvað ég að prófa ballettinn og þá varð ekki aftur snúið.“

Karl stundar nú nám við Menntaskólann í Hamrahlíð og tekur klassíska ballettinn með. „Ég byrja snemma á morgnana og mæti til skiptis í skólann eða dansinn og fer svo á milli eftir þörfum. Helmingur tímans fer í nám og helmingurinn í dans,“ útskýrir hann og getur þess að hann stefni á að taka ballettinn á sem skemmstum tíma. „Svo vil ég vinna erlendis í nokkrar vikur og ferðast eitthvert um heiminn.“

Spurður hvaða þýðingu sigur í Svíþjóð gæti haft segist Karl taka öllu með ró. „Verður maður bara ekki að vona það besta en vera viðbúinn því versta, gosið gæti til dæmis sett allt úr skorðum,“ segir hann og hlær. „En ef ég vinn breytir það auðvitað öllu, það yrði frábært á ferilskrána og ég þyrfti auðvitað að endurskoða framtíðarplönin.“

**roald@frettabladid.is**



# ; HANNYRÐIR

**SAUMAKLÚBBURINN** er sniðugur áskriftarklúbbur fyrir áhugafólk um hannyrðir. Nánar á www.klubbhusid.is.




Gallery Garn

GÆÐA GARN
Á GÓÐU VERÐI

Súluhöfða 15 – 270 Mosfellsbæ
s: 895 6086

Opnunartímar: mánud. – föstud.
milli kl:13:00–18:00



Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




Foreldrunum fannst nóg að hafa klúbbinn hálfsmánaðarlega en þær vildu hittast oftar enda eru þær iðjusamar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hittast með prjónana

**Þær eru hressar stelpurnar í Borgaskóla í Grafarvogi sem hafa hist hálfsmánaðarlega utan skólatíma í vetur með prjónana sína og alla vega lita hnykla og dokkur. Svo hefur margt fallegt fæðst.**

Heill árgangur stúlkna í Borgaskóla tók þátt í prjónaklúbbnum sem varð til síðastliðið haust innan skólans. Þær eru, eða verða, allar tíu ára á þessu ári. Áhuga þeirra á prjónaskapnum má rekja til einnar móðurinnar, Arndísar Hilmarsdóttur kennara, sem hefur smitað svona rækilega út frá sér, ekki bara til bekkjarsystra dóttur sinnar heldur til mæðra þeirra líka.

„Okkur foreldrunum fannst nóg að hafa klúbbinn hálfsmánaðarlega en stelpurnar vildu hittast oftar,“ segir Arndís glaðlega. Hún segir mæðurnar mæta oftast líka með sína handavinnu, spjalla saman og kynnast og einn föður hafa komið einu sinni. Af einhverjum ástæðum virðist prjónaáhugi mjög kynbundinn og höfða meira til kvenþjóðarinnar.

Ýmislegt fallegt liggur eftir stúlkurnar á prjónasviðinu eins og vænta má að vetri liðnum. Húfur, treflar, töskur og veski hafa orðið til í klúbbnum og hulstur utan um farsíma eru líka á afrekaskránni. Arndís kveðst hafa byrjað á að prjóna sýnishorn af nokkrum hlutum sem þær gætu farið eftir og sett suma þeirra í þvottavél til þæfingar. Það hefur orðið vinsæl meðhöndlun á hlutunum, sérstaklega á það við um töskurnar.

Engar tvær stúlkur hafa gert nákvæmlega eins hluti í klúbbnum nema hvað fyrir jólin var herferð í að gera jólasveinahúfur úr rauðu bómullargarni og hvítu loðgarni. „Þær skelltu sér allar í húfuprjón þá,“ segir Arndís og hrósar litlu dömunum óspart fyrir dugnað í vetur.

gun@frettabladid.is

# Læra handtökin

**Tveggja kvölda námskeið í víravirkistækni verður haldið í Handverkshúsinu í Bolholti í Reykjavík 20. og 27. maí.**

Þangað geta byrjendur komið og farið heim með kross eða eyrnalokka sem þeir hafa gert með eigin hendi. Aðferðin hefur verið notuð um aldir í þjóðbúningagerð á Íslandi.

„Lykillinn að okkar námskeiðum er sá að við komum fólkinu af stað, sýnum því aðferðirnar og svo æfir það sig heima,“ segir Þorsteinn Eyfjörð, eigandi Handverkshússins. Hann kveðst selja efni og græjur sem við þurfi þannig að fólk geti haldið áfram að stunda þá iðju sem það lærir. „Námskeiðin eru öll hugsuð þannig að fólk geti unnið heima á eldhúsborðinu.“

\- gun



Kross er eitt fyrsta verkefnið sem nemendur spreyta sig á í víravirkistækninni. MYND/HANDVERKSHÚSIÐ


Eftirlæti handa þinna

addi
MADE IN GERMANY



Gæða prjónar



Satúrnus ehf
-Stofnað 1958-
Fæst í hannyrðavöruverslunum

Heildsöludreifing: Satúrnus ehf. Brautarholti 4A, Reykjavík.



KYNNING




Hannyrðar og föndurbækur í miklu úrvali í verslun A4 Smáratorgi

**A4**
Smáratorgi 1
A4.is

Fjölbreytt úrval af litlum útsaumspakkningum

**A4**
Smáratorgi 1
A4.is



Auður notar að lágmarki tvo liti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Auður prjónar allt á sjálfa sig nema vettlinga. Hún eyðir ekki vinnu í þá enda ferðast hún um á hjóli og eiga þeir það til að slitna.

# Leiðist að prjóna einlitt

**Auður Haralds sér lífið í lit sem endurspeglast í prjónaverkum hennar sem fæst eru einlit. Hún hefur verið með eitthvað á prjónunum frá því að hún man eftir sér og prjónað bæði á sig og aðra.**

Rithöfundurinn Auður Haralds er enginn kreppuprjónari enda hefur hún prjónað frá því að hún man eftir sér. „Þegar ég var veik sem barn voru mér fengnir hnyklar, prjónar og heklunál og sagt að hafa ofan af fyrir mér í rúminu. Ég hef verið með eitthvað á prjónunum síðan.“

Auður prjónar húfur, grifflur og kraga sem fást í Handprjónasambandinu en vörurnar eru sérstaklega vinsælar meðal ferðamanna. „Það er vegna þess að ég prjóna í lit öfugt við flesta Íslendinga sem virðast eiga erfitt með að sjá lífið í öðru en svart-hvítu. Ferðamennirnir eru hins vegar hrifnir af litum og með þessu bjarga ég þjóðinni um nokkrar evrur og dollara,“ segir Auður sem er sjálf þekkt fyrir litríkan klæðaburð og hefur prjónað á sjálfa sig alla tíð. Auður notar að lágmarki tvo liti og leikur sér með útprjón, perluprjón og flúr af ýmsu tagi. „Ég geri þó stöku einlitar grifflur enda seljast þær betur en mér leiðist þó ferlega að prjóna einlitt.“



Áralöng prjónareynslan leynir sér ekki.

Auður hefur komið sér upp nokkrum vörumerkjum sem hún notar með mismunandi hætti. „Easy Rider heita vörurnar sem ég sel, Pólska prjónastofan það sem ég gef og þegar ég geri eitthvað alveg sérstakt fær það nafnið Sameinuðu jórturdýrin enda er það yfirleitt úr kinda-, geita- og lamaull og jafnvel með stöku kattarhári.“

Auður hefur áralanga reynslu af íslensku ullinni og segir ekkert betra. „Ég las nýlega rannsókn sem leiddi í ljós að hún er miklu betri en allur þessi hátækni útivistarfatnaður sem þarf að borga lifur og lungu fyrir.“ Auður er sannfærð um eitt: „Það verða prjónandi konur sem draga þetta land á ullarhárinu upp úr Icesave.“

*vera@frettabladid.is*



Prjónum saman er fyrsti íslenski prjónakennslu DVD-diskurinn. Á disknum kennir Ragnheiður Eiríksdóttir rúmlega 40 aðferðir í prjóni. Um leið er farið í uppskriftirnar sem fylgja disknum.

**Heimild: www.blog.eyjan.is/ragnheidur**


## KYNNING

**Garn & Gaman** - 55 fjölbreyttar prjónauppskriftir. Skemmtileg prjónabók sem hentar jafnt byrjendum sem lengra komnum prjónurum. Höfundar eru mæðgurnar Jóna Svava Sigurðardóttir, betur þekkt sem PrjónaJóna og Rannveig Sigurðardóttir. Fáanleg á PrjonaJona.com á 2.950 kr.

**prjonajona.com**

**PrjonaJona.com** - vefverslun með prjóna- og hannyrðavörur. Frábært úrval af lopapeysutölum, fatabótum, Ibenholt sokkaprjóna og heklunálar, Boye heklunálasett, barnatölur og margt fleira. Einnig með prjónaða barnasokka og húfur. Sendum um land allt.

**prjonajona.com**




## KYNNING




**Prjónum saman** er kennsludiskur um prjón. Á disknum kennir Ragnheiður Eiríksdóttir yfir 40 aðferðir í prjóni á skýran og skilmerkilegan hátt. Disknum fylgja að auki þrjár prjónauppskriftir.

**Knitting Iceland gefur út diskinn en hann fæst á sölustöðum Ístex og í bókaverslunum.**



Í Föndru, Dalvegi er mikið úrval af fataefnum , smávöru, sniðum og sníðablöðum. Dönsku Onion sniðin er mjög auðveld og eitthvað sem allir geta saumað eftir.
Nú er mikið prjónað af íslenskum lopapeysum og Föndra býður upp á úrval af tölum og ódýra og góða rennilási í peysunar.

**Föndra**
www.föndra.is




Storkurinn er líka bókabúð og sérhæfir sig í bókum um prjón, hekl og bútasaum. Hægt er að skoða hluta úrvalsins og verð á Facebook síðu Storksins.

**Storkurinn,**
Laugavegi 59, 101 Reykjavík.
www.storkurinn.is

**TANNÞRÁÐ** skal nota daglega til að hreinsa á milli tanna ef viðhalda á góðri tannheilsu. Börn geta ekki séð um tannhirðu sína fyrr en á aldrinum tíu til tólf ára. Sum þurfa aðstoð með tannþráðinn lengur.





Kókosolía er tilvalin til að þrífa burtu augnfarða eftir daginn. Bleytið bómullarhnoðra og vætið með nokkrum dropum af kókosolíu en þannig rennur málningin af.

# Allir höfðu gaman af

**Fótboltaæfingar fyrir börn með sérþarfir eru í gangi hjá Stjörnunni í Garðabæ. Ýr Sigurðardóttir, barnataugalæknir og fótboltaáhugamaður, fékk hugmyndina út frá fótboltaáhuga sjúklinga sinna.**

„Þegar ég var í sérnámi úti í Ameríku og krakkarnir mínir voru að stíga sín fyrstu spor í fótbolta sá ég að þar var ávallt boðið upp á fótbolta fyrir krakka með sérþarfir líka," segir Ýr Sigurðardóttir barnataugalæknir. Hún kom því til leiðar nýlega að fótboltanámskeið yrði haldið fyrir börn með sérþarfir hjá íþróttafélaginu Stjörnunni í Garðabæ.

Hugmyndina fékk hún í raun frá sjúklingum sínum. „Þau hafa mörg hver áhuga á knattspyrnu eins og gengur, koma jafnvel í fótboltatreyjum og eiga sér uppáhaldsleikmenn," segir Ýr glaðlega en sjálf hefur hún mikinn áhuga á fótbolta og á dætur í boltanum. „Mér datt í hug að það vantaði æfingar fyrir minn sjúklingahóp," segir Ýr sem þó telur að boðið sé upp á svipaða þjónustu hjá KR og ÍA og einnig Öspinni en alltaf megi gera betur.

Ýr fékk með sér þjálfara úr meistaraflokki kvenna í Stjörnunni sem einnig hafa áhuga á þessu málefni. „Ein er í sálfræði, önnur í íþróttafræði og sú þriðja hefur unnið mikið með fötluðum," segir hún og tekur fram að hugmyndinni hafi hvarvetna verið vel tekið. Þær eru í samstarfi við Garðabæ og Stjörnuna og fá afnot af húsnæði íþróttafélagsins á laugardögum. Þá fékk hún einnig styrk frá velferðarsjóði barna til að kaupa búninga og halda námskeiðsgjöldum í lágmarki.



Fyrsta æfingin gekk vel. Að sitja og hlusta á þjálfarann þótti krökkunum skemmtilegt.
MYND/ÚR EINKASAFNI

Námskeiðið stendur í átta skipti, en fyrsta æfingin fór fram laugardaginn 24. apríl. „Krakkarnir voru mjög glaðir og tóku sig vel út í búningunum sem þeir fá að klæðast á æfingunum," segir Ýr sem fær hjálp frá fjórða flokki kvenna enda þarf marga aðstoðarmenn á svona námskeið.

Ýr býst við að haldið verði eitt vikunámskeið í sumar og ef nægur áhugi skapast verður haldið áfram með námskeið í haust. „Síðan sé ég fyrir mér að það þurfi að koma slíkum námskeiðum af stað á fleiri stöðum í framtíðinni," segir Ýr en námskeiðin eru opin öllum börnum á höfuðborgarsvæðinu sem ekki geta nýtt sér hefðbundið barna- og unglingastarf sinna félaga vegna fötlunar og/eða þroskafrávika.

*solveig@frettabladid.is*


LAGERSALA

Góðir skór - gott verð

Takkaskór besta verðið í bænum ?

Mikið úrval af nýrri vöru á alla fjölskylduna



Stærðir 31-46

kr. 5.495.-

Opið virka daga 12-18 laugardag 12-16

xena

Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík - 517-2040





# vorverkin

ÞRIÐJUDAGUR 4. MAÍ 2010

## Styrkir tengsl við náttúruna

**Sumartíminn er hafinn í Grasagarði Reykjavíkur.**

SÍÐA 2






FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**● LÍF OG FJÖR Í GARÐINUM** Fuglahús eru tilvalin fyrir þá sem vilja auðga fuglalífið í garðinum, en þau er bæði hægt að kaupa (eins og sést af meðfylgjandi mynd) og smíða. Ekki er flókið að smíða fuglahús og því við hæfi að leyfa yngstu kynslóðinni að taka þátt í smíðinni. Hægt er að fara ýmsar leiðir við útsetningu, eða allt eftir því hvaða lögun og liti menn kjósa að nota. Fuglar eru furðufljótir að uppgötva þennan griðastað og á sumrin er gaman að sjá hvernig fuglafjölskyldunni vegnar þegar ungarnir fara að klekjast úr eggjunum.

# Tími til að sá gulrótum



Maí er tíminn til að sá gulrótum. Mikilvægt er að leita sér upplýsinga áður en stungið er upp fyrir gulrótum svo þær komi ekki upp litlar og aumingjalegar.

Góður áburður dugir ekki til að ná góðri uppskeru, sem getur orðið góð þótt um lítinn skika sé að ræða, ef rétt er haldið á spöðunum. Eitt af því sem skiptir sköpum er að undirhitinn sé góður. Til að tryggja hann er best að grafa flatbotna holu af sömu stærð og reiturinn á að vera, hún fyllt með hrossataði sem farið er að hitna, og fylla holuna sléttfulla. Þar ofan á fer mold og gott er að blanda þörungamjöli saman við moldina til að fá bragðgæði gulrótanna sem best. Óhætt er að sá nokkuð þétt og hylja fræin með þunnu moldarlagi og þjappa með skóflu. Gott er að breiða yfir reitinn með akrýlgrisju. *-jma*

# Vetrarfötunum pakkað niður



Skápapláss er ekki ótakmarkað og leiðinlegt að geta ekki athafnað sig í forstofunni vegna fatamagns sem erfitt er að greiða úr. Upplagt ráð til að koma skipulagi á útifötin er að pakka einfaldlega vetrarflíkunum niður og koma þeim fyrir í geymslu í vel merktum umbúðum. Þykku snjógallarnir og lúffurnar eru aldrei notuð yfir sumartímann og þar sem fötin taka drjúgt pláss er vel þess virði að geta losnað við þau út úr skápunum. Í staðinn má þá nota plássið í forstofunni undir allt sumardótið sem gaman er að hafa frammi við – húllahringi, bolta, hjólaskauta og krítar, sem virkar leikhvetjandi fyrir heimilisfólk. *-jma*






Hildur Arna Gunnarsdóttir, fræðslufulltrúi Grasagarðsins, segir garðinn lifna við fyrir sumarið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Sumarblómin bíða þess í röðum að komast út í beðin en þau verða gróðursett úti í byrjun júní.



Gullgoða kúrir milli steina en í Grasagarðinum er að finna um 5.000 tegundir jurta.

# Vorverkin komin vel á veg

**Sumartíminn er hafinn í Grasagarði Reykjavíkur en garðurinn er þá opinn gestum til klukkan 22 alla daga vikunnar. Vorverkin eru löngu hafin hjá starfsfólki garðsins en um 500 tegundum var sáð þetta vorið.**

„Hér er mikið að gera hjá garðyrkjufræðingunum en búið er að grófhreinsa öll beðin í garðinum og sáningu er lokið," útskýrir Hildur Arna Gunnarsdóttir, fræðslufulltrúi Grasagarðsins, en vinnan við sáningu hófst í mars. Plönturnar eru nú í uppeldi innanhúss og verða tilbúnar til útplöntunar í byrjun júní.

„Verið er að skipta fjölæringum og matjurtagarðurinn hefur verið stunginn upp en kartöflurnar fara niður í vikunni. Þeim matjurtum sem sá á beint út verður síðan einnig sáð í lok vikunnar svo hér er nóg að gera," segir Hildur en að auki tók starfsfólk Grasagarðsins þátt í nýafstaðinni Barnamenningarhátíð Reykjavíkur.

„Þá tókum við á móti níu leikskólum og ófum með þeim undragöng úr víðigreinum hér í garðinum og skreyttum með könglum en í sumar mun hanga uppi sýning í máli og myndum frá starfi þessarar viku. Við tökum reglulega á móti skólahópum hingað í garðinn, bæði sem koma í fræðslu og líka á eigin vegum svo hér er alltaf mikið líf."

Sumardagskrá Grasagarðsins hefst þó formlega í júní með degi villtra blóma hinn 13. Þá verður Hjörtur Þorbjörnsson safnvörður með leiðsögn um Laugarnestanga, fræðir um jurtir sem þar vaxa og greinir til tegunda. Árlegir Sólstöðutónleikar Páls Óskars og Moniku Abendroth verða haldnir 20. júní á Café Flóru og í júlí verður haldinn safnadagur þar sem Ingunn Óskarsdóttir garðyrkjufræðingur mun sýna gestum bergsóleyjar í garðinum.

„Í ágúst munum við svo fagna 49 ára afmæli Grasagarðsins í samstarfi við Café Flóru og þá geta gestir gætt sér á afmælistertu á sérstöku tilboði en Grasagarðurinn var stofnaður 18. ágúst árið 1961. Fimmtugsafmælinu verður svo fagnað á næsta ári með pomp og prakt," segir Hildur og bætir við að nú geti almenningur fylgst með fréttum úr Grasagarðinum bæði af mann- og plöntulífi en heimasíða garðsins var nýlega uppfærð.

„Það er mikið líf hér í garðinum allan ársins hring og við stefnum á að halda úti lifandi vef þar sem hægt verður að fylgjast með öllu starfinu."

Vefsíða Grasagarðs Reykjavíkur er www.grasagardur.is. *-rat*

# Ræktun á svölunum

Það er alls ekki loku fyrir það skotið að rækta matjurtir þótt fólk búi þannig að það hafi ekki garð heldur einungis svalir. Svalir veita oft einmitt prýðisskjól fyrir kryddjurtir sem þrífast illa í garðnæðingi.

Eitt af því sem gerir mikið fyrir sálina er að huga að svölunum á vordögum, hreinsa þær vel og raða svo fallegum blómapottum, misstórum með alls kyns káli og kryddjurtum í eitthvert horn. Þeir sem hafa ekki forsáð nú þegar geta keypt litlar jurtir með rótum í gróðrarstöðvum.

Af góðum svalajurtum má til dæmis mæla með vorlauk, steinselju og myntu og einnig getur verið gaman að setja einhverja káltegund í aðeins stærrri pott, svo sem rúkkola.

Til að gera ræktunina enn meira freistandi er mælt með að reyna að gera svalahornið sem mest fyrir augað og láta verða sem mest úr plássinu með því að raða pottunum í mismunandi hæð – nokkra á borð, einhverja á svalagólfið og svo er hægt að nota fallega trékassa til að stafla upp og byggja þannig upp mishæðótt pláss. Ekki er verra ef hægt er að mála kassana hvíta eða jafnvel antíkbleika. *-jma*



Fallegt er að raða blómapottum á svölum í mismunandi hæð til að gera sem mest úr plássinu, með því að setja þá ofan á litla kassa eða borð og svo aðra beint á gólfið. NORDICPHOTO/GETTY




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



Jóhannes, Ólöf Björg og Sveinbjörn fá sér kaffisopa í upphituðu herbergi í fjárhúsunum. Þar sefur Jóhannes bóndi oft þegar sauðburðurinn er að byrja, því þá er nægilegt að vakna á tveggja tíma fresti. Unga fólkinu finnst sport að gista þar.



Værðin hefur yfirhöndina hjá þessari á með lömbin sín.



Heiðarbær 1 stendur á bökkum Þingvallavatns.



Steinunn Lilja hefur gaman af kindunum og er ekki vitund hrædd við veturgömlu hrútana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lítið um svefn í maí

**Annir eru miklar á vorin hjá íslenskum fjárbændum. Það á meðal annars við um hjónin Jóhannes Sveinbjörnsson og Ólöfu Björgu Einarsdóttur, sem eru með kindur og holdakjúklinga á Heiðarbæ 1 í Þingvallasveit.**

Skær lambsjarmur og rödd umhyggjusamrar móður kallast á á fæðingardeildinni á Heiðarbæ 1, sem Jóhannes bóndi er að útbúa í hlöðunni. Þar hefur hver ær einkastíu fyrir sig og sín lömb þegar þau eru komin í heiminn. Þangað til er hún í almenningskró. „Hjá okkur er sauðburðurinn aðalviðfangsefnið allan maímánuð og meðan mesta törnin gengur yfir er oft lítið sofið. Maður gerir ekki mikið annað en passa upp á að allt sé í góðu lagi í fjárhúsunum. Því er vakt allan sólarhringinn," segir Jóhannes og er beðinn að útskýra aðeins nánar um hvað málið snýst. „Það geta komið upp vandamál í fæðingunni og stundum vilja ærnar stela lömbum hver frá annarri ef margar eru að bera í sömu kró. Svo verður að gæta þess að lömbin komist á spena, merkja þau og skeina og passa að allar skepnurnar hafi nóg að éta og drekka."

Jóhannes er fæddur og uppalinn á Heiðarbæ. Hann og Ólöf Björg tóku við fjárbúskapnum af foreldrum hans, Sveinbirni Jóhannessyni og Steinunni Guðmundsdóttur, árið 1998 og við holdakjúklingaræktinni í fyrra. Sveinbjörn og Steinunn búa í húsi við hliðina og taka þátt í bústörfunum eftir þörfum, meðal annars um sauðburðinn auk þess sem Skúli, bróðir Ólafar Bjargar, sér um næturvaktir þegar mest er að gera. Eldri börnin á bænum, Svanborg Signý, fjórtán ára, og Sveinbjörn, tólf ára, eru líka liðtæk þegar þau eru ekki í skólanum og Steinunn Lilja, eins árs, fylgist með litlu lömbunum af áhuga.

Um sextíu ær eru bornar af 700 á Heiðarbæ. Jóhannes segir þeim hafa flestum gengið vel að koma afkvæmunum í heiminn. „Yngri ærnar þurfa frekar á fæðingarhjálp að halda. Þá kalla ég á Björgu, konu mína, ef hún er ekki í húsunum. Það er lykilatriði að ég fari ekki að gera neina vitleysu. Ég er með svo stórar hendur og hún er miklu flinkari en ég enda sveitastúlka vestan úr Dölum og ólst upp við þetta frá barnsaldri."

Fleiri vorverk eru í sveitinni svo sem að dreifa skít og öðrum áburði, plægja nýræktir og sá í þær. Jóhannes kveðst hafa byrjað búfjáráburðardreifingu fyrir sauðburð, meðan jörð var enn frosin, annað verði að bíða.

Frúin er aðal sauðburðarsérfræðingurinn og hefur líka nóg annað að sýsla. „Litla daman þarf síns með og þegar unnið er allan sólarhringinn er betra að hafa nóg að borða," segir hún og bætir við: „Það er lykilatriði að fóðra mannskapinn."

*- gun*



Jóhannes, Ólöf Björg og Steinunn Lilja fylgjast með lífinu á fæðingardeildinni.

MÁLNINGALAGERINN
- ÞAÐ ER FLOTT AÐ SPARA



LAKKMÁLNING 1. LÍTER KR. 1.890,-
10. LÍTRA KR. ~~5.990,-~~ KR. 3.990,-
3. LÍTRA KR. 1.790,-
SPARAR KR. 2.000,-



TEKNOS LAKKMÁLNING 20% AFSLÁTTUR

NCS LITAKERFI. BLÖNDUM LITI MÁLNINGAR, SLIPPFÉLAGSINS, FLUGGER OG JÖTUN.

WWW.MALNINGALAGERINN.IS
SÍÐUMÚLI 34 - SÍMI: 517-1500



Lífríkið og mannlífið er að lifna við bæði í Heiðmörk og Esjuhlíðum og fylgist Kristján Bjarnason með þeim breytingum sem verða frá degi til dags. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Annirnar hefjast fyrir alvöru í byrjun júní

Vorannir eru hafnar hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur en þær eru forleikur að annasömu sumri. Aðalviðfangsefni félagsins er umsjón Heiðmerkur en í skóginum fer fram endurnýjun og viðhald á áningarstöðum og stöðug grisjun meira og minna allt árið.

„Efnið er aðallega nýtt í spæni sem undirlag fyrir húsdýr, í garða, göngustíga og fleira en auk þess er töluvert framleitt af eldivið og kurli. Félagið hefur einnig umsjón með útivistarsvæðinu í Esjuhlíðum en þar er stöðugt verið að bæta göngustíga og planta trjám,“ segir Kristján Bjarnason, skógarvörður í Esjuhlíðum. Fastir starfsmenn félagsins eru fimm en vor- og sumarvertíðin hefst fyrir alvöru í byrjun júní þegar aukinn mannskapur fæst til starfa. „Við eigum von á miklum fjölda unglinga frá Vinnuskóla Reykjavíkurborgar, unglingum í atvinnuátaki, sjálfboðaliðum og fleirum í sumar. Verkefnin eru fyrst og fremst grisjun, göngustígagerð og plöntun trjáa,“ upplýsir Kristján. Þetta ár er þó sérstakt fyrir þær sakir að nú eru 60 ár frá því að Heiðmörk var opnuð almenningi og verður sérstök afmælisvika í lok júní.

Þótt mestu annirnar séu ekki hafnar er lífríkið og mannlífið allt að lifna við og fylgist Kristján með þeim breytingum sem verða frá degi til dags. „Vorið kemur með veiðimönnunum, en að þessu sinni var Elliðavatnið opnað 1. apríl en ekki 1. maí eins og verið hefur. Apríl var reyndar fremur kaldur en það hélt ekki mikið aftur af áköfum veiðimönnum,“ segir Kristján. Hann segir fluguna ekki hafa farið að kvikna að ráði fyrr en í lok apríl og að þá sé ekki að spyrja að fiskinum sem eltir púpuna. „Brumin byrja að þrútna á alaskavíðinum upp úr áramótum og trén taka að laufgast í maí en það er nokkuð seinna en niðri í borginni enda erum við 70-100 metrum yfir sjávarmáli.“

Kristján segir hunangsflugurnar fara á kreik í apríl og að þær séu áberandi í blómum víðisins til að byrja með. „Álftir, húsendur og duggendur halda til á vatninu allan veturinn en þegar vorar koma gömlu farfuglarnir; lóan, stelkurinn, spóinn og hrossagaukurinn. Auk þess sjást hinir ýmsu flækingar í skóginum bæði vor og haust, fuglaskoðurum og ljósmyndurum til óblandinnar ánægju. Þeir eru einmitt áberandi merki vorkomunnar.“ Kristján segir kanínur meira áberandi með hverju árinu þótt refur og minkur haldi þeim eitthvað niðri. Fyrstu ungarnir sjást á spretti um þetta leyti árs.

- ve



Kanínur verða meira áberandi í Heiðmörk með hverju árinu sem líður en fyrstu ungarnir sjást um þetta leyti árs.



● **UMHIRÐA GARÐA** Verkefnin í garðinum er yfirskrift námskeiðs sem Endurmenntun háskólans stendur fyrir hinn 10. maí í samstarfi við HORTICUM menntafélag.

Þar er sjónum beint að umhirðu á einka-, fjölbýlishúsa- og sumarhúsalóðum og gert ráð fyrir að þátttakendur hafi brennandi áhuga fyrir garðrækt og faglegum vinnubrögðum.

Fjallað verður um áburðargjöf, umhirðu grasflata, slátt, illgresishreinsun og útplöntun svo nokkuð sé nefnt og sérstök áhersla lögð á umhverfisvænar leiðir.








Flestar krydd- og matjurtir má setja út í garð um leið og hættir að frysta.



Gera má upp gömul húsgögn og hafa í garðinum til að fá sumarlegan sveitastíl.



Maí er kjörinn til að sá fræjum og stinga niður græðlingum fyrir sumarið.



Flestum finnst best að fá hreinan þvottinn eftir að hann hefur hangið úti til þerris í vorgolunni. NORDICPHOTOS/GETTY



Nauðsynlegt er að undirbúa jarðveginn fyrir sumarið, sérstaklega í matjurtagörðum.

# Garðverkin á næsta leiti

**Með hækkandi sól og lengri dögum fylgir ýmis vinna sem huga þarf að í garðinum.**



Vorið er góður tími til að undirbúa afslöppun í sól og hita yfir sumarið. Eitt af því fyrsta sem gefur til kynna að vorið sé komið er möguleikinn á því að hengja út hreinan þvottinn til þerris. Því fylgir alveg sérstök stemmning og ilmurinn sem kemur af þurrum þvottinum er engu líkur. Þó eru ekki öll vorverkin þannig að þau leiði af sér eitthvað hreint. Í sumum tilvikum verður maður að skíta sig svolítið út, en froslaus jörðin er ekki lengi að verðlauna þá sem huga að henni á þessum tímum, með matjurtum, blómum og öðrum ilmandi gróðri. - SV


# Ný þjónusta fyrir garðeigendur!

## Tvær grænar leiðir að sama marki

**Gámaþjónustan hf býður nú þjónustu við garðeigendur á höfuðborgarsvæðinu á söfnun garðaúrgangs með tveimur mismunandi leiðum, Garðapoka og Garðatunnu.**

**Garðapokinn** er veglegur og traustur plastpoki fyrir garðaúrgang. Þeir eru seldir 5 stk. í pakka og er hirðing pokanna ásamt innihaldi innifalin í verði. Þú pantar Garðapokann á **www.gardapokinn.is**, færð staðfestingu á pöntun og við sendum þér síðan pokana heim.

Þegar þú pantar hirðingu á pokunum ferðu inn á **www.gardapokinn.is** og fyllir út beiðni. Einnig er hægt að hringja í síma **535 2520** og panta hirðingu. Í báðum tilfellum verða pokarnir sóttir samkvæmt áætlun sem hægt er að sjá á heimasíðunni.

**Garðatunnan** er 240 lítra tunna sem íbúar gerast áskrifendur að. Þú pantar Garðatunnuna á **www.gardatunnan.is**, fyllir út beiðni og tunnan verður send til þín. Hún er losuð á tveggja vikna fresti yfir sumarmánuðina og er hægt að sjá losunardaga á **www.gardatunnan.is**.







EINN, TVEIR OG ÞRÍR 21.519

Gardatunnan.is

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Gardapokinn.is

Hringhellu 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 535 2520 • gamar@gamar.is • www.gamar.is



● **RÉTT ÁHÖLD** Þótt ekki sé runninn upp tími trjáklippinga er mikilvægt að hafa réttu áhöldin þegar að þeim kemur í sumar. Best er að nota sög til að klippa stórar trjágreinar en hvassar klippur á þær minni. Áríðandi er að áhöldin rífi ekki eða særi heldur skilji eftir sig snyrtileg og hrein sár, sem trén loka síðan með kvoðu eða safa á réttu árstímunum. Þar sem safastreymi er minna á haustin er hins vegar hætt við að sárin lokist ekki og því getur óværa komist í þau og inn í vef trésins. Því er betra að klippa á sumrin.

● **NEYÐARKALL** Ekki eru allir svo lánsamir að vera með græna fingur auk þess sem sum garðverk eru hreinlega þess eðlis að vana menn þarf í verkið. Á Íslandi eru starfrækt fjölmörg fyrirtæki sem annast helstu garðverk, svo sem að fella og fjarlægja tré og annan garðúrgang, hlaða grjótveggi, leggja rotþrær og margt fleira. Þeirra á meðal er fyrirtækið Vorverk en um það má lesa á www.vorverk.is.





● **GLANSANDI FÍNIR GLUGGAR AÐ VORI** Blessuð sólin elskar allt segir í kvæðinu enda tökum við henni fagnandi þegar fer að vora. Sólargeislarnir afhjúpa þó illilega óhreinindin á gluggarúðunum svo eitt af vorverkunum er að þrífa gluggana.

Einfaldast er að blanda uppþvottalegi út í volgt vatn til að þvo rúðurnar upp úr en líka er hægt að blanda einum desilítra af borðediki út í einn lítra af vatni. Edikið verkar vel á fitu og býr til gljáa. Þegar rúðurnar eru þvegnar er gott að bleyta þær vel með svampi eða gömlu handklæði þar til óhreinindin eru laus. Þá skal skafa rúðuna með gúmmísköfu og varast að skilja eftir línur og tauma á glerinu, best er að skafa alltaf í sömu átt. Ef ekki er gúmmískafa við höndina skal þurrka rúðuna með mjúkum klút og pússa jafnvel með dagblöðum en prentsvertan eykur einnig gljáa. Þótt gott sé að sinna útiverkum í sólinni eru sólskinsdagar ekki hentugir til gluggaþvotta þar sem sólin þurrkar rúðuna hratt og hættara er við að taumar myndist.

# Burt með allan mosa

Barátta við mosa er mörgum höfuðverkur, en þessi vágestur lætur iðullega á sér kræla á vorin sem er hans helsti vaxtartími. Best er að fara vopnaður annaðhvort hrífu eða mosatætara út í garð eftir magni mosans og bera kalk á flötina þegar verkinu er lokið, þar sem mosinn þrífst verr í kalríkum jarðvegi. Þá er tilvalið að bera áburð á flötina svo grasið nái yfirhöndinni í baráttunni við mosann og er best að gera það í maí, júní og júlí meðan á vaxtartíma grassins stendur.



**Nú er tímabært að láta til skarar skríða gegn mosanum.**


www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



Sérblað um grill

Kemur út fimmtudaginn 6. maí

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband
Benedikt • bfj@365.is • Sími 512 5411
Sigríður • sigridurdagny@365.is • Sími 512 5462



**● SAFNHAUGUR** Lífrænn úrgangur byrjar að falla til í garðinum í maí. Því er ekki seinna vænna en að koma sér upp fínum safnhaugskassa séu menn í þess konar hugleiðingum. Slíkan kassa má hæglega smíða en er þó einnig hægt að kaupa. Vorin eru jafnframt góður tími til að huga að úrgangi frá síðasta sumri og bæta mold og kalki eftir þörfum í hauginn til að jarðvegurinn sem myndast verði ekki of þéttur í sér.



**● RYKINU FLETT ÚR BÓKUNUM** Stórt bókasafn inni á heimilinu er mikil prýði en bækur geta safnað ryki ef þeim er sjaldan flett. Það ætti því að tilheyra vorhreingerningunni að dusta rykið af skruddunum.

Tilvalið er að nota góðan sólskinsdag til að bera bækurnar allar út í stöflum. Setjast svo niður og fletta í gegnum hverja einustu bók og leyfa golunni að blása burtu rykinu af síðunum. Til dæmis gætu krakkarnir í hverfinu unnið sér inn aura með því að fletta gegnum bækurnar svo verkið gangi hraðar. Á meðan skal strjúka úr bókahillunum með rökum klút og raða svo brakandi hreinum bókunum aftur upp í hillu.



**● SLÁTTUR** Ekki er tímabært að hefja slátt fyrr en í lok maí þegar grasið er búið að ná sæmilegri sprettu. Er þá ráðlagt að snöggslá ekki grasið með sláttuvélina í lægstu stillingu, heldur gefa því svigrúm svo það nái sér almennilega á strik og gerast stórtækari síðar.


# Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.






*Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.*

**Frí heimsendingarþjónusta til eldri borgara og öryrkja.**

AFGREIÐSLUTÍMI
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



512 Auglýsingasími 54 01




Allt sem þú þarft...

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



SSANGYONG KYRON TDI. 7/2007 model 2008, ek 46 þ.km, DÍSEL, Sjálfskipturt Topp-bíll með öllu. TILBOÐ 3.750 Listaverð rúmar 4.300þ Rnr.151210 Óskum eftir BÍLUM-HJÓLUM-FERÐAVÖGNUM á söluskrá okkar. WWW.HOFDABILAR.IS

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

bifreiðasalan



LINCOLN NAVIGATIOR 7-2005 EK 91Þ BÍLL MEÐ ÖLLU ATH ÖLL SKIPTI V-5190 TILBOÐ 3950 STGR RAÐNÚMER.192655



MINI ONE R50 6-2002 EK 85Þ V-1790 TILBOÐ 1290 RAÐNÚMER.131297



TOYOTA COROLLA H/B SOL 2-2007 EK 57Þ SJÁFSK. V-2390 VILL SKIPTA Á DÝRARI RAV 4 EÐA CRV 2007 OG YNGRI RAÐNÚMER.192705



BMW 740I 1995 EK-180Þ V-990 TILBOÐ 590 STGR RAÐNÚMER.192687

ER MEÐ KAUPANDA AF TERRANO DISEL 2002-03 OG FORD EXCURSION CA.2000 ÁRG.EINNIG MEÐ KAUPANDA AF BÍLUM MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI MIKIÐ ÚRVAL AF GÓÐUM BÍLUM Á MJÖG GÓÐUM VERÐUM EINNIG ER MEÐ MIKIÐ AF BÍLUM SEM ERU TIL Í ALLSKONAR SKIPTI D/Ó TVO Í EINN OG FLEIRA OG FLEIRA VANTAR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN

**Bifreiðasalan**
**Stórhöfði 15, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**

TOYOTA SELFOSSI



TOYOTA COROLLA L/B TERRA, raðnr 138073, Nýskráður 7/1999, Ekinn 161 Þ.KM, skipt var um tímareim í 99.000. er á góðum heilsársdekkjum, ásett verð 490.000. Bíll sem er á staðnum.

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**

100bilar.is bílasala




Cadillac Escalade AWD, árg. 6/2007, ek. 14þús.km, 404hö, sjálfskiptur, DVD & playstation,sumar & vetrar dekk, LÍTUR ÚT SEM NÝR og með öllum aukahlutum!, Ásett verð 8990þús.kr! er á staðnum

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



VW Passat1.8, árg. ,99 ek. 136þús ssk. , leður. Verð 550þús Uppl. s. 693 2991.



HYUNDAI ELANTRA árg. ,96. fallegur og vel með farin bíll. kr. ca. 200.000. Uppl. í s. 690 0008.



Til sölu Skoda Oktavia station árg ,05 bensín vél 2,0 ek.79þús. Álfelgur, beinsk., dráttarkúla, skoðaður ,11 listaverð 1425 ásett 1190 þúsund Upplýsingar í síma 868 2352.



Til sölu vw póló árg 98 1,4 beinsk grænn 5-dyra ekinn 185 þús ný timareim skoðaður 11 góður bíll verð 290 þúsund uppl gsm 892 7852



Toyota LC 120 LX Mjög falllegur 35" breyttur ekinn aðeins 37 þús km. skráður 11/07 verð 7.5 m. Simi 892 1397.



Til Sölu. Ford f 150 Lariat 2007 ekinn 67þ. 34" dekk, palllok, klæddur pallur, burðarloftpúðar að aftan. V. 3.450þ. S. 698 7976.



Polaris Sportsman 500 - 6x6. Árg'07. Nýskráð 10.09.07. Ek 125km sem nýtt. Vélarst. 500cc. Aukab. spil-dráttarkúla-vindrúða og aukasæti fyrir farþega. Til sýnis og sölu hjá Stormur ehf. Klettháls 15. S. 577 1717.

Til sölu Toyota Carina árg. ,88 nýbúið að skipta um vél. Tilboð óskast í s. 659 3029.

Fleetwood Utah skráð ,08. Notað 3x. Allir aukahlutir, t.d. fortjald. S. 856 3498.

Tilboð óskast í VW Vento GL árg. ,95 ek. 130 þús. km. Bíll skoðaður, í góðu lagi. Þarfnast útlits lagfæringa. Uppl. í s. 892 6113.

## 0-250 þús.



**!!! lítið ekinn, ódýr !!!**
Peugeot 306 station árg ,98 ekinn aðeins 123þús km, beinskiptur, álfelgur, ásett verð 390þús, fæst á aðeins 195þús stgr, bíllinn þarfnast lítilla lagf, uppl í s:659 9696

Nissan Almera ,98 ek. 190þ. km. 1600 cc, 4ra d., hvítur, sjsk. Tilboð. Uppl. í s. 697 3557 eda 566 7743

## 250-499 þús.



**!!! frábær fjölskyldubíll !!!**
MMC Spacestar árg ,00, ekinn aðeins 124þús, beinskiptur, mjög rúmgóður og þægilegur bíll sem að eyðir litlu, ásett 490þús, Tilboðsverð aðeins 380þús, uppl í s:659-9696

## Bílar óskast

**!!! 0-200þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 200þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

**Vantar ódýrann**
Vantar ódýrann bíl. Má þarfnast lagfæringar. Skoða allt. Allar tegundir, allar árgerðir. S. 857 9326.

Óska e.að kaupa notaða diesel-lyftara frá árg.1980. Uppl.í s.866 0471

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

## Sendibílar




Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

## Húsbílar



Renault master/Knaus 2005 3.0L disel 6gíra ekinn 22þús gerfihnattadiskur,flatskjár,hjólagrind og stigi,útvarp,markísa,sólarsella,bakkmyndavél,stuðningsfætur,reyklaus verð:9.500.000

## Mótorhjól


elf
Gleðilegt sumar !
Elf olíur á öll mótorhjól
Velkomin í verslun okkar að Tunguhálsi 10, Rvk.
Opið:
mán-fim. 8.00-17.30
föstud. 8.00 - 17.00
kemi
...svo allt gangi smurt
www.kemi.is




Til sölu Yamaha R6 árg 2008, hjól í topp standi,ek 2þ km,nýtt kraft púst á hjólinu.V. 1.250.000.Uppl í S. 899 5922.

## Hjólhýsi



Til sölu TEC travel king 710 TK árg.'08. Fortj, 2 geymar, sólasella, og fl Mjög gott og vel með farið hús. Skoða upptöku á minna húsi Verð 4,3m uppl. S. 660 1303

Hjólhýsi til sölu. Hoppy Excelsior árg ,07 560 UFE. Breidd 2.50. Lítið notað. Uppl. í s. 895 1109.

## Tjaldvagnar

Til sölu Combi Camp Venezia Árg.2001 skoðaður 2011.Verð 350þús. s 8951890

## Lyftarar

Körfubílar ehf.



**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

## Bátar

Viðgerðaþjónusta, sport og bátavörur. Gúmmíbátar & Gallar S:571 1020 www.gummibatar.is

## Hjólbarðar

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

Ódýr notuð dekk. Umboðssala fyrir notuð dekk. Dekkjasalan, Dalshrauni 16, Hafnarfirði. S: 587-3757. Myndir og verð á www.dekkjasalan.is.


Auglýsingasími
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...


## Bílar til sölu

**Toyota Kletthálsi** TOYOTA



**Toyota Land Cruiser 120 VX**
Dísil, sjálfsk.
Á götuna: 03/2006
Ekinn: 24.000 km
Verð: 6.500.000 kr.



**Ford Escape**
3000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 04/2006
Ekinn: 71.000 km
Verð: 2.490.000 kr.
**Tilboð: 1.990.000 kr.**



**Hyundai Galloper**
Dísil, 7 manna, sjálfsk.
Á götuna: 10/2000
Ekinn: 180.000 km
Verð: 490.000 kr.
Ný skoðaður 2011



**Toyota Yaris**
1000, bensín, 5 gíra
Á götuna: 06/2000
Ekinn: 145.000 km
Verð: 590.000 kr.



**Toyota Avensis W/G Sol**
2000, Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 07/2008
Ekinn: 44.000 km
Verð: 4.690.000 kr.
**Tilboð: 3.990.000 kr.**

Toyota Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.bnb.is

Today Tomorrow Toyota

## Til sölu

**Þessar hágæða Bón & Bílhreinsivörur fást á Höfðabílum**
**Fosshálsi 27 f. ofan Ölgerðina**
***OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 10-18***

MOTHERS®
Polishes•Waxes•Cleaners



**Hægt er að panta þær á www.mothers.is &**
**S. 898 2832 mothers@mothers.is**

## Til sölu

# Nú margborgar sig að kveikja á kertinu!

**Verðdæmi um kerti fyrir:**

| | |
|---|---|
| Subaru Legacy | kr. 675 stk. |
| Audi A6 | kr. 675 stk. |
| Toyota Yaris | kr. 675 stk. |
| Toyota Corolla | kr. 675 stk. |
| VW Passat | kr. 675 stk. |
| o.fl. | |




**Ný sending af Autolite kertum í bíla Frábært verð!**

Bílabúð Benna

Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000 - benni@benni.is - www.benni.is

## Snyrting

**Snyrtibekkur**
Óska eftir að kaupa snyrtistól og ýmislegt annað varðandi snyrtistofurekstur. Uppl. í s. 663 4929.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Námskeið fyrir börn og fullorðna. Skráning á www.brokey.is & s: 895 1551 Siglingafélag Reykjavíkur

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



CHESTERFIELD SÓFI OG TVEIR STÓLAR TIL SÖLU UPPL -8977345

## Dýrahald



Til sölu Langhunda hvolpur siðhærður tilbúin til afhendingar nánari uppl i sima 845 2321.

Til sölu yndislegir hvítir mini poodle hvolpar Tilbúnir 1. maí, þá 8 vikna. S. 896 2114.

Gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091. 123.is/viking.

Rottweiler hvolpar til sölu. Uppl í S. 849 1580

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

ALLT FASTEIGNIR
Fasteignasala og leigumiðlun
www.alltfasteignir.is
S. 565 1233
Fasteignir óskast

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.



## Húsnæði í boði

2herb 50 fm íbúð í 170 laus v. 80þ. bankaábyrgð uppl. á íslensku í s. 695 2960.

Til leigu ný 2ja herb. íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Reglusemi og snyrtimennska skilyrði. Fyrirframgreiðsla. Uppl. í s. 897 9390 og 896 1306.

Einstaklingsíbúð í Vesturbergi , 111 RVK, laus strax. Stutt í bæði skóla, sund, strætó og aðra þjónustu. Uppl í 5571861 eða 8241861 eftir 16:00.

ROOM f/RENT w/FURNITURE IN 108 NEAR KRINGLA AND IN 109 AND 111 BREIÐHOLT 8973611

**Stór 2ja herbergja íbúð í Breiðholti**
Til leigu nýuppgerð stór 2ja herbergja íbúð í neðra Breiðsholti. Leigist 3 mánuði í senn. Leiga 110 þús pr. mán. Húsgögn fylgja. Traustir ábyrgðarmenn verða að vera. Upplýsingar um samningsgerð gerir Víðir í s. 698 0318 Um ástand gefur Heimir í s. 896 5120

## Húsnæði óskast

óska eftir 2-3 herbergja íbúð á leigu í hafnarfirði sem fyrst,langtímaleiga!. meðmæli,bankatrygging. uppl.í s.6922086

Söðlasmiðurinn í mosó óskar eftir húsnæði 20-35fm húsnæði eða bílskúr. Uppl s. 661 8864

3ja herbergja íbúð til langtímaleigu óskast f. mig og dóttur mína, helst í 105. Greiðslugeta um 100þús. Uppl. i s. 659 2895.

Óska eftir íbúð til leigu sem fyrst. S. 692 8425.

## Fasteignir

**Fjárfestar**
180.000 evru lán óskast í 1 ár. Tryggt með 1. veðrétti í húsi í Þýskalandi. framtid12@visir.is

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði. Stærðir frá 180 til 530 ferm S. 660 1060.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Starfsfólk óskast í hlutastarf við þrif á hótelíbúðum í miðbæ Rvk.Vinnut.frá 10-14 eða 11-15.Uppl í s.8974912 milli kl 10-13 eða á larus@simnet.is

Óska eftir vönum starfskrafti í sauðburð á Norðurlandi Vestra. Uppl í síma 696 5181

Stýrimann og vélstjóra vantar á rækjutogara sem fer til veiða í hvallál uppl: 8930389 / 8488234

## Atvinna óskast

Óska eftir vinnu á skipi, allskonar vinnu. Er útskrifuð úr tækniskólanum. S. 698 3553.

## Viðskiptatækifæri

Til sölu Hollywood tanklefi. Ath. öll skipti. Ath. á mótorhj., vélsl., bíl. S. 860 0866.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Stefnumót.is Vandaður og siðprúður vefur fyrir fólk sem langar í félagsskap, vinskap eða varanleg kynni. Vefurinn er gjaldfrjáls. Stefnumót.is.

Stefnumót.is Vandaður og siðprúður vefur fyrir fólk sem langar í félagsskap, vinskap eða varanleg kynni. Vefurinn er gjaldfrjáls. Stefnumót.is.

26 ára ljóshærð kona vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8241.

Samkynhn. KK ath: Nú er mikið af nýjum auglýsingum á Rauða Torginu Stefnumót. Þú heyrir auglýsingar í s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort) og auglýsir sjálfur frítt í s. 535-9923.

## Fundir / Mannfagnaður

**Heimili og skóli**
Landssamtök foreldra

# Aðalfundur

**Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra verður haldinn miðvikudaginn 12. maí kl. 16:00 að Suðurlandsbraut 24, 3 hæð.**

**Dagskrá: Hefðbundin aðalfundarstörf.**

***Stjórnin***

**FAAS**

**Aðalfundur FAAS** – félags áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma - verður haldinn mánudaginn þann 10. maí 2010 á Grand Hóteli, Sigtúni 38 í Reykjavík og hefst hann stundvíslega kl. 20:00. Húsið verður opnað kl. 19:30.

**Dagskrá**
1. Fundur settur; María Th. Jónsdóttir formaður
2. Skýrslur afmælis- og laganefndar FAAS
3. Venjuleg aðalfundarstörf
4. Önnur mál

Vakin er athygli á að samkvæmt lögum FAAS hafa þeir einir rétt til að sitja aðalfund sem lokið hafa greiðslu árgjalds liðins árs.

*Ath.semd raðauglýsingadeildar Fréttablaðsins. Þau leiðu mistök urðu að þessi auglýsing birtist ekki í mánudagsblaðinu 3 maí, eins og fyrir var lagt, og er beðist velvirðingar á því.*

## Fasteignir

# SPENNANDI EIGNIR Á GÓÐU VERÐI



### Norðurbakki
**220 Hafnarfjörður**

109 fm, 3ja herbergja útsýnisíbúð á þriðju hæð með bílageymslu við gömlu höfnina í Hafnarfirði.

Opin og björt íbúð á frábærum stað í hjarta Hafnarfjarðar. Tvö rúmgóð svefnherbergi og þvottahús. Opið eldhús- og stofurými með stórum gluggum, góðum svölum og frábæru útsýni yfir gömlu höfnina. Bílastæði og geymsla fylgja í kjallara sem tengist íbúðinni með lyftu. Á þaki hússins er sameiginleg verönd með frábæru útsýni.

Baðherbergi er flísalagt, vel búið tækjum og með baðkari og sturtu. Að öðru leyti er íbúðin tilbúin undir tréverk.



### Urðarbrunnur
**113 Reykjavík**

202 fm parhús á tveimur hæðum á góðum stað með miklu útsýni í Úlfarsfelli.

Reisulegt og rúmgott parhús á frábærum stað. Gengið er inn í opið og gott rými á efri hæð með 24 fm svölum og frábæru útsýni. Á neðri hæð eru stór svefnherbergi, hol og hjónasvíta með fataherbergi og sér baði. Húsið, sem er með innbyggðum bílskúr, er rúmlega fokhelt að innan en gert er ráð fyrir útipotti og hita í plani að framan. Stutt er í alla þjónustu og skemmtilegar gönguleiðir við Úlfarsfell.

Húsið er nánast tilbúið að utan fyrir flísalögn, málningu eða klæðningu; veggir eru einangraðir og raflagnaleiðir komnar í steypta innveggi og útveggi.



### Víðines
**311 Borgarnes**

Reisulegt 130 fm sumarhús með 70 fm bílskúr á eignarlandi við Norðurá.

Húsið skiptist í aðalhús og gestahús með bílskúr í kjallara. Komið er inn í anddyri með innangengt í þvottaherbergi og geymslu. Stofa og eldhús með fallegu útsýni yfir Norðurá. Þrjú rúmgóð svefnherbergi og gert ráð fyrir fataskápum í þeim öllum. Rúmgott baðherbergi.

Gestahús er með góðu svefnherbergi, baðherbergi og geymslu/sturtuaðstöðu fyrir heitan pott.

Húsið er smíðað úr steyptum einingum með steináferð og stálgrind klædd áli og gleri yfir stofu. Stórar rennihurðir opnast út á pall. Vandaðir ál/trégluggar eru í húsinu. Húsið er fullbúið að utan og lóð grófjöfnuð, búið að fleyga ramp niður í bílskúr. Búið að setja upp milliveggi, ganga frá raflagna leiðum og vatnslögnum í veggjum. Gólfhiti er í gólfum og þau tilbúin fyrir gólfefni. Grind fyrir loftaklæðningu í stofu og eldhús tilbúin fyrir klæðningu. Öll inntök komin inn í hús ásamt skolpkerfi sem er tengt. Klósettkassi fyrir upphengt salerni og klósett tengt í gestahúsi.



### Kaupvangur
**700 Egilsstaðir**

Frábær útsýnisíbúð á 7. hæð í góðu lyftuhúsi.

Íbúðin er vel búin og með góðum gólfefnum. Vandaðar yfirfelldar innihurðir úr eik en innréttingar og skápar eru með spónlagðri eik. Baðherbergi er flísalagt, með baðkari og með stílhreinni hvítri innréttingu. Sjónvarps- og símatenglar eru í öllum herbergjum. Sérgeymsla í kjallara fylgir sem og hlutdeild í hjóla- og vagnageymslu á 1. hæð. Öll sameign er fullfrágengin og snyrtileg.

UMTAK FASTEIGNAFÉLAG

Nánari upplýsingar veitir Sævar Ólafsson

Sími: 660-3331 • Tölvupóstur: saevar@umtak.is

**EIGNAMIÐLUN** Reykjavík



Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Frá 1957
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

## Hólavað 13-27 - Norðlingaholt




Ný tvílyft, samtals 146,7 fm raðhús á fallegum stað við Hólavað í Norðlingaholti. Húsin eru staðsteypt og eru fullbúin að utan. Þrjú svefnherb. tvær snyrtingar. Inngönguhurð úr harðvið. Lóðin er grófjöfnuð. Útveggir eru steinaðir. Húsin seljast í því ástandi sem þau eru í við skoðun.
**Endahús nánast tilb. til innr. V. 31,0 m.**
**Miðjuhús nánast tilb. til innr. V. 29,0 m.**
**Endahús nánast fullbúið. V. 37,0 m.**
**OPIÐ HÚS Í DAG (ÞRIÐJUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00**

## Uppboð

**Sýslumaðurinn á Húsavík**
Útgarði 641 Húsavík, s: 464 1300

# UPPBOÐ

Eftirtalin bifreið verður boðin upp við lögreglustöðina á Húsavík, þriðjudaginn 11. maí 2010 kl. 14:00:

KN-405

Greiðsla við hamarshögg.

Sýslumaðurinn á Húsavík

03. maí 2010

## Tilkynningar

Skipulags stofnun

### Líparítvinnsla í Hvalfirði í Hvalfjarðarsveit

**Mat á umhverfisáhrifum - Athugun Skipulagsstofnunar**

Umhverfisráðgjöf Íslands ehf., f. h. Sementsverksmiðjunnar á Akranesi, hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um Líparítvinnslu í Hvalfirði.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **3. maí til 22. júní 2010** á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu UMÍS: **www. umis.is**.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **22. júní 2010** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 með síðari breytingum.

**Skipulagsstofnun**

visir.is
"...ég sá það á vísi"



Sumargjöf
10.000 kr.
AFSLÁTTUR

# um Evrópu




**Ísland**

- Frankfurt Hahn
- Friedrichshafen
- Genf
- Lúxemborg
- Rotterdam
- Birmingham
- Varsjá
- Kraká
- Gdansk
- Basel

Flugsæti á frábæru verði í júní

**Evrópa**



### » Varsjá
10.–14. júní
**89.900 kr.** á mann í tvíbýli
Fararstjóri: Urður Gunnarsdóttir

### » Garda-vatnið
21.–28. júní
**135.700 kr.** á mann í tvíbýli
Fararstjóri: Lilja Hilmarsdóttir

### » Upplifðu Lúxemborg
24.–29. júní
**99.800 kr.** á mann í tvíbýli

**Express ferðir**
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express
Sími: 5 900 100 | www.expressferdir.is




## Ferðaleikur fyrir fluggáfaða ferðalanga

Hvernig ertu að þér í Júrófræðunum? Taktu þátt í stórskemmtilegum Eurovision-leik okkar, þú gætir unnið flug fyrir tvo til Óslóar, heimaborgar Eurovision í ár. Það er einfalt að taka þátt, hér eru 20 hæfilega þungar spurningar tengdar Eurovision sem þú svarar, ferð svo inn á **www.icelandexpress.is/eurovision** og setur þar inn svörin þín. Það er ekki eftir neinu að bíða, einn, tveir og byrja!

**1. Hvaða land vann Eurovison árið 1999?**
- ☐ a. Þýskaland
- ☐ b. Ísrael
- ☐ c. England
- ☐ d. Svíþjóð
- ☐ e. Belgía

**2. Hvar var Eurovision-keppnin haldin árið 1986?**
- ☐ a. Sviss
- ☐ b. Hollandi
- ☐ c. Noregi
- ☐ d. Spáni
- ☐ e. Rúmeníu

**3. Hvað hét framlag Norðmanna árið 1986?**
- ☐ a. Romeo
- ☐ b. Haraldur V
- ☐ c. I love you baby
- ☐ d. Julia
- ☐ e. Fleksnes

**4. Frá hvaða landi var söngflokkurinn Teach-In sem sigraði Eurovision árið 1975 með laginu Ding-A-Dong?**
- ☐ a. Danmörku
- ☐ b. Albaníu
- ☐ c. Hollandi
- ☐ d. Andorra
- ☐ e. Englandi

**5. Um hvaða mannvirki í Berlín söng Norðmaðurinn Ketil Stokkan í Eurovision árið 1990?**
- ☐ a. Sjónvarpsturninn
- ☐ b. Kino International
- ☐ c. Berlínarmúrinn
- ☐ d. Brandenborgarhliðið
- ☐ e. Konrad Tönz barinn

**6. Hvað hét söngflokkurinn sem flutti Gleðibankann 1986?**
- ☐ a. HelgEirPálm
- ☐ b. Bankastjórnin
- ☐ c. Icy
- ☐ d. Crazy Icelanders
- ☐ e. The Icelings

**7. Hvaða norski söngdúett flutti lagið La det swinge árið 1985?**
- ☐ a. Lobbyists
- ☐ b. The Bobby Ewings
- ☐ c. Bobbysocks
- ☐ d. The Polka Dots
- ☐ e. Olsen Olsen

**8. Fyrir hvaða land söng Céline Dion í Eurovision árið 1988?**
- ☐ a. Noreg
- ☐ b. Möltu
- ☐ c. Kýpur
- ☐ d. Sviss
- ☐ e. Frakkland

**9. Í hvaða landi var Eurovision haldið þegar Selma lenti í 2. sæti?**
- ☐ a. Ísrael
- ☐ b. Finnlandi
- ☐ c. Úkraínu
- ☐ d. Tyrklandi
- ☐ e. Jórdaníu

**10. Hvað heitir leikkonan sem lék Silvíu Nótt?**
- ☐ a. Ásta Elva Erlendsdóttir
- ☐ b. Ágústa Elva Erlingsdóttir
- ☐ c. Ágústa Eva Erlendsdóttir
- ☐ d. Ásthildur Eva Erlingsdóttir
- ☐ e. Hrafndís Hólmbertsdóttir Briem

**11. Hver flutti framlag Breta árið 1969?**
- ☐ a. George Harrison
- ☐ b. Lulu
- ☐ c. Mick Jagger
- ☐ d. Margaret Thatcher
- ☐ e. Mike Oldfield

**12. Hver samdi lagið Angel sem Íslendingar sendu í Eurovision árið 2001?**
- ☐ a. Sigvaldi Kaldalóns
- ☐ b. Einar Bárðarson
- ☐ c. Jónsi
- ☐ d. Jakob Frímann Magnússon
- ☐ e. Geir Ólafs

**13. Hvert var íslenska heiti lagsins Open Your Heart sem Birgitta Haukdal söng í Eurovision?**
- ☐ a. Þú ert úti um allt
- ☐ b. Mér er svo kalt
- ☐ c. Leigðu mér malt
- ☐ d. Segðu mér allt
- ☐ e. Réttu mér salt

**14. Hvaða stórhertogadæmi, sem Iceland Express flýgur til, hefur unnið Eurovision 5 sinnum?**
- ☐ a. Sviss
- ☐ b. Lúxemborg
- ☐ c. Hessen í Þýskalandi
- ☐ d. Vatíkanið
- ☐ e. Jórdanía

**15. Hverjir flugu á vængjum ástarinnar?**
- ☐ a. Olsen-bræður
- ☐ b. Hansen-bræður
- ☐ c. Johnnie and the Logans
- ☐ d. Kim Larsen og Gasolin
- ☐ e. Dodo and the Dodos

**16. Í hvaða landi, sem Iceland Express flýgur til, var Eurovision-keppnin haldin þegar Stebbi og Eyfi sungu Nínu?**
- ☐ a. Noregi
- ☐ b. Spáni
- ☐ c. Þýskalandi
- ☐ d. Ítalíu
- ☐ e. Danmörku

**17. Í hvaða borg, sem Iceland Express flýgur til, var Eurovision-keppnin haldin 1998 þegar Dana International sigraði?**
- ☐ a. Bergen
- ☐ b. London
- ☐ c. Birmingham
- ☐ d. Kaupmannahöfn
- ☐ e. Varsjá

**18. Hvers lensk er Nicole sem sigraði Eurovision árið 1982?**
- ☐ a. Dönsk
- ☐ b. Belgísk
- ☐ c. Þýsk
- ☐ d. Spænsk
- ☐ e. Frönsk

**19. Hvaða þjóð sigraði árið sem Ísland tók fyrst þátt?**
- ☐ a. Danmörk
- ☐ b. Holland
- ☐ c. Kýpur
- ☐ d. Belgía
- ☐ e. Ísrael

**20. Á hvaða hljóðfæri spilar Alexander Rybak?**
- ☐ a. Sög
- ☐ b. Hörpu
- ☐ c. Fiðlu
- ☐ d. Selló
- ☐ e. Kontrabassa

**Allt orðið kórrétt?**

Smelltu þér þá inn á www.icelandexpress.is/eurovision og settu inn svörin þín.

**Gangi þér vel!**



## Hafðu það heitt í sumar!

# Suður-Evrópa



Sóldýrkandinn vill vera þar sem heitt er. Birta, sólarolía, passlegt magn af kókoslykt og kræsilegir kokteilar hugnast honum vel. Ekki þykir honum verra að stinga tánum í þægilega hlýjan sjóinn með skríkjandi glöð börn allt um kring. Vatnsrennibrautin og golfvöllurinn mega þó aldrei vera langt undan.

Sleiktu sólina með okkur og öllum hinum sóldýrkendunum á Alicante og Bologna í sumar.




**Vantar þig hótel?**

Á vefnum okkar **www.icelandexpress.is/hotel** finnurðu hótelið sem þig vantar, hvar sem er í heiminum.

**Iceland Express**

**Evrópa frá:**

# 14.900 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

# „Leigðu bíl hjá Budget og fáðu meira fyrir minna!“



**Í samstarfi við Iceland Express býður Budget bílaleigan öllum viðskiptavinum flugfélagsins bílaleigubíla á hagstæðu verði ásamt gæðaþjónustu á öllum áfangastöðum Iceland Express.**

Þú finnur Budget bílaleigur á yfir 2700 stöðum í heiminum hvort sem þú ert í viðskiptaferð eða að njóta sumarleyfisins. Hvers vegna ekki að hafa þægindin í fyrirrúmi, leigja bíl og ferðast með stæl!

Budget – alltaf frábær kjör, frábært verð, frábær kostur á frábærum stöðum.

Bókaðu núna á **www.icelandexpress.is** eða hringdu í Budget Ísland í síma **562 6060** og kynntu þér málin.

Budget
Car and Van Rental

Iceland Express



## Iceland Express flýgur v

# Farð

**Winnipeg**
**2 x í viku**






**New York**
**4 x í viku**

www.icelandexpress.is



Sumargjöf
10.000 kr.
AFSLÁTTUR

estur um haf

# ðu vestur!

Kaninn er kurteis og höfðingi heim að sækja. Honum leiðist ekki að borða góðan mat og sker hann sjaldan við nögl. Kaninn er afslappaður í fasi og leggur mikið upp úr því láta fara vel um sig. Hann er stoltur af landi sínu og þjóð og þætti ekkert skemmtilegra en að fá þig í heimsókn.

New York er einstök. Það þekkja þeir sem þangað hafa komið. Við ætlum að fljúga þangað fjórum sinnum í viku í allt sumar. Bókaðu flugið þitt til New York núna, Stóra eplið bíður!

Kanadamaðurinn er ákaflega réttsýnn og friðelskandi. Hann er stoltur af uppruna sínum, hvort sem hann á ættir að rekja til Frakklands, Bretlands eða Íslands, svo ekki sé minnst á Indjánann sem hefur verið í Kanada frá örófi alda. Kanadamaðurinn býr til kynstrin öll af hlynsýrópi og heldur bestu pönnukökupartí í heimi. Hann er mikill náttúruunnandi og þykir afar vænt um elgi, hvítabirni og hvers kyns laxfiska. Hann býr í víðfeðmu landi sem getur lengi tekið við ferðamönnum – og er Íslendingurinn sérstaklega velkominn.

Við bjóðum flug til Winnipeg fyrir aðdáendur Íslendingabókar – og auðvitað alla hina. Flogið verður einu sinni í viku í júní og svo tvisvar í viku í júlí og ágúst. Það er kominn tími til að þú og Kanada kynnist.



Iceland Express

**Bandaríkin frá:**

**24.900 kr.**

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.



**New York, New York!**

19.–24. ágúst

Verð frá

**145.000 kr.**

á mann í tvíbýli

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Sími: 5 900 100 | www.expressferdir.is



Gott fyrir...
þá sem eiga GottKort
2 fyrir 1
til allra áfangastaða
Iceland Express
Hægt er að bóka til 20. maí. Fyrir frímiðann eru einungis greiddir flugvallaskattar. Þú þarft að bóka með 3 daga fyrirvara og Iceland Express getur ekki tryggt að það séu til laus sæti í allar vélar. Síðasti dagur heimkomu er 1. júní.
GottKort er nýtt alþjóðlegt greiðslukort sem veitir þér fjölbreyttari afsláttarkjör og meira úrval tilboða en önnur kort ... sem er gott.
Sæktu um á www.gottkort.is
GOTTKORT
Þitt kort
KREDITKORT
er útgefandi GottKort

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Lilja Hólmfríður Valdimarsdóttir

lést fimmtudaginn 15. apríl. Útförin fer fram í kyrrþey.

**Sigrún Jónsdóttir**
**Alda Pálmadóttir** **Viðar Þórarinsson**
**Jón Hólm Sigrúnarson**
**G. Mjöll Stefánsdóttir**
**Inga Rún Sigrúnardóttir**
**Lilja Björk Viðarsdóttir**
**Ásdís Erna Viðarsdóttir**

---



*Móðir okkar og amma*

## Inga Þorgeirsdóttir

kennari, Hofteigi 48

lést föstudaginn 30. apríl.

**Þorgerður Ingólfsdóttir og Knut Ødegård**
**Mali og Hege**
**Rut Ingólfsdóttir og Björn Bjarnason**
**Sigríður Sól og Bjarni Benedikt**
**Vilborg Ingólfsdóttir og Leifur Bárðarson**
**Margrét María og Inga María**
**Unnur María Ingólfsdóttir og Thomas Stankiewicz**
**Catherine María, Helene Inga og Thomas Davíð**
**Inga Rós Ingólfsdóttir og Hörður Áskelsson**
**Guðrún Hrund, Inga og Áskell.**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Hjörtur Hafliðason

húsasmíðameistari,
Dalbraut 27, áður Barmahlíð 38,
Reykjavík,

andaðist á heimili sínu, miðvikudaginn 28. apríl sl. Útförin fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 5. maí kl. 13.00.

**Hafliði Hjartarson** **Jónína B. Sigurðardóttir**
**Ingólfur Hjartarson** **Lára Björnsdóttir**
**Hjörtur Hjartarson** **Steinunn Káradóttir**
**Gunnar Ingi Hjartarson** **Ragnheiður Torfadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Sveinbjörg Hinriksdóttir

frá Norðfirði,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 29. apríl sl.

**Jóhanna Magnúsdóttir** **Viðar Rósmundsson**
**Pálmar Magnússon** **Jóna Lísa Guðbjartsdóttir**
**Sigrún Margrét Magnúsdóttir** **Einar Hafliðason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Theodóra Guðnadóttir

frá Höllustöðum, Reykhólahreppi,

verður jarðsungin frá Háteigskirkju, fimmtudaginn 6. maí kl. 13.00.
Þeim sem vildu minnast hennar er bent á dvalarheimilið Barmahlíð á Reykhólum.

**Kristrún Samúelsdóttir** **Karl I. Karlsson**
**Jónas Samúelsson** **Bergljót Bjarnadóttir**
**Þorgeir Samúelsson**
**Ingvar Samúelsson**
**Björn Samúelsson** **Ágústa Bragadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Okkar hjartkæra dóttir, systir, mágkona, frænka og Sólblómið ykkar allra*

## Auðbjörg Jana Sigurjónsdóttir

lést á Vökudeild Landspítalans þann 28. apríl 2010, verður jarðsett í Grensáskirkju miðvikudaginn 5. maí kl. 13.
Þeim er vildu minnast hennar vinsamlegast látið Neistann, félag hjartveikra barna njóta.

**Vala Björk Svansdóttir** **Sigurjón Guðjónsson**
**Vignir Már Sigurjónsson** **Jóhanna Marín Óskarsdóttir**
**Viktoría Sigurjónsdóttir** **Sveinn Traustason**
**Sindri Fannar Sigurjónsson** **Kristín Halldórsdóttir**
**Njörður Freyr Sigurjónsson**
**Þórhildur Lísa og Unnar Máni Sveinsbörn**
**Rúna Rós Svansdóttir.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Guðrún Sigurbjörg Tryggvadóttir

Hvammi Húsavík,

andaðist á heimili sínu, fimmtudag 29. apríl sl.

**Tryggvi Jóhannsson** **Guðlaug Sigmarsdóttir**
**Hermann Jóhannsson** **Gerður Gísladóttir**
**Óskar Jóhannsson** **Júlía Úlfdís Jóhannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

## Valgerðar Sigurðardóttur

frá Götuhúsum, til heimilis að
Sunnutúni Stokkseyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Kumbaravogs og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands fyrir alúð og góða umönnun.

**Elfar Guðni Þórðarson** **Helga Jónasdóttir**
**Gerður Þórðardóttir** **Bjarni Hallfreðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, afa og langafa,*

## Einars Þ. Einarssonar

*loftskeytamanns,*
*Kirkjuvöllum 5, Hafnarfirði,*

sem lést miðvikudaginn 31. mars.
Sérstakar þakkir til Hlífar Steingrímsdóttur læknis, hjúkrunar- og starfsfólks á deild 11-G á Landspítalanum við Hringbraut.

**Ingveldur Hjaltested**
**Einar Einarsson** **Steinunn R. Sigurðardóttir**
**Lárus Einarsson** **Matthildur Þórðardóttir**
**Þuríður Einarsdóttir** **Halldór Harðarson**
**barnabörn og langafabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Hrafn Einarsson

Vesturbrún 12, Reykjavík,

lést 26. apríl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 7. maí kl. 13.00.

**Signý Halldórsdóttir**
**Katrín Hrafnsdóttir** **Einar Malmberg**
**Sigrún Hrafnsdóttir** **Sigtryggur Baldursson**
**Sólveig Hrafnsdóttir** **Halldór Sölvi Hrafnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

## Sigrún Á. Kristjánsdóttir

frá Vestara-Landi, Öxarfirði,

lést á dvalarheimilinu Hlíð þann 20. apríl sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Innilegar þakkir til starfsfólks Einihlíðar og lyfjadeildar Sjúkrahúss Akureyrar fyrir einstaka alúð og umönnun. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

**Sveinbjörn Aðalgeirsson**
**Vésteinn Aðalgeirsson** **Kristjana Sigurgeirsdóttir**
**og ömmubörnin.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Victor Hans Halldórsson

Fellsmúla 16, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landspítalans Landakoti laugardaginn 1. maí.

**Jóhanna Guðjónsdóttir**
**Vigdís Victorsdóttir** **Sigurður Þorvarðsson**
**Lilja Dóra Victorsdóttir** **Halldór Frímannsson**
**Bergþóra Victorsdóttir** **Ævar Sch. Valgeirsson**
**Guðjón Þór Victorsson** **Aðalbjörg Benediktsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið
**timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma **512 5000.**






# Fíla geimverur Bítlana?

BAKÞANKAR
Önnu Margrétar Björnsson

Fyrir nokkrum mánuðum horfði ég á skondna „heimildar"-mynd frá sjöunda áratugnum sem fjallaði um eðluverur eða „reptilians" sem búa í iðrum jarðar. Þessar verur komu samkvæmt þessari kenningu frá geimnum og hreiðruðu um sig neðanjarðar fyrir mörgum þúsundum ára síðan. Ég er gífurlegur skeptíker að eðlisfari en að sama skapi finnst mér óráðlegt að útiloka neitt í þessum heimi. Eðlufólk í iðrum jarðar eða litlir gráir karlar að sveima um himingeiminn í silfurlitum furðuhlutum gætu, þannig séð, auðvitað verið til.



**INNRÁSIR** frá Mars og fljúgandi furðuhlutir hafa áratugum saman verið viðfangsefni fjölmargra bóka og kvikmynda enda nokkuð augljóst að það hlýtur að vera einhvers konar líf úti í hinum endalausa alheimi. Sporöskjulaga geimfar á Youtube sem sást fljúga í öskumekkinum yfir Eyjafjallajökli var að minnsta kosti kærkomin tilbreyting frá vandræðalegum fréttum af iðrunarlausum stjórnmálamönnum og athafnamönnum sem benda hver á annan. Geimverur eru ávallt hressandi.

**FYRIR** tveimur árum síðan sendi NASA Bítlalag út í geiminn í átt að stjörnunni Polaris í þeirri von að finna einhvers konar merki um vitrænt líf úti í geimnum. Það tekur um 430 ár fyrir lagið að ferðast á áfangastað en stjörnufræðingar hlusta grannt eftir svari. Það væri auðvitað stórfenglegt að fá loks staðfestingu á því að það séu til fleiri en við mannfólkið í alheiminum en svo er auðvitað spurning um hvort geimverur muni deila sama tónlistarsmekk. Hver veit nema að „þeir" fíli ekkert nema mínimal teknó og dauðarokk og verði gífurlega pirraðir á gaulinu í Paul McCartney. Guði sé lof að við sendum ekki Phil Collins.

**TÖFFARINN** í hjólastólnum, eðlisfræðingurinn Stephen Hawking, benti einmitt á það fyrir stuttu að það væri ekkert svakalega sniðugt að senda einhvern mannlegan hressleika út í himingeiminn og vonast eftir vinveittu svari. „Ef geimverur koma til jarðarinnar verður útkoman áreiðanlega svipuð og þegar Kólumbus sigldi til Ameríku en slíkt var ekki mjög hagstætt fyrir frumbyggjana," segir Hawking og benti á að jarðarbúar ættu frekar að gera allt sem þeir geta til þess að enginn taki eftir þeim. En þetta er bara allt of seint í rassinn gripið hjá Hawking. Geimverur hafa áreiðanlega dundað sér áratugum saman við að horfa á fréttaútsendingar frá jörðinni. Þær vita örugglega allt um hver vann Idol og Eurovision, hvaða lag með Lady Ga Ga er á toppnum og hvað Simmi og Jói eru að bardúsa. Ef geimverur voru yfirleitt að fljúga ofan í gíginn á Eyjafjallajökli um daginn voru þeir örugglega bara að leita að „off"-takkanum.


# Þriðjudagsbrjálæði

**Hreinsum til á lagernum**
**3 verð;**
**2000 kr, 3000 kr og 5000 kr**

**Toppar**
**Skokkar**
**Bolir**
**Pils**
**Jakkar**
**Kápur**
**Kjólar**
**Leðurjakkar**
**og margt fleira**




**FLASH**
**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**


## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott





# Stigar og tröppur til allra verka

MÚRBÚÐARVERÐ




**Klettháls Rvk**
**Akureyri**
**Suðurnesjum**
**Húsavík**

Meiri gæði
Lægra verð

**MÚRBÚÐIN**
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

ENNEMM / SÍA / NM41635



Kamilla Mist Gísladóttir - Húsaskóla



Jakob Ernfelt Jóhannesson - Hrafnagilsskóla

# Mjólkursamsalan þakkar frábæra þátttöku

Síðastliðið haust hélt Mjólkursamsalan teiknisamkeppni í tengslum við Alþjóðlega skólamjólkurdaginn.

Afraksturinn var frábær – nærri 1300 myndir bárust frá 4. bekkingum í 74 grunnskólum landsins í keppnina um verðlaunasætin tíu. Hér má einmitt sjá vinningsmyndirnar.

**Við þökkum öllum þátttakendum kærlega fyrir!**

Mjólkursamsalan



Iðunn Gígja Kristjánsdóttir - Háteigsskóla



Arna Valdís Björgvinsdóttir - Snælandsskóla


Camille Anna Patriarca - Fellaskóla



Logi Árnason - Vogaskóla


Æsa Katrín Sigmundsdóttir - Brúarásskóla



Bjarki Þór Hermannsson - Ölduselsskóla



Auður Mist Halldórsdóttir - Vesturbæjarskóla


Elísabet Eir Óttarsdóttir - Hrafnagilsskóla

www.ms.is

### > EKKI LENGI AÐ ÞESSU

Leikkonan **Halle Berry** tilkynnti í síðustu viku að samband hennar og fyrirsætunnar Gabriel Aubry væri á enda. Um helgina skellti Berry sér svo í leikhús með nýjum manni og leiddust þau að sýningunni lokinni. Ekki hefur fengist staðfest hver nýi maðurinn er né hvers eðlis samband þeirra er. Sumir miðlar vilja meina að hann sé gamall vinur en aðrir segja að ástin blómstri á ný.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Cheryl Cole á nýjum kúr

Söngkonan Cheryl Cole segist fylgja matarkúr sem er sérstaklega ætlaður hennar blóðflokki. „Móðir mín sagði mér frá þessum kúr. Þar er tekið mið af blóðflokki manns við fæðuval og mér ráðlagt að neyta ekki ákveðinnar fæðu. Eftir að ég byrjaði á kúrnum líður mér mun betur bæði líkamlega og andlega og er ég einnig orkumeiri en áður,“ sagði söngkonan sem hefur bæst í hóp stjarna á borð við fyrirsætuna Miröndu Kerr og söngvarann Cliff Richard sem einnig fylgja kúrnum.

Cole skildi við eiginmann sinn, fótboltamanninn Ashley Cole, fyrir skemmstu og hefur einbeitt sér að söngferli sínum síðan. Hún viðurkenndi einnig að hún fari sjaldan í ræktina því hún þurfi þess ekki.

„Ég hef í mörgu að snúast þessa dagana og það heldur mér í góðu formi. Þess utan eyði ég miklum tíma í dansæfingar og annan undirbúning fyrir tónleikahald og það er mikið púl að dansa marga klukkutíma á dag.“



**ORKUMIKIL** Cheryl Cole segist ekki þurfa á ræktinni að halda því hún fái næga hreyfingu úr dansæfingum sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Muse-maður heldur ræðu

Safta Jaffery, viðskiptaráðgjafi Muse og umboðsmaður hljóðupptökustjóra, verður á mælendaskrá þeirra sem koma fram á fræðslukvöldi Útón í Norræna húsinu í kvöld. Safta stofnaði árið 1996 framleiðslufyrirtækið Taste Media og ári síðar kynntist hann Muse í gegnum umboðsmann Dennis Smith, eiganda Sawmills-hljóðversins. Þeir lögðu saman grunninn að velgengni Muse og Safta er enn þá einn helsti viðskiptaráðgjafi hljómsveitarinnar. Þess má geta að Safta var á meðal gesta í kynningarpartíi Útóns í Los Angeles á dögunum þar sem Emilíana Torrini tróð upp. Ásamt Safta tala á fræðslukvöldinu þau Eiður Arnarsson, útgáfustjóri hjá Senu, Tómas Þorvaldsson lögmaður og Silja Bára Ómarsdóttir. Skráning á fræðslukvöldið fer fram hjá thorey@utflutningsrad.is.

# Saumaði 40 kjóla á fjórum dögum

Ása Ninna Pétursdóttir fatahönnunarnemi var fengin til að hanna nýja kjóla á Jórukórinn frá Selfossi. Ása Ninna flutti nýverið heim eftir tveggja ára dvöl í Danmörku og bauðst henni að taka að sér verkefnið stuttu eftir heimkomuna. „Einn kórmeðlimurinn hafði eitt sinn keypt kjól af mér og hún bauð mér verkefnið. Mér fannst þetta mjög spennandi og ákvað að slá til. Ég vildi ekki gera hefðbundna kjóla á þær heldur ákvað að gera kjóla sem innblásnir voru af páfuglunum sem ég hafði séð í Tívolíinu í Kaupmannahöfn þannig að kjólarnir eru mjög skrautlegir,“ útskýrir Ása Ninna.

Verkefnið tók um fimm vikur og að sögn Ásu Ninnu gekk það vel þótt það hafi verið strembið. „Konurnar í kórnum eru eins og gefur að skilja á öllum aldri og í öllum stærðum og gerðum þannig að ég þurfti að sníða kjóla í ýmsum stærðum. Ég var ein um sníðagerð og saumaskapinn nema síðustu þrjá dagana, þá fékk ég aðstoð saumakonu við að falda og ganga frá. Þannig að þetta var pínu púl en gekk upp fyrir rest.“

Ása Ninna lenti þó í svolitlum hremmingum þar sem efnið sem sauma átti kjólana úr tafðist á leiðinni til landsins og kom aðeins fjórum dögum fyrir skiladag. „Ég fékk það á mánudegi og átti að afhenda kjólana á fimmtudegi þannig að ég stóð á haus síðustu dagana. Þetta gekk þó á endanum.“

Ása Ninna heldur áfram með hönnunarnám sitt við Listaháskóla Íslands í haust en í sumar hyggst hún nýta tímann til að hanna barna- og herralínu undir heitinu Pardus, en hún hefur áður hannað flíkur á konur undir sama nafni. „Ég ætla að reyna að vera dugleg að vinna í mínu eigin í sumar og reyna að koma mér á framfæri,“ segir Ása Ninna að lokum. - sm



**DUGLEGUR HÖNNUÐUR** Ása Ninna Pétursdóttir tók að sér að hanna kjóla á Jórukórinn frá Selfossi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Treystir bara á eigin rödd

**Söngkonan Alicia Keys segist aldrei nota tæknina sem er í boði í hljóðverum til að betrumbæta rödd sína. Þess í stað treystir hún algjörlega á sína eigin rödd. „Ég nota aldrei „Auto-Tune“ eða eitthvað í þeim dúr. Ég vil ekki sjá svoleiðis hugbúnað. Mér er sama þótt aðrir noti hann en ef ég get ekki sungið lagið upp á eigin spýtur þá tek ég það ekki upp,“ sagði Keys. Hún er dugleg við að semja ný lög og notar oft farsímann þegar sköpunargáfan kemur yfir hana. „Ég punktaði smá niður á símann minn fyrir nokkrum dögum. Það er gömul hugmynd að lagi sem kallast Holy Love.“**



**ALICIA KEYS**





**SYLVESTER STALLONE** Stallone segir að Rambo hafi loksins sungið sitt síðasta.

# Rambo snýr ekki aftur

**Vöðvabúntið Sylvester Stallone segir að 99 prósenta líkur séu á því að sögupersónan Rambo snúi ekki aftur á hvíta tjaldið. Tvö ár eru liðin síðan fjórða Rambo-myndin kom út við ágætar undirtektir. Þá voru tuttugu ár liðin frá gerð Rambo III. „Ég held að Rambo hafi sungið sitt síðasta. Ég held að hann snúi ekki aftur. Ég er 99 prósent viss," sagði Stallone. „Ég er mjög ánægður með síðustu mynd sem gerðist í Búrma. „Ég vildi að hún sýndi hvernig borgarastyrjöld gengur fyrir sig í raun og veru. Það er ekki hægt að fegra slíka hluti."**



# Ísbjörn raunhæfur möguleiki í Húsdýragarðinum

**Forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins segir að hugmynd Jóns Gnarr um ísbjörn í garðinum sé vel framkvæmanleg. Jón segist enda ekki vera að grínast.**





**EKKI EITTHVERT DJÓK**

**Tómas Óskar Guðjónsson** segir það vel raunhæft að hafa ísbjörn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum eins og Besti flokkur **Jóns Gnarr** hefur talað fyrir. Alþjóðleg ísbjarnasamtök hafa lýst yfir áhuga sínum á að taka þátt í slíku verkefni.

„Þetta er auðvitað allt spurning um fjármagn. Fyrir borgina held ég að þetta sé ekki óyfirstíganlegt. Til þess að þetta sé gert almennilega gæti þetta kostað eins og að byggja hálfa sundlaug," segir Tómas Óskar Guðjónsson, forstöðumaður Fjölskyldu-og húsdýragarðsins, þegar hann er inntur eftir því hvort það sé raunhæft að vera með ísbjörn í garðinum. Besti flokkurinn, senuþjófur undanfarna daga, hefur talað fyrir því í kosningabaráttunni sinni.

Tómas upplýsir að formaður flokksins, Jón Gnarr, ætli að setjast niður með starfsfólki garðsins yfir hádegismat á næstunni og ræða við það hvernig hann telji að megi bæta húsdýragarðinn. Þetta vinsæla afþreyingarsvæði hefur ekki áður verið í jafnmiklu hlutverki í kosningabaráttu fyrir borgarstjórnarkosningar og Tómas telur það ánægjulegt að sjá Fjölskyldu- og húsdýragarðinn aftur á dagskrá. Meðal annarra hugmynda sem Besti flokkurinn hefur lagt fram er að reisa lundabjarg en sú yfirlýsing að slátra ætti öllu sauðfé og grilla það var hins vegar grín.

Jóni Gnarr, formanni Besta flokksins, er full alvara með ísbjarnarhugmynd sinni. „Við erum búin að hafa samband við Polarbear International og þeir hafa sýnt þessu verkefni mikinn áhuga. Þeir vilja koma að þessu verkefni með öllum mögulegum hætti og þetta er því ekki eitthvað sem er úr lausu lofti gripið," segir Jón og bendir á að það hafi ekki verið nein sérstaklega góð landkynning þegar landflótta ísbirnir voru skotnir hér á landi. Að sögn Jóns gengur hugmyndin út á það að byggja sérstakt svæði fyrir ísbirni sem hingað reka á land. Þeir yrðu fluttir þangað, hlúð að þeim og svo sleppt í sínu náttúrulega umhverfi. Jón hefur engar sérstakar áhyggjur af því að ísbirnir séu hættir að koma hingað enda hafi sérfræðingar frá Polarbear International bent á að komum þeirra til Íslands muni fjölga heldur en hitt vegna loftslagsbreytinga. „Ef svo ólíklega vill til að það gerist þá fáum við bara lánaðan ísbjörn frá Grænlandi til að nýta þetta svæði."

Jóni er einnig full alvara með lundabjarginu enda hafi hann séð svoleiðis í dýragarðinum í Seattle. „Ég vil sjá Fjölskyldu- og húsdýragarðinn verða að einhvers konar heimskautagarði sem komi fólki sífellt á óvart. Þetta hefði mikið aðdráttarafl fyrir erlenda ferðamenn," segir Jón.

freyrgigja@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 4. maí 2010**

### Tónleikar

**20.00** **Ingólfur Vilhjálmsson** klarinettuleikari og **Lluïsa Espigolé** píanóleikari flytja verk eftir **Busoni, Brahms, Berg, Stravinskí og Debussy** á tónleikum í **Salnum** við Hamraborg í Kópavogi.



**21.00** Tónleikar verða á **Café Cultura** við Hverfisgötu 18 þar sem bandaríski trommarinn **Scott McLemore** og hljómsveit leika djasstónlist.

### Fundir

**19.00** **MFÍK** (Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna) verða með opinn félagsfund í **Friðarhúsinu** að Njálsgötu 87. **Sigrún Sigurðardóttir** menningarfræðingur mun fjalla um líf og reynslu flóttamanna út frá ljósmyndasýningunni **Heima – heiman** sem opnaði í Ljósmyndasafni Reykjavíkur haustið 2008. Húsið verður opnað kl. 18.30.

### Sýningar

Í **Eiðsskeri,** sal **Bókasafns Seltjarnarness** í Eiðistorgi, hefur verið opnuð samsýning **Eddu Guðmundsdóttur, Georg Douglas, Jórunnar Kristinsdóttur og Jóns Grétars Ingvasonar.** Opið mán.-fim. kl. 10-19, fös. kl. 10-17.

**Sigurbjörn Ó. Kristinsson** hefur opnað sýningu í menningarsalnum á **Hrafnistu** við Hraunvang í **Hafnarfirði.** Opið alla daga kl. 14.30-22.

### Fyrirlestrar

12.05 **Hans Tryggvason** arkitekt flytur erindi um möguleika og nálgun í hönnun og þróun þéttbýlis. Fyrirlesturinn fer fram hjá Opna listaháskólanum að **Skipholti 1.**



NÝTT Í BÍÓ!
















SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| IRON MAN 2 LÚXUS | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| DATE NIGHT | kl. 4 - 8 - 10 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 10.20 | 12 |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 | 10 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE CRAZIES | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 6 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| CRAZY HEART | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THE CRAZIES | kl. 10.20 | 16 |
| DEAR JOHN | kl. 5.40 - 8 | L |
| KÓNGAVEGUR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |

CRAZY HEART ER Á BÍÓDÖGUM GRÆNA LJÓSSINS

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| FOOD INC. | kl. 10 íslenskur texti | L |
| IMAGINARIUM OF DR. P... | kl. 8 íslenskur texti | 12 |
| ONDINE | kl. 10.15 íslenskur texti | 12 |
| UN PROPHÉTE | kl. 8 enskur texti | 16 |
| RUDY Y CURSI | kl. 10 íslenskur texti | 12 |
| MOON | kl. 8 íslenskur texti | 10 |
| NOWHERE BOY | kl. 6 íslenskur texti | 10 |
| THE LAST STATION | kl. 8 enskt tal | L |
| THE LIVING MATRIX | kl. 6 íslenskur texti | L |
| THE MESSENGER | kl. 6 íslenskur texti | 12 |
| VIDEOCRACY | kl. 6 íslenskur texti | 12 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR TILBOÐ Á ALLAR MYNDIR







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | 5, 7.30, 10(POWER) | 12 |
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| DATE NIGHT | 6 og 8 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | 10 | 12 |

SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN




FYRRI MYNDIN GERÐI ALLT VITLAUST OG ÞESSI ER ENN BETRI

Robert Downey Jr., Samuel L. Jackson, Gwyneth Paltrow, Scarlett Johansson, Don Cheadle og Mickey Rourke eru mætt í fyrstu STÓRMYND SUMARSINS







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 5:20D - 8D - 10:40D | 12 |
| IRON MAN 2 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| KICK ASS | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 14 |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| THE BLIND SIDE | kl. 8 | 10 |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl. 10:40 | 12 |
| ALICE IN WONDERLAND | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| KICK ASS | kl. 8 - 10:30 | 14 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 5:40D - 8:10D - 10:45D | 12 |
| KICK ASS | kl. 5:50 - 8:10 - 10:40 | 14 |
| CLASH OF THE TITANS 3D | kl. 8:10(3D) - 10:30(3D) | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| ASTROBOY | kl 6 | L |
| KICK ASS | kl 8 - 10 | 14 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG KR. 600*

*GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR




**SENUÞJÓFUR** Scarlett Johansson kemur sterk inn í Iron Man 2.

# Vandræði Járnkallsins

Kvikmyndir ★★★

**Iron Man 2**

Leikstjóri: Jon Favreau

**Aðalhlutverk:** Robert Downey Jr., Gwyneth Paltrow, Mickey Rourke, Don Cheadle

Ellefu ára sonur minn hefur lagt mjög hart að mér að ég noti þetta tækifæri til þess að koma því á framfæri að Iron Man 2 sé „æðisleg, frábær og miklu betri en fyrsta myndin“.

Full djúpt í árinni tekið en Iron Man 2 er vissulega hressileg ofurhetjumynd sem uppfyllir allar kröfur sem hafa verið gerðar til „sumarmynda“ undanfarin tuttugu ár eða svo. Myndin stendur hins vegar ekki fyllilega undir væntingum harðsoðinna Marvel-nörda sem byggja réttilega á Iron Man frá árinu 2008. Sú mynd var alveg sérlega vel heppnuð, löðrandi í fjöri og spennu, og kom Járnkallinum á kortið fyrir alvöru en hann hefur í gegnum tíðina staðið í skugganum af öllu þekktari Marvel-kempum á borð við Spiderman, Daredevil, Hulk og X-Men. Þótt búningur Járnkallsins sé voðalega flottur þá er það fyrst og fremst maðurinn, Tony Stark, sem klæðist honum sem gerir Iron Man að áhugaverðri ofurhetju og að sama skapi er það Robert Downey Jr. í hlutverki Starks sem gerir Iron Man-myndirnar jafn skemmtilegar og raun ber vitni.

Stark er vellauðugur, hrokafullur, ofurgreindur, egósentrískur og alkóhólíseraður vopnaframleiðandi sem hefur í byrjun myndar númer tvö náð að koma á heimsfriði sem Járnkallinn. Að öðru leyti blæs ekkert of byrlega fyrir okkar manni. Orkugjafinn sem skrúfaður er í brjóst hans og heldur í honum lífinu um leið og hann knýr ofurbúninginn áfram er að sjúga úr honum líftóruna. Þá ásælist leiðinlegur keppinautur (Sam Rockwell í miklu stuði) hans á vopnamarkaði búning Járnkallsins og til að kóróna vesenið mætir vöðvabúntið Mickey Rourke til leiks í hlutverki Rússa sem á óuppgerðar sakir við Stark.

Stark hefur því í ansi mörg horn að líta en á frekar vont með einbeitingu framan af þar sem drykkjusýkin og sjálfseyðingarhvöt þess sem veit að hann er að deyja trufla hann. Myndin er því fulllengi í gang á kostnað hasarsins, sem við erum flest mætt til að sjá, en þegar hún hrekkur í gang fyrir alvöru er sko ekki yfir neinu að kvarta.

Robert Downey Jr. er sem fyrr frábær og ber myndina uppi þótt hann fái ágætan stuðning frá Rockwell og Rourke, sem þarf að vísu ekki að reyna mikið á sig í rullu reiða Rússans. Það er hins vegar Scarlett Johansson sem stelur senunni í hlutverki Black Widow en stúlkan sú á geggjaðasta slagsmálaatriði myndarinnar og er vægast sagt flott í þeim hamagangi.

Hér er því svosem ekki yfir neinu að kvarta en samt vantar neistann og frumkraftinn sem keyrði fyrri myndina áfram.

**Þórarinn Þórarinsson**

**Niðurstaða:** Járnkallinn missir aðeins dampinn á milli mynda en persónutöfrar hins frábæra Roberts Downey Jr. bera myndina uppi með ágætum stuðningi frá fínu aukaleikaraliði. Myndin er fulllengi í gang en þegar það gerist klárar Iron Man dæmið í þvottekta sumarmynd.


ODDVITAR Í BORGINNI
MÆTAST Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

**Í fyrsta sinn fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor mætast á opnum fundi í Háskólanum í Reykjavík oddvitar framboðslistanna í borginni.**

Fundurinn fer fram **5. maí** í húsnæði HR við Nauthólsvík, í salnum Antares, 1. hæð, frá kl. 12.00 – 13.00.

Gert er ráð fyrir örstuttum erindum frá frambjóðendum í upphafi fundar en að því búnu svara þeir fyrirspurnum úr sal.

EFTIRFARANDI ODDVITAR VERÐA Á FUNDINUM:

**Dagur B. Eggertsson**, oddviti Samfylkingar.
**Einar Skúlason**, oddviti Framsóknarflokks.
**Hanna Birna Kristjánsdóttir**, oddviti Sjálfstæðisflokks.
**Helga Þórðardóttir**, oddviti Frjálslynda flokksins.
**Jón Gnarr**, oddviti Besta flokksins.
**Ólafur F. Magnússon**, oddviti H-listans.
**Sóley Tómasdóttir**, oddviti Vinstri grænna.
**Frambjóðandi** Reykjavíkurframboðsins.

Fundarstjórar:
**Ásgeir Erlendsson**, sálfræðinemi við Háskólann í Reykjavík.
**Helga Björk Helgadóttir Valberg,** laganemi við Háskólann í Reykjavík.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

ALLIR VELKOMNIR!
www.hr.is

# RÓMEÓ OG JÚLÍA




**Vegna endalausra áskoranna**

snýr Rómeó og Júlía Vesturports aftur á svið Borgarleikhússins
Tryggðu þér miða á þessa rómuðu sýningu – sýnt í takmarkaðan tíma

**Miðasala í fullum gangi**

Vesturport | Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is | Borgarleikhúsið

Fiton/SÍA

## > Gylfi orðaður við fjölda félaga

Gylfi Sigurðsson var í gær orðaður við félög í ensku úrvalsdeildinni en hann sló í gegn með Reading í ensku B-deildinni í vetur. Fulham, Bolton og Newcastle eru öll sögð hafa áhuga á honum en Brian McDermott, stjóri Reading, á von á því að fá tilboð í Gylfa í sumar. „Við munum reyna að halda eins mörgum leikmönnum og við getum í okkar röðum en við ætlum að sjá til hvað gerist í sumar,“ sagði McDermott. „Við ætlum ekki að hvetja önnur félög til að eltast við leikmenn okkar en munum takast á við þau mál sem koma upp.“



# sport

sport@frettabladid.is

**EGGERT GUNNÞÓR JÓNSSON:** VALINN LEIKMAÐUR ÁRSINS AF STUÐNINGSMÖNNUM SKOSKA LIÐSINS HEARTS

# *Ég er greinilega að gera eitthvað rétt*



Eggert Gunnþór Jónsson hefur staðið sig afar vel með skoska liðinu Hearts í vetur og var í gær valinn leikmaður ársins af stuðningsmönnum félagsins. Bakfallsspyrnumark Eggerts gegn Aberdeen var þess utan valið mark ársins.

Eggert hefur þurft að leysa margar stöður hjá félaginu í vetur og skilað þeim öllum með miklum sóma. Var stöðugur í sínum leik í allan vetur.

„Það var mjög gott að fá þennan titil og frábær viðurkenning fyrir mig. Ég er greinilega að gera eitthvað rétt,“ sagði Eggert Gunnþór ánægður er Fréttablaðið heyrði í honum í gær en hann var einnig valinn besti ungi leikmaðurinn. „Þetta mark er líka eitt af mínum betri. Ég hafði reynt þetta nokkrum sinnum á æfingum en ekki tekist. Það tókst samt í leiknum og gerist líklega ekki aftur,“ sagði Eggert og hló við.

Það gekk á ýmsu hjá Eggerti á tímabilinu en hann segist vera nokkuð sáttur þegar upp er staðið.

„Það hefur verið stígandi í mínum leik í allan vetur. Ég meiddist strax í öðrum leik og kom fimm vikum seinna til baka. Þá datt ég inn í hinar og þessar stöður vegna meiðsla annarra leikmanna. Svo fór ég á miðjuna í 2-3 mánuði. Svo meiddust fleiri og þá fór ég í miðvörðinn og síðar einnig í bakvörðinn. Ég reyndi því ýmislegt,“ sagði Eggert Gunnþór sem kann þó alltaf best við sig á miðri miðjunni.

Hann á tvö ár eftir af samningi sínum við Hearts og segist ekkert vera að íhuga að fara eitthvað annað. „Það er ekkert annað í gangi og ég er bara nokkuð ánægður hér. Gekk vel í vetur og mér líst vel á nýja stjórann sem kom í janúar,“ sagði Eggert en hann hefur ekkert leikið með A-landsliðinu í rúmt ár. „Ég hef auðvitað metnað fyrir landsliðinu og verð bara að halda áfram að standa mig vel og vona að þjálfarinn velji mig.“



**SVEKKTIR** Iain Dowie og nokkrir leikmenn Hull eftir leikinn í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Fallbaráttunni lokið:

## Endanlega ljóst hvaða lið falla

**FÓTBOLTI** Í gær varð það endanlega ljóst hvaða þrjú lið falla úr ensku úrvalsdeildinni þetta tímabilið. Hull gerði 2-2 jafntefli við Wigan en liðið átti þó aðeins tölfræðilegan möguleika á að bjarga sér fyrir leikinn. Hull, ásamt Burnley og Portsmouth, leikur í ensku B-deildinni á næstu leiktíð.

Hull var reyndar á góðri leið með að vinna leikinn en Steve Gohouri jafnaði metin fyrir Wigan í uppbótartíma.

Þá vann Blackburn 2-1 sigur á Arsenal með marki Christophers Samba í síðari hálfleik. Arsenal hefði getað gulltryggt þriðja sætið í deildinni með sigri en þarf nú að bíða eftir leik Tottenham eða Manchester City til að sjá hvort annað þeirra liða eigi möguleika á þriðja sætinu.

Það eru þó litlar líkur á því að Arsenal tapi þriðja sætinu úr þessu en það mætir Fulham í lokaumferðinni um næstu helgi.

**- esá**

Leikmannamál FH:

## Dani til reynslu

**FÓTBOLTI Daninn Jacob Neestrup mun vera til reynslu hjá FH næstu dagana en hann er 22 ára miðjumaður sem lék síðast í Noregi. Þá greindi Bjarki Gunnlaugsson frá því í gær að hann myndi að öllu óbreyttu spila með FH-ingum í sumar.** **- esá**



**INNILEGUR FÖGNUÐUR** Magnús Einarsson og félagar hans í Aftureldingu eru komnir upp í efstu deild á nýjan leik. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kjúklingabærinn snýr aftur

**Stemningin í Mosfellsbæ í gær þegar Afturelding tryggði sér sæti í deild þeirra bestu minnti á gamla tíma í íþróttahúsinu að Varmá. Grótta féll í 1. deildina.**

**HANDBOLTI** Afturelding komst í gær upp í efstu deild eftir tveggja ára fjarveru með því að leggja Gróttu örugglega að velli 33-25. Mosfellingar unnu því einvígi liðanna í umspili um laust sæti 2-0 en um helgina unnu þeir útisigur á Seltjarnarnesi.

„Það var smá stress í okkur sóknarlega í byrjun. Þegar vörnin okkar smellur saman er erfitt að eiga við okkur og sú varð raunin núna. Það er langt síðan við töpuðum á heimavelli og við náðum upp góðri vörn og hraðaupphlaupum með því. Það telur mikið í svona leikjum,“ sagði Gunnar Andrésson, þjálfari Aftureldingar, eftir leik.

Grótta byrjaði leikinn betur og skoraði þrjú fyrstu mörkin, en það reyndist skammgóður vermir fyrir gestina frá Seltjarnarnesinu. Afturelding náði betri tökum á sínum leik og þegar staðan var orðin 10-7 ákvað Geir Sveinsson, þjálfari Gróttu, að taka leikhlé. Ræða hans fór eitthvað rangt í menn því heimamenn skoruðu þrjú fyrstu mörkin eftir hana.

Stemningin var öll með Aftureldingu sem var með leikinn algjörlega í sínum höndum. Leikmenn liðsins voru mun grimmari og virkuðu betur stemmdir. Í seinni hálfleiknum var þetta aldrei spurning. Heimamenn hleyptu gestunum aldrei nálægt sér og unnu á endanum með átta marka mun. Grótta átti einfaldlega engin svör gegn Aftureldingu í gær.

„Við náðum forskoti í fyrri hálfleik sem var erfitt að vinna upp. Markvörðurinn [Smári Guðfinnsson] stóð sig frábærlega en fyrst og fremst er þetta liðsheildin sem vinnur. Þessi hópur leggur sig mikið fram á æfingum og menn hafa unnið fyrir þessu. Svo eigum við einstaka áhorfendur og það kom ekki til greina að bregðast þeim,“ sagði Gunnar.

Stemningin í Mosfellsbæ var hreint mögnuð, allt troðið og hefur undirritaður aldrei svitnað eins mikið við störf sín sem blaðamaður enda hitastigið í húsinu nær óbærilegt. Stuðningsmenn Aftureldingar eiga hrós skilið fyrir frumlegan stuðning. Þeir voru mættir vel fyrir leik og voru standandi, hvetjandi allan tímann og sköpuðu bestu stemningu sem verið hefur á handboltaleik á þessum vetri.

Vonandi verður stemningin sú sama næsta vetur en Gunnar verður áfram með liðið. „Við missum einhverja menn. Það eru einhverjir að fara í nám erlendis en við verðum að styrkja liðið fyrir næsta tímabil, það er engin spurning.“

Jón Andri Helgason var markahæstur Mosfellinga. „Stemningin er hérna í þessu húsi. Þetta var það sem við ætluðum okkur að gera, klára þetta strax og ekkert bull. Löngunin var einfaldlega meiri hjá okkur, við erum lið sem á að vera í efstu deild.“ **elvargeir@frettabladid.is**

## ÚRSLIT

### *N1-deild karla, umspil*

*2. leikur í úrslitaeinvígi umspilsins:*

**Afturelding - Grótta** **33-25 (16-9)**

**Mörk Aftureldingar (skot)**: Jón Andri Helgason 7 (13/1), Aron Gylfason 5 (9), Magnús Einarsson 5 (10), Hrafn Ingvarsson 4 (5), Ásgeir Jónsson 3 (4), Bjarni Þórðarson 3 (5), Þrándur Gíslason 2 (2), Kristófer Guðmundsson 1 (1), Jóhann Jóhannsson 1 (1), Daníel Jónsson 1 (3), Þorlákur Sigurjónsson 1 (3)
**Varin skot**: Smári Guðfinnsson 18/2.
**Fiskuð víti**: 2 (Bjarni, Daníel).
**Utan vallar**: 6 mín.
**Mörk Gróttu (skot)**: Anton Rúnarsson 5 (8/1), Árni B. Árnason 3 (3), Matthías Ingimarsson 3 (3), Atli R. Steinþórsson 3 (4), Jón Karl Björnsson 3/1 (6/2), Arnar Theodórsson 2 (4), Heiðar Aðalsteinsson 2 (4), Viggó Kristjánsson 2 (5), Ægir Hrafn Jónsson 1 (1), Hjalti Pálmason 1 (6)
**Varin skot**: Gísli Guðmundsson 10, Magnús Sigmundsson 9/1.
**Fiskuð víti**: 3 (Arnar 2, Atli).
**Utan vallar**: 8 mín.
**Dómarar**: Ingvar Guðjónsson og Jónas Elíasson. Flott frammistaða.

### *Enska úrvalsdeildin*

**Blackburn - Arsenal** **2-1**
0-1 Robin van Persie (13.), 1-1 David Dunn (43.), 2-1 Christopher Samba (68.).
**Wigan - Hull** **2-2**
1-0 Victor Moses (30.), 1-1 Will Atkinson (41.), 1-2 Mark Cullen (64.), 2-2 Steve Gohouri (90.).

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **37** | **26** | **5** | **6** | **95-32** | **83** |
| Man. United | 37 | 26 | 4 | 7 | 82-28 | 82 |
| **Arsenal** | **37** | **22** | **6** | **9** | **79-41** | **72** |
| Tottenham | 36 | 20 | 7 | 9 | 64-37 | 67 |
| **Man. City** | **36** | **18** | **12** | **6** | **72-43** | **66** |
| Aston Villa | 37 | 17 | 13 | 7 | 52-38 | 64 |
| **Liverpool** | **37** | **18** | **8** | **11** | **61-35** | **62** |

### *Danska úrvalsdeildin*

**SönderjyskE - OB** **2-0**
Sölvi Geir Ottesen skoraði fyrra mark SönderjyskE. Hann og Ólafur Ingi Skúlason léku allan leikinn með liðinu. Rúrik Gíslason lék allan leikinn í liði OB.

### *Sænska úrvalsdeildin*

**GAIS - Helsingborg** **0-0**
Eyjólfur Héðinsson og Hallgrímur Jónasson léku allan leikinn í liði GAIS.
**Mjällby - IFK Gautaborg** **0-0**
Ragnar Sigurðsson og Hjálmar Jónsson léku allan leikinn í liði Gautaborgar og Theodór Elmar Bjarnason kom inn á sem varamaður á 56. mín.

N1 Deildin
2009 - 2010
HSÍ
ÚRSLIT - LEIKUR 3
KARLAR
Þriðjudagur
Ásvellir Haukar - Valur 19:30

Patrekur Jóhannesson um þriðja leik Hauka og Vals í úrslitaeinvíginu:

# Reiknar með Haukasigri í kvöld

**HANDBOLTI** Haukar og Valur eigast við í sínum þriðja leik í úrslitaeinvíginu um Íslandsmeistaratitil karla í handbolta í kvöld. Staðan í einvíginu er jöfn, 1-1, en liðin mætast nú á Ásvöllum, heimavelli Hauka. Patrekur Jóhannesson, þjálfari Stjörnunnar, reiknar með heimasigri í kvöld.

„Valsarar náðu að klára síðasta leik og þeir vita að þeir þurfa að vinna einn leik á útivelli til að ná titlinum,“ sagði Patrekur við Fréttablaðið. „En ég held að Haukar taki þennan leik á seiglunni. Engu síður var ég búinn að spá því að úrslitin í rimmunni myndu ráðast í oddaleik og ég held mér við það.“

Hann segir þó liðin tvö mjög svipuð að styrkleika og að bæði lið spili sterkan varnarleik. „Fannar [Þór Friðgeirsson] er svo algjör lykilmaður í sóknarleik Vals og hefur staðið sig virkilega vel. Haukarnir þurfa að hafa gætur á honum, rétt eins og að Valsvörnin þarf að passa Sigurberg [Sveinsson]. Mér finnst þó Valsararnir jafnari að styrkleika fyrir utan í sínum sóknarleik.“



**FANNAR ÞÓR FRIÐGEIRSSON** Verður væntanlega í strangri gæslu Haukavarnarinnar í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Patrekur segir að þó svo að Haukarnir hafi virst vera þungir í síðustu leikjum megi ekki vanmeta liðið. „Aron [Kristjánsson] er afar fær þjálfari og hefur sjálfsagt verið að miða við að liðið toppi núna í úrslitakeppninni. Það kemur væntanlega mjög fljótlega í ljós hvort það tekst. Stundum finnst manni þó að liðið hafi ekki verið að spila neitt sérstaklega vel en samt hafa þeir verið að vinna sína leiki. Það segir bara sitt um hvað Haukar eru sterkir.“

Hann vonast einnig til að sjá fleiri áhorfendur á leiknum í kvöld en hingað til í úrslitakeppninni. „Ég sakna þess að sjá að það sé uppselt á þessa leiki. Ég vona innilega að stuðningsmenn þessara tveggja liða fari að taka sig til og fylli húsið í kvöld.“ **- esá**

## Fundir / Mannfagnaður

# Aðalfundur

Aðalfundur Heilsuhringsins verður haldinn þriðjudaginn 11. maí kl. 20 í Norræna húsinu. Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin

## Tilkynningar

FISKISTOFA

### Umsóknir um byggðakvóta

**Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2008/2009 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 557, 25. júní 2009**

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 350/2010 í Stjórnartíðindum.

**Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir eftirtalin byggðarlög:**

**Fjarðarbyggð (Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður)**

Enn fremur er skv. ákvörðun Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, endurauglýst eftir umsóknum um byggðakvóta fyrir neðanskráð byggðarlag. Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í byggðalaginu sbr. auglýsingu nr. 251/2010 í Stjórnartíðindum

**Ísafjarðarbær (Hnífsdalur)**

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindur reglur einnig aðgengilegar. Umsóknarfrestur er til og með 18. maí 2010.

Fiskistofa, 3. maí 2010.

FISKISTOFA

### Umsóknir um byggðakvóta

**Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2009/2010 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 82, 29. janúar 2010**

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 351/2010 í Stjórnartíðindum.

**Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir eftirtalin byggðarlög:**

**Kaldrananeshreppur (Drangsnes)**
**Fjarðarbyggð (Mjóifjörður, Stöðvarfjörður)**

Enn fremur er skv. ákvörðun Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, endurauglýst eftir umsóknum um byggðakvóta fyrir neðanskráð byggðarlag. Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í byggðalaginu sbr. auglýsingu nr. 187/2010 í Stjórnartíðindum

**Seyðisfjörður**

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindur reglur einnig aðgengilegar. Umsóknarfrestur er til og með 18. maí 2010.

Fiskistofa, 3. maí 2010.

VISIR.IS
"...ég sá það á vísi"

## Atvinna

# Nordic Water

new way to enjoy water




## Nordic Water leitar að duglegu, heiðarlegu og líflegu starfsfólki

**Störfin fela í sér vélgæslu í verksmiðjuninni við átöppun á vatni og öðrum drykkjum á flöskur.**

**Við óskum eftir starfsfólki í eftirfarandi störf:**

- Verksmiðjustjóra /Tæknimaður / Viðgerðir/ Vélgæsla. Starfsmaður þarf að geta séð um viðhald og vera tæknilega sinnaður. Vélstjóramenntun er kostur.
- Starfsmanni á lager. Almenn lagerstörf og tiltekt pantana ásamt að aðstoða við framleiðslu.

**Helstu kröfur í þessi störf:**

- Aldur 25-60.
- Vélakunnátta
- Snyrtimennska , heiðarleiki og reglusemi
- Frumkvæði og jákvæðni.
- Reyklaust fyrirtæki.
- Tilbúinn til að takast á við krefjandi verkefni
- Nákvæm og öguð vinnubrögð.
- Góð íslensku og ensku kunnátta æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar.

Lögð er mikil áhersla að fólk eigi auðvelt með mannleg samskipti.
Við bjóðum upp á góðan starfsanda hjá fyrirtæki í vexti og við viljum hafa jákvætt fólk með í liði.

Vinsamlegast sendið inn umsókn með mynd á netfangið info@nordicwater.is Umsóknir berist fyrir 7. maí 2010.

**Um Nordic water:**
*Nordic Water ehf er nýtt vatnsátöppunarfyrirtæki með sína eigin framleiðslulínu og er staðsett í Hafnarfirði. Fyrirtækið selur vörur sínar bæði á innlendum og erlendum mörkuðum. Nordic Water ehf framleiðir LazyTown Go vatn, Foss drykkjarlínu og sérmerkir einnig vatn fyrir verslanir og veit-ingahúsakeðjur sem vilja hágæðavatn fyrir viðskiptavini sína ásamt því að sjá um átöppun fyrir innlend og erlend markaðsfyrirtæki.*

*Nánari upplýsingar er hægt að fá á www.nordicwater.is*

# Kennarar óskast

## Tækniskólinn auglýsir eftirfarandi kennarastöður.

**Byggingatækniskólinn:** Tvær stöður í tækniteiknun (í aðra stöðuna þarf góða kunnáttu í Revit). Ein staða í veggfóðrun og dúklagningu.

**Hársnyrtiskólinn:** Ein staða í faggreinum í hársnyrtingu.

**Hönnunar- og handverksskólinn:** Ein staða í gull- og silfursmíði og ein staða í hönnunargreinum.

**Raftækniskólinn:** Tvær stöður í rafeindavirkjun.

**Tæknimenntaskólinn:** Ein staða í efnafræði, ein í stærðfræði og ein í ensku.

**Upplýsingatækniskólinn:** Fjórar stöður í margmiðlun, þrjár stöður í tölvufræði og netkerfum, ein staða í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum og ein staða í grafískri miðlun.

**Véltækniskólinn:** Ein staða rafmagnstæknifræðings og ein staða skipatæknifræðings til kennslu rafmagns- og vélstjórnargreina.

Í allar stöður leitum við eftir iðnmeisturum og/eða fagfólki með framhaldsmenntun á viðkomandi sviði ásamt kennsluréttindum og kennslureynslu. Kjör eru samkvæmt stofnanasamningi KÍ og Tækniskólans.

**Umsóknir og fyrirspurnir sendist á bg@tskoli.is fyrir 9. maí 2010.**

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

## Starfsfólk óskast í eftirfarandi sumarstörf:

**Þjónustufólk í sal, matreiðslufólk og aðstoð í eldhús.**

Starfstími er á bilinu júní/júlí – ágúst/september
Til að skila inn umsóknum og leita frekari upplýsinga er bent á: veitingar@hotel701.is

HÓTEL HALLORMSSTAÐUR

## Lausar stöður við Súðavíkurskóla

Súðavíkurskóli samanstendur af þremur skólagerðum þ.e. grunn- leik- og tónlistarskóla. Núna er laus staða á grunn-og leikskóladeild.

Um er að ræða kennslu í verklegum greinum, uppl-og tæknimennt og íþróttum á öllu skólastigum. Á leikskóladeildina vantar deildarstjóra og leikskólakennara. Unnið er í anda Uppbyggingar til ábyrgðar og lögð er áhersla á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, vellíðan nemenda og samvinnu starfsmanna.

Súðavíkurhreppur greiðir laun eftir kjarasamningi KÍ og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Umsóknarfrestur er til 17. maí 2010, meðmæli óskast með umsókn.

Nánari upplýsingar veitir Anna Lind Ragnarsdóttir skólastjóri í hs: 456-4985, vs: 456-4924, gsm: 893-4985, netfang: annalind@sudavik.is

# VEGNA MIKILLA ANNA ÓSKAST VAKTSTJÓRI

Veitingahúsið SAFFRAN leitar að matreiðslumanni eða grillara með reynslu í vaktstjórastöðu. Lágmarksaldur er 25 ára. Umsóknir sendist á haukur@saffran.is

SAFFRAN

Auglýsingasími 512 5401
FRÉTTABLAÐIÐ Allt sem þú þarft...



> **Robert De Niro**

„Það er ekkert eins kaldhæðnislegt og mótsagnakennt og lífið sjálft.“

***De Niro fer með aðalhlutverkið í tveimur bíómyndum sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld, Analize This sem sýnd er kl. 20.00 og Showtime kl. 22.00.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ STÍGUR HELGASON FANN GOTT GRÍN TIL AÐ ORNA SÉR VIÐ

# *Flækjufjölskylda af bestu sort*

Fyndið sjónvarpsefni verður ekki til á hverjum degi. Ekki einu sinni á hverju ári. Stundum þarf maður að orna sér við sömu gömlu gamanþáttaseríurnar árum saman áður en boðlegt, nýtt efni rekur á fjörur manns. Áratugum saman horfði fólk á Monty Python og hló og beið. Skammlíf snilld skaut upp kollinum af og til og hjálpaði mönnum yfir erfiðustu enduráhorfshjallana: Black Adder, Fawlty Towers og svo framvegis. Svo komu Simpsons.

Á áratugnum sem nú er að líða ber Arrested Development hæst og er sannkallaður grínbautasteinn nýrrar aldar. Nú þegar flestir hafa slitið þeim mynddiskum í marggang er fólk farið að lengja eftir einhverju nýju og fersku. Einhverju öðru en enn einum ungt-fólk-á-bar-að-tala-um-kynlíf-þættinum á borð við How I Met Your Mother. Og sjá: framleiðendur vestanhafs hafa svarað kalli okkar með því að færa okkur Modern Family.



Modern Family segir sögu dysfúnksjónal fjölskyldu í bandarísku úthverfi sem Valgerður Halldórsdóttir fjölskylduflækjufræðingur nyti eflaust að greina í þaula. Afinn er giftur rómanskri kynbombu og þolir ekki feitlaginn og kvenlegan son hennar úr fyrra hjónabandi. Sonur hans er hommi, á fljúgandi hýran kærasta og ættleitt barn frá Asíu, og dóttirin á þrjú misferið börn með myndarlegum manni sem stappar nærri Frank Hvam í vandræðalegum tilburðum við flestar aðstæður.

Allt er þetta hin besta skemmtun eins og gefur að skilja. Og ætti að duga mönnum vel í biðinni eftir næsta stórvirki gamanþáttasögunnar. Nú er bara að vona að bandaríska þjóðin kunni gott að meta svo Pritchett- og Dunphy-fjölskyldurnar hljóti ekki jafn snautlegan endi og Bluth-fjölskyldan gerði langt fyrir aldur fram snemma árs 2006.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **17.55** Barcelona – Tenerife, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10** Valur – Haukur, beint SJÓNVARPIÐ



▶ **21.05** Nýtt útlit SKJÁR EINN



▶ **21.45** Curb Your Enthusiasm STÖÐ 2



▶ **21.50** That Mitchell and Webb Look STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**14.45 Íslenski boltinn** (e)
**15.45 Alla leið** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Jimmy Tvískór** (3:13)
**17.52 Sammi** (5:52)
**18.00 Múmínálfarnir**
**18.25 Dýr í Afríku**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Íslandsmótið í handbolta** Bein útsending frá þriðja leik Vals og Hauka.
**20.55 Að duga eða drepast** (Make It or Break It) (2:10) Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur.
**21.40 Leiðin á HM** (11:16) Upphitunarþættir fyrir HM í fótbolta sem hefst í Suður-Afríku 11. júní.
**22.10 Tíufréttir**
**22.20 Veðurfréttir**
**22.25 Rannsókn málsins - Drepið kónginn** (Trial & Retribution XVI: Kill the King) (1:2) Bresk spennumynd frá 2008 í tveimur hlutum. Skurðlæknir, vinur Walkers lögreglufulltrúa, er myrtur og grunur fellur á föður stúlku sem lést í aðgerð hjá honum.
**23.15 Lögregluforinginn - Brottnámið** (The Commander: Abduction) (1:3) (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.35 Fréttir** (e)
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 My Date with Drew**
**10.00 Leonard Cohen: I'm Your Man**
**12.00 Blades of Glory**
**14.00 My Date with Drew**
**16.00 Leonard Cohen: I'm Your Man**
**18.00 Blades of Glory**
**20.00 Analyze This** Gamanmynd um mafíósa sem sækir meðferð hjá sálfræðingi. Aðalhlutverk: Billy Crystal og Robert De Niro.
**22.00 Showtime** Gamansöm spennumynd með Robert De Niro og Eddie Murphy í aðalhlutverki.
**00.00 Good Luck Chuck**
**02.00 Red Dust**
**04.00 Showtime**
**06.00 Grilled**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir og Bratz.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Einu sinni var** (10:22)
**10.55 Cold Case** (23:23)
**11.45 Numbers** (12:23)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Pursuit of Happyness**
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Ben 10, Risaeðlugarðurinn og Strumparnir.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (9:22) Lífið hjá Hómer og Marge Simpson gengur sinn vanagang en ekki líður sá dagur að þau eða börnin, Bart, Lísa og Maggí, rati ekki í vandræði.
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (22:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (10:20) Í þessari þriðju seríu fáum við að kynnast enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin.
**20.10 How I Met Your Mother** (11:24) Þáttur úr fjórðu seríu þessara vinsælu gamanþátta.
**20.35 Modern Family** (14:24) Gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þeirra liggja saman og þær lenda í drepfyndnum aðstæðum.
**21.00 Bones** (13:22) Fimmta serían þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance „Bones“ Brennan réttarmeinafræðingi.
▶**21.45 Curb Your Enthusiasm** (2:10) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjörnunum úr Seinfeld-þáttunum.
**22.15 Daily Show: Global Edition**
**22.40 Grey's Anatomy** (19:24)
**23.25 When the Last Sword Is Drawn**
**01.45 The Pursuit of Happyness**
**03.40 Bones** (13:22)
**04.25 Curb Your Enthusiasm** (2:10)
**04.55 Cold Case** (23:23)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**16.30 Bestu leikirnir: KR - ÍBV 29.08.99** Árið 1999 hélt KR upp á aldarafmæli félagsins og líkt og oft áður voru gerðar miklar væntingar til liðsins. KR barðist um titilinn við ÍBV en liðin mættust í 15. umferð á KR-vellinum þann 29. ágúst. KR hafði þá tveggja stiga forystu á Eyjamenn.
**17.00 Spænsku mörkin 2009-2010** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
▶**17.55 Barcelona - Tenerife** Bein útsending frá leik úr spænska boltanum.
**20.00 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**20.30 2009 PLAYERS Championship Official Film** Mynd þar sem fjallað er um The Players Championship mótið í golfi árið 2009. Spennan var mikil á mótinu en sjón er sögu ríkari.
**21.20 PGA Tour Highlights** Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.
**22.15 Road To The Finale** Sýnt frá Ultimate Fighter þar sem margir af bestu bardagamönnum heims mæta til leiks.
**23.00 Barcelona - Tenerife** Útsending frá leik úr spænska boltanum.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Blackburn - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**14.15 Portsmouth - Wolves** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**15.55 Birmingham - Burnley** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.35 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**18.05 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**19.00 Liverpool - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Sunderland - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 Fulham - West Ham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**00.00 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Spjallið með Sölva** (11:14) (e)
**19.00 Girlfriends** (14:22) (e)
**19.20 America's Funniest Home Videos** (39:50) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**19.45 King of Queens** (3:24) (e)
**20.10 Accidentally on Purpose** (15:18) Billie býður sjálfri sér á fagnað með gömlum skólafélögum Zacks en hefur áhyggjur af því að hún standist ekki samanburð við flotta fyrrverandi kærustu hans.
**20.35 Með önglinn í rassinum** (5:6) Ný íslensk þáttaröð þar sem tvíburabræðurnir Gunnar og Ásmundur Helgasynir keppa í laxveiði og ýmsu öðru sem viðkemur henni.
▶**21.05 Nýtt útlit** (10:11) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata. Í þætti kvöldsins er það leikkonan Elva Ósk Ólafsdóttir sem fær nýtt og ferskt útlit.
**21.55 The Good Wife** (17:23) Bandarísk þáttaröð um konu sem snýr aftur til starfa sem lögfræðingur eftir að eiginmaður hennar lendir í kynlífshneyksli og er dæmdur í fangelsi fyrir spillingu í opinberu starfi.
**22.45 Heroes** (5:19) .
**23.30 Jay Leno** Aðalgestur Jay Leno í kvöld er Mickey Rourke.
**00.15 CSI** (10:23) (e)
**01.05 Battlestar Galactica** (18:22)
**01.45 The Good Wife** (17:23) (e)
**02.35 King of Queens** (3:24) (e)
**02.55 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, er gestur Ingva Hrafns.
**21.00 Græðlingur** Guðríður Helgadóttir sýnir réttu handbrögðin við garðyrkjustörfin.
**21.30 Mannamál** Sigmundur Ernir Rúnarsson alþingismaður fer yfir helstu málefni þjóðfélagsins.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.00

### Bones



Fimmta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance „Bones“ Brennan, réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Í þættinum í kvöld rannsaka Bones og Brennan mál þegar líkamsleifar tannlæknis finnast í skurði.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Með öngulinn í rassinum

### Skjár einn kl. 20.35



Ný, íslensk þáttaröð þar sem tvíburabræðurnir Gunnar og Ásmundur Helgasynir keppa í laxveiði og ýmsu tengdu því. Í þættinum í kvöld verður Vatnsdalurinn heimsóttur á ný. Til að létta á spennunni leita bræðurnir til spákonu sem spáir fyrir um sigurinn. Þeir læra að flaka laxa og Þorsteinn J. tekur þátt í kastkeppninni.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Söngfuglar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Flakk
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Borg
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Að fanga sumarið
**21.20** Tríó
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.20** Fimm fjórðu
**23.10** Sumar raddir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**20.15 Ally McBeal** (5:22) Mamma Jenny, sem er gift 22 ára gömlum manni, ákærir fyrrverandi atvinnuveitendur sína fyrir kynferðislega áreitni. Enginn annar en poppgoðið Elton John kemur fram í þættinum og tekur lagið.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**▶21.50 That Mitchell and Webb Look** (2:6) Skemmtilegur grínþáttur uppfullur af frábærum atriðum með þeim félögum David Mitchell og Robert Webb. Þeir slógu í gegn í Peep Show og í þessum þætti fara þeir á kostum og bregða sér í alla kvikinda líki.

**22.20 American Idol** (34:43) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins sex bestu söngvararnir eru eftir. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar af sér til þess að vinna hylli og atkvæði almennings.

**23.05 American Idol** (35:43) Nú kemur í ljós hvaða fimm keppendur halda áfram í American Idol og eiga áfram von um að verða næsta söngstjarna Bandaríkjanna.

**23.50 Supernatural** (9:16) Yfirnáttúrulegir spennuþættir um bræðurna Sam og Dean sem halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.

**00.30 The Doctors**

**01.15 Ally McBeal** (5:22)

**02.00 Sjáðu**

**02.30 Fréttir Stöðvar 2**

**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** Monarch of the Glen **12.50** My Hero **13.20** The Green Green Grass **13.50** The Green Green Grass **14.25** My Hero **14.55** My Hero **15.25** New Tricks **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** The Green Green Grass **18.00** After You've Gone **18.30** Waterloo Road **19.20** Ashes to Ashes **20.10** After You've Gone **20.40** Strictly Come Dancing **22.10** Doctor Who **22.55** After You've Gone **23.25** Waterloo Road

## DR 1

**12.00** Søren Ryge præsenterer **12.30** Sager der nager **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Family Guy **14.30** Splint & Co **14.55** Minisekterne **15.00** Magnus og Myggen **15.15** Benjamin Bjørn **15.30** Lille Nord **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Hammerslag på Mallorca **18.30** Spise med Price **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Talismanen **20.45** Kodenavn Hunter II **21.45** Dødens detektiver **22.05** Boogie Mix

## NRK 1

**12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Bondeknolen **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Ut i naturen **18.15** Lisa goes to Hollywood **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Brennpunkt **20.30** Safari **21.00** Kveldsnytt **21.15** Monty Pythons verden **22.05** Fem dager **23.05** Hitlåtens historie **23.35** Svisj gull

## SVT 1

**12.30** Vårat gäng **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Landgång **15.25** Mitt i naturen **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.15** Go'kväll **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Inför Eurovision Song Contest 2010 **19.00** Nära djuren **19.30** Kvartersdoktorn **20.00** Dox. Den osynliga cellen **21.40** Kommissarie Winter **22.40** Bubblan **23.10** Det kungliga bröllopet




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2 2 BÍÓ 2 BÍÓ 2 EXTRA 2 EXTRA AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 515 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég er oftast með útvarpið í gangi og hlusta þá á Bylgjuna. Svo set ég stundum disk í og hlusta þá á Celine Dion. Undanfarið ár hef ég líka hlustað mikið á Coldplay, enda eru þeir bestir.“*

Sigríður Sigurðardóttir glerhandverkskona.

# PopUp ferðast til Akureyrar

„Fólk úti á landi var farið að sækjast eftir því að fá markaðinn í sitt bæjarfélag og við ákváðum að slá til. Fyrsti markaðurinn verður haldinn á Akureyri núna um helgina og svo höfum við einnig ákveðið að taka þátt í listahátíðinni LungA sem fram fer á Seyðisfirði í sumar,“ segir Þórey Björk Halldórsdóttir, einn aðstandenda PopUp-markaðarins, en hann verður haldinn í fyrsta sinn á Akureyri nú um helgina. „Planið er að halda þessu áfram og fara á fleiri staði í sumar og þá verður markaðurinn hugsanlega tvisvar í mánuði, einu sinni í Reykjavík og einu sinni úti á landi. Við höfum verið að reyna að fá hönnuði sem búsettir eru annars staðar á landinu til að koma og taka þátt í þessu með okkur.“

PopUp Verzlunin er milliliðalaus verslun þar sem hönnuðir selja vörur sínar beint til neytenda. Markaðurinn var haldinn í fyrsta sinn í ágúst í fyrra og hefur vaxið og dafnað síðan þá. „Það er auðvitað mjög gleðilegt hvað markaðurinn hefur blómstrað. Við höfum reynt að hafa það fyrir reglu að fá að minnsta kosti einn nýjan hönnuð með á hvern markað,“ segir Þórey Björk.

Aðspurð segir hún engan norðlenskan hönnuð hafa boðað þátttöku sína um helgina en tekur fram að enn sé laust pláss. Meðal þeirra hönnuða sem taka þátt eru Sonja Bent, Anna Soffía, Eygló Lárusdóttir og Varius.

Markaðurinn verður haldinn í Hafnarstræti 99 og hefst hann klukkan 13.00 og stendur til 18.00 laugardag og sunnudag. **- sm**



**POPUP** Þórey Björk Halldórsdóttir, lengst til vinstri, ásamt Guðbjörgu Jakobsdóttur og Björgu Guðmundsdóttur, en þær stóðu að stofnun markaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT**
**2.** dóms, **6.** tónlistarmaður, **8.** að, **9.** árkvíslir, **11.** á fæti, **12.** vörubyrgðir, **14.** kál, **16.** hæð, **17.** hyggja, **18.** lyftist, **20.** hreyfing, **21.** ljómandi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ílát, **3.** bardagi, **4.** víbrator, **5.** slagbrandur, **7.** sígild list, **10.** temja, **13.** hnoðað, **15.** stútur, **16.** tímabils, **19.** sjó.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** mats, **6.** kk, **8.** til, **9.** ála, **11.** tá, **12.** lager, **14.** salat, **16.** ás, **17.** trú, **18.** rís, **20.** ið, **21.** skær.
**LÓÐRÉTT: 1.** skál, **3.** at, **4.** titrari, **5.** slá, **7.** klassík, **10.** aga, **13.** elt, **15.** túða, **16.** árs, **19.** sæ.

## SPURNING DAGSINS

Svör við spurningum á síðu 8.

1. John Higgins.
2. Deepwater Horizon.
3. Í borginni Sjanghaí í Kína.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

RAGNA LÓA STEFÁNSDÓTTIR: HASLAR SÉR VÖLL Í SJÓNVARPI

# Boðið að taka þátt í breskum raunveruleikaþætti

Rögnu Lóu Stefánsdóttur hefur verið boðið að taka þátt í breskum raunveruleikaþætti þar sem fylgst er með lífi venjulegs fjölskyldufólks. Í samtali við Fréttablaðið segist hún ekki hafa hugmynd um hvað hún eigi að gera; hvort hún eigi að taka þessu boði og hleypa þar með sjónvarpsmönnum inn í líf sitt og fjölskyldu sinnar. „Ég er eiginlega í hálfgerðu sjokki,“ segir Ragna Lóa sem um árabil var ein fremsta knattspyrnukona þjóðarinnar en býr nú í Portsmouth ásamt eiginmanni sínum, Hermanni Hreiðarssyni, leikmanni Portsmouth og fyrirliða íslenska landsliðsins.

Ragna vill sem minnst um raunveruleikaþættina segja að svo komnu máli enda sé ekkert frágengið með þátttöku hennar. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er um að ræða gríðarlega stóra framleiðslu og miðað við það álit sem Bretar hafa á Íslandi í kjölfar Iceasave-deilunnar og öskunnar frá Eyjafjallajökli væri þetta kærkomið tækifæri fyrir Rögnu að lagfæra aðeins ímynd þjóðarinnar. „Ég sagði reyndar við Hermann á sínum tíma að þegar ferillinn hans væri búinn myndi ég taka við, hver veit nema það sé að rætast,“ segir Ragna Lóa og hlær. Hún hefur reyndar þurft að þola hálf farlama Hermann sem sleit hásinina í leik gegn Tottenham fyrir nokkru. Tímabil Portsmouth í heild hefur ekki verið neinn dans á rósum því félagið féll úr ensku úrvalsdeildinni, fjárhagsvandræði þess hafa verið í stöðugu kastljósi fjölmiðlanna og svona mætti lengi telja. „Við erum samt eins og ein stór fjölskylda, þetta hefur þjappað öllum saman. Þetta er eins og að vera á stóru ættarmóti, það leggjast allir á eitt,“ segir Ragna sem mun að sjálfsögðu fylgja liðinu á Wembley þegar það etur kappi gegn milljarðaliði Chelsea í úrslitum enska bikarsins.



**EFTIRSÓTT** Rögnu Lóu Stefánsdóttur hefur verið boðið að taka þátt í breskum raunveruleikaþætti. Hún mun auk þess kryfja leiki HM í knattspyrnu til mergjar á Stöð 2 Sport 2. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ragna mun hins vegar þreyta frumraun sína í sjónvarpi þegar hún stýrir HM 4-4-2 á Stöð 2 Sport 2, óháð því hvort hún tekur þátt í bresku raunveruleikasjónvarpsseríunni. Í þáttunum verða leikir heimsmeistaramótsins í knattspyrnu, sem fram fer í Suður-Afríku, krufnir til mergjar en með henni í þættinum verður Logi Bergmann Eiðsson. „Þetta eru auðvitað forréttindi, að fá vinnu við áhugamálið sitt. Fótbolti er lífið mitt og þetta er bara happdrættisvinningur fyrir manneskju eins og mig,“ segir Ragna og viðurkennir að hjartað slái með enskum á HM í sumar. „Margir af leikmönnum liðsins eru persónulegir vinir manns og að horfa á enska landsliðið er bara eins og að horfa á félagsliðið sitt. Við erum bæði alveg rosalega spennt fyrir HM í sumar.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Grínistinn **Steindi Jr.** fagnaði frumsýningu nýs sjónvarpsþáttar síns á Stöð 2 með veislu í Gyllta sal Hótels Borgar á föstudagskvöld. Ætlunin var að sýna þáttinn á breiðtjaldi en þegar til kom virkaði afruglarinn á staðnum ekki. Þá brá Ágúst Bent, einn framleiðenda þáttanna, á það ráð að skjótast eftir eintaki á DVD. Þegar til kom virkaði DVD-spilarinn á staðnum ekki. Afruglarinn var svo enn bilaður þegar átti að horfa á Steindann okkar á Stöð 2 plús. Að endingu var hægt að sýna gestum þáttinn góða í gegnum tölvu.



Gestir í partíi Steinda létu þetta ekki mikið á sig fá enda var vel veitt svo biðin var þeim ekki beint óbærileg. Meðal gesta voru Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi, rapparinn Diddi Fel, Erpur Eyvindarson, **Jóhanna Guðrún Jónsdóttir** söngkona, Vala Grand, Steinþór Helgi, umboðsmaður Hjaltalín, Frosti Logason útvarpsmaður og Bragi Valdimar í Baggalúti.



Sjúklegur fatamarkaður fór fram í húsnæði Eskimo við Skúlatún á laugardag og voru það systurnar Bára, **Hrafnhildur** og Sigrún Hólmgeirsdætur ásamt Andreu Brabin og Örnu Borgþórsdóttur sem stóðu fyrir markaðinum. Fullt var út úr dyrum um leið og markaðurinn hófst, enda hafa ófáir væntanlega gert sér vonir um að komast í feitt, og þurftu stúlkurnar að bregða á það ráð stuttu eftir opnun að læsa hurðinni og hleypa inn í hollum. Mikil og löng röð myndaðist þá fyrir utan húsið þar sem kaupglaðar konur biðu fullar eftirvæntingar eftir því að komast inn og versla.

**- hdm, sm**

# Sigurjón að landa stórlaxinum Nicolas Cage

„Við erum að klára viðræðurnar og vonandi náum við að landa samningnum innan skamms,“ segir kvikmyndaframleiðandinn Sigurjón Sighvatsson sem vinnur að því að semja við stórleikarann Nicolas Cage fyrir væntanlega kvikmynd sem hann framleiðir. Myndin heitir Dark Highway og gerist á þjóðvegi frá sólarupprás til sólarlags.

„Hún fjallar um mann sem þarf að ná fundi og er að keyra úti á þjóðvegi. Fljótlega tekur hann eftir því að honum er veitt eftirför og sá aðili er ekki með neitt gott í huga,“ útskýrir Sigurjón en leikstjóri myndarinnar verður að öllum líkindum Bruce McDonald. Christopher Kyle skrifar handritið en Kyle og Sigurjón unnu saman að gerð K19 fyrir allmörgum árum.

Þetta er heldur ekki í fyrsta skipti sem leiðir Sigurjóns og Cage liggja saman.

Cage lék aðalhlutverkið í hinni margrómuðu Wild at Heart eftir David Lynch, sem Sigurjón framleiddi og skaut leikaranum upp á stjörnuhimininn. Cage var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir kvikmyndirnar Adaptation og Leaving Las Vegas og hlaut þau fyrir síðastnefndu myndina.

Cage er ekki eina stórstjarnan sem Sigurjón er að landa um þessar mundir því í bígerð er önnur kvikmynd úr hans smiðju, The Killer Elite, með þeim Clive Owen og Jason Statham. **-fgg**

**SAMAN Á NÝ** Nicolas Cage skaust upp á stjörnuhimin Hollywood með frammistöðu sinni í Wild at Heart sem Sigurjón Sighvatsson framleiddi.



Pallmann®
Parketlakk




Ný vara á góðu verði
ÁLFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755


„Frammistaða leikaranna er óborganleg“
– SH Mbl.
★★★★ „Leikstjórnarsigur“
– SÁ Fréttablaðið
„Án efa í baráttusætinu um besta gamanleikrit ársins...“
– SÁ Fréttablaðið
39 þrep
John Buchan og
Alfred Hitchcock
Leikgerð Patrick Barlow byggð á
hugmynd Simon Corble
& Nobby Dimon
Í samvinnu við Edward Snape & Fiery Angel Limited
Sýnt í
Íslensku óperunni
Sýningar:
fös. 7. maí kl. 20.00
lau. 8. maí kl. 20.00
sun. 9. maí kl. 20.00
Viðskiptavinir VÍS
fá 1.000 kr. afslátt af miðaverði
Almennt miðaverð er 3.200 krónur
TOP SECRET
Sett upp í samstarfi við:
VÍS
Miðasala í síma 511-4200 eða á www.opera.is
LEIKFÉLAG
AKUREYRAR

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

RÓMEÓ OG JÚLÍA
Vesturport
Takmarkaður sýningafjöldi
Miðasala er hafin!
Borgarleikhúsið

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Góð hugmynd

„Internetið er ekki tengt," stóð skrifað stórum stöfum á enska tungu á sýningartjaldinu þar sem upp átti að spretta ný heimasíða Hugmyndahúss háskólanna eftir innslátt **Katrínar Júlíusdóttur** iðnaðarráðherra í gærmorgun. Spurning hvort það sé yfirhöfuð góð hugmynd að opna heimasíður með þessum hætti, eða hvort fremur ætti að fagna síðum sem þegar hafa verið opnaðar. Fundargestir tóku hnökrum við opnun heimasíðunnar þó létt, enda trúir því margur að fall sé fararheill.



### Misjafnt gengi

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær fékk Dagur Kári og kvikmynd hans, The Good Heart, ágætis dóma í Los Angeles Times. Ekki eru þó allir sáttir við myndina og gagnrýnandi New York Times er ekki par hrifinn, segir hinn ágæta leikara Brian Cox ekki ná að bjarga því sem bjargað verður. New York Post er heldur ekki jákvætt í garð myndarinnar og samkvæmt rottentomatoes.com, sem tekur saman gagnrýni um kvikmyndir, fær The Good Heart ekki nema 33 prósent af hundrað mögulegum. Imdb.com gefur myndinni hins vegar 7,4 af 10.

### Gott aðgengi

Hins vegar virðast bandarískir fjölmiðlar áhugasamir um samstarf hins íslenska Dags Kára og Pauls Dano. Ítarleg viðtöl hafa birst við þá báða á bandarískum vefsíðum og nægir þar að nefna Wall Street Journal þar sem Dagur og Dano eru í aðalhlutverki og svo The New York Magazine en þar er rætt ítarlega við **Brian Cox**, hinn aðalleikara myndarinnar, um kvikmyndaiðnaðinn í heild sinni. - fgg



## Mest lesið VISIR.IS

1. Starfsmaður Dominos dæmdur sekur
2. Flutt á slysadeild eftir mótorhjólaslys
3. Deila um arf til Barnaspítalans
4. Geðraskanir helsta orsök örorku
5. Mælt með sprautu fyrir ferðalög til Tadsjikistan

Vesturport
RÓMEÓ OG JÚLÍA
Tryggðu þér miða á eina af rómuðustu sýningum Vesturports
Takmarkaður sýningafjöldi
Miðasala er hafin!
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

SÓL | BORGIR | ÆVINTÝRI | SKÍÐI | GOLF | ÍÞRÓTTIR




PORTÚGAL
VERÐ FRÁ: 7 nætur
91.900 kr.*
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi á Aparthotel Oceanus – Olhos D´ Aqua.
Brottför: 10. júní.



TENERIFE
VERÐ FRÁ: 7 nætur
129.900 kr.*
á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíóíbúð á Tropical Playa. Hálft fæði innifalið.
Brottför: 30. maí.



Áratuga reynsla Úrvals-Útsýnar og þaulreyndir fararstjórar tryggja farþegum okkar gott frí á frábæru verði. Gæða gististaðir í ýmsum verðflokkum, áhugaverðar skoðunarferðir í fallegri náttúru, menningar- og sögustaði að ekki sé talað um frábæra golfvelli. Óskafrí þar sem hægt er að hlaða batteríin í rólegheitum og koma heim með orku sem endist fram á vetur.

ÚRVAL·ÚTSÝN

MEIRA Á
urvalutsyn.is

ÚRVAL ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ SÍMI 585 4000

MasterCard VISA

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu.